

Bryndís Zoëga

Fornleifaskráning Skagabyggðar

Hallárdalur



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2013/143

Forsíðumynd: Varða í landi Þverár í Hallárdal



© Bryndís Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2013/143

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	1
INNANGUR	2
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	3
AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU	4
VAKURSSTAÐIR-SÖGUÁGRIP	6
FORNLEIFASKRÁNING	7
SÆUNNARSTAÐIR-SÖGUÁGRIP	22
FORNLEIFASKRÁNING	24
BERGSSTAÐIR-SÖGUÁGRIP	52
FORNLEIFASKRÁNING	54
ÞVERÁ-SÖGUÁGRIP	77
FORNLEIFASKRÁNING	79
BLÁLAND-SÖGUÁGRIP	105
FORNLEIFASKRÁNING	106
SAMANTEKT	119
HEIMILDASKRÁ	124

Inngangur

Sumarið 2012 lauk síðasta áfanga vettvangsskráningar fornleifa í Skagabyggð vegna aðalskipulags. Skráningin var unnin af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir sveitarfélagið. Skráðar voru jarðir í Hallárdal; Vakursstaðir, Sæunnarstaðir, Bergsstaðir, Þverá og Bláland.

Um var að ræða heildarskráningu jarðanna þar sem fornleifar sem tengjast hverri jörð og nýtingu hennar voru mældar upp og þeim lýst; minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarhúsa, selja og hjáleigna ef einhverjar eru. Á þann hátt skapast yfirsýn yfir minjar sem heyrt hafa saman í tíma og rúmi þótt alltaf megi búast við því að töluverður fjöldi minja sé horfinn af náttúru- eða mannavöldum.

Heimilda- og vettvangsvinna auk skýrsluskrifa var í höndum Bryndísar Zoëga landfræðings.

Landeigendur fá þakkir fyrir aðstoð og leyfi til fornleifaskráningar. Sérstakar þakkir fær heimildamaður Magnús Bergmann Guðmannsson bóndi Vindhæli.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt. Fornleifaskráningu er þó í raun aldrei lokið og staðir geta bæst við síðar sem einhverra hluta vegna hafa farið framhjá skrásetjurum við vettvangsskoðun. Þeim minjum þarf þá að bæta inn á fornleifaskrána. Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga.

Um tilgang Menningarminjalaga segir í 1. gr. laga nr. 80 frá 29. júní 2012:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.“

3. gr.

Fornminjar.

Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. [...]

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

6. gr.

Rannsóknir á fornleifum.

Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands (Heimasíða Alþingis. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>).

Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær gamla íbúðarhúsið á Þverá númerið 1 (auðkennt Þverá - 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Minjastofnunar en stofnunin hefur yfirumsjón með minjavörslu á landinu. Til dæmis er kennitala fyrir Þverá - 1, 14356.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hífýli manna, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túna eða í nágrenni þeirra séu í einhverri hættu af völdum framkvæmda en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða þykir til að ætla að þær verði fyrir hnjaski. Hættumat kann að breytast síðar vegna framkvæmda eða annarra ástæðna sem ófyrirséðar voru þegar minjarnar voru skráðar. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður útfrá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur. Gróðurfar er oft betri vísbending, þar sem minjar geta verið grænni og gróskumeiri en umhverfið í allt að tvö til þrjú hundruð ár, en fara eftir það að samlagast umhverfinu betur. Það verður því að taka þessum áætlaða aldri með fyrirvara.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna var mælt upp með gps tækjum eða punktur tekinn eftir atvikum. Þessar teikningar, punktar og línur voru færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í eigu Sveitarfélagsins Skagabyggðar. Upplýsingarnar voru

skráðar í gagnagrunn og uppmælingum skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Minjastofnunar Íslands. Minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir hvar hafi staðið, s.s. byggingar sem mældar voru upp á túnakortum á fyrrihluta 20. aldar, eða minjar sem heimildamenn töldu sig geta staðsett með öryggi, voru sömuleiðis hnitsettar en þar má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Vakursstaðir-söguágrip

Vakursstaðir koma fyrst fyrir í Auðunarmáldaga frá 1318 þar sem segir að jörðin greiði tíund til Spákonufellskirkju og þar eigi heimilismenn leg í kirkjugarði.¹ Vakursstaðir koma aftur fyrir í Testamentisbréfi frá 1431.² Jörðin er komin í eigu Þingeyrarklausturs 1525.³

Bænhús var á Vakursstöðum og er þess fyrst getið kirknatali frá árinu 1461 þar sem segir að bænhús sé niðri.⁴

Árið 1703 bjuggu fimm manns á Vakursstöðum en þegar flest var til heimilis 1890 voru þar 13 og var stundum tvíbýlt.⁵ Vakursstaðir fóru í eyði 1936 og voru síðustu ábúendur Frímenn Lárusson og Þóra Frímansdóttir.⁶

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki (hndr)	Landskuld (hndr)	Kúgildi
Vakursstaðir	1686 ⁷	Þingeyraklaustur ⁸	13,8	0,8	5
Vakursstaðir	1696 ⁹	Þingeyraklaustur	12	0,8	5
Vakursstaðir	1708 ¹⁰	Þingeyraklaustur	16	0,6	3
Vakursstaðir	1847 ¹¹	Þingeyraklaustur	12	0,4	3
Vakursstaðir	1861 ¹²	-	5,4	-	-

Í jarðabók frá 1708 segir: „Túninu grandar lækur, sem ber grjót og sand á völinn til stórkaða. Engjar litlar og valla teljandi.“¹³

Lýsing á ábúð og ástandi Þingeyraklausturs umboðsjarða sumarið 1881: „Ábúandi Kristmundur Þorbergsson. Byggingarbréf frá 1861 áskilur engar sérstakar jarðabætur en þó hefir þessi ábúandi sléttað í túni töluvert, sem og hirt það að öðru¹⁴ leyti ágætlega. Hús jarðarinnar eru í góðu ásigkomulagi og vel umgengin eins og öll ábúð á jörð þessari er mjög hirðu- og þrifaleg.“¹⁵

¹ Íslenskt Fornbréfasafn II, 470.

² Íslenskt Fornbréfasafn IV, 483.

³ Íslenskt Fornbréfasafn IX, 314.

⁴ Íslenskt Fornbréfasafn V, 354.

⁵ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is/>. Skoðaður þann 18. janúar 2012.

⁶ Húnaþing III, 284.

⁷ Björn Lárusson, 241.

⁸ Úttektir Þingeyrarklausturs fyrir Vakursstaði eru til frá árunum 1776 nr., 7; 1784 nr., 2; 1808 nr. 3; 1834 nr. 115; 1843 nr. 13; 1844, nr. 24; 1846 nr. 28; 1847, nr. 33; 1851, 36; 1858, 51. 1861 ónúmerað.

⁹ Björn Lárusson, 241.

¹⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 448-49.

¹¹ Jarðatal á Íslandi, 245.


¹² Ný jarðabók, 90.

¹³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 449.

¹⁴ Í upphaflegu handriði ritað „örðru.“

¹⁵ ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Vakursstaðir nr. 52.

Fornleifaskráning



Vakursstaðir-1

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Hættumat: Minjunum stafar hættu af landbroti vegna bæjarlækjar sem brýtur af tóftunum að vestan. Vegurinn fram Hallárdal liggur þétt upp við tóftina og þarf að taka tillit til þess við vegabætur sem þar kunna að vera gerðar.

Staðhættir

Bæjartóftin stendur á austur-

bakka bæjarlækjarins sem hefur brotið nokkuð af henni. Vegurinn sem liggur fram Hallárdal sker túnið sunnan við miðju þess og liggur hann samsíða bæjartóftinni, þétt norðan hennar.

Lýsing

Tóftin snýr norðaustur/suðvestur og er 17x35m að utanmáli. Hún er grasi gróin en í sumum veggjanna sér í grjóthleðslur. Húsin eru misgreinileg, sjást þó flest vel en dyr sjást ekki á þeim öllum. Framdyr hafa að líkindum snúið mót suðaustri og virðast göng hafa legið innaf þeim. Veggir eru allt að 130sm háir og um 3m á breidd. Tóftin er verst farin til norðvesturs þar sem að brotnar af tóftinni í bæjarlækjargilið.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti frá 1920 er bær og fjós vestast í túni. Í fasteignamati frá 1916-18 er eftirfarandi lýsing: „Bæjarhús og peningshús lítil og mjög óstæðileg torfhús. Peningshúsin rúma: 2 kýr, 50-60 sauðfjár og 4 hross.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Vakursstaðir nr. 270. <http://jarðavefur.skjalasafn.is/>. Skoðaður þann 21.11.12.).

Vakursstaðir-2

Hlutverk: Fjós

Tegund: Tóft

Hættumat: Minjunum stafar hættu af landbroti vegna bæjarlækjar sem brýtur af tóftunum að vestan.

Staðhættir

Bæjartóftin stendur á austurbakka bæjarlækjarins, fjós var áfast bænum en óvíst er hvar fjósið stóð í bæjarþyrpingunni.

Lýsing

Tóftin snýr norðaustur/suðvestur og er 17x35m að utanmáli. Hún er grasi gróin en í sumum veggjanna sér í grjóthleðslur. Húsin eru misgreinileg en sjást flest vel en ekki er alltaf hægt að greina hvert dyr sneru. Framdyr hafa að líkindum snúið mót suðaustri og virðast göng hafa legið innaf þeim. Veggir eru allt að 130sm háir og um 3m á breidd. Tóftin er verst farin til norðvesturs þar sem að brotnar af tóftinni í bæjarlækjargilið. Þar sem er óvíst hvar fjósið var í tóftaþyrpingunni nákvæmlega má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju á hnitum.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti frá 1920 er bær og fjós vestast í túni. Í fasteignamati frá 1916-18 er eftirfarandi lýsing: „Bæjarhús og peningshús lítil og mjög óstæðileg torfhús.” (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Vakursstaðir nr. 270. <http://jardavefur.skjalasafn.is/>. Skoðaður þann 21.11.12.). Í úttekt frá 1858 segir: „NB Ranghali liggur úr eldhúsi til fjóstóftar með yfirrefting og er höfð hliðsjón til hans við álag eldhússins. [...] Fjós yfir tvær kýr, nú komið í stað nr. 4 kofans eftir úttekt 1851.“ (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Vakursstaðir nr. 51, 1858). Því er ljóst að fjósið hefur verið byggt á árunum 1858-58 en ekki er getið um fjós í úttektum fyrir þann tíma.

Vakursstaðir-3

Hlutverk: Óþekkt, fjárhús, hesthús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Beint framan við bæjartóftina (nr. 1) er tóft sem ekki er áföst bæjartóftinni.

Lýsing

Tóftin er um 12x12m að utanmáli og er útbrún hennar nokkuð greinileg en innveggir ekki. Þó má greina tvö hól 4x9m að utanmáli en að öðru leyti sjást aðeins þúfur og smá veggjalög. Veggir eru grasi grónir en sér í grjóthleðslur, þeir eru þýfðir, á köflum horfnir, um 40sm háir. Eyðibýli í Hallárdal eru merkt með skilti og stendur skilti merkt Vakursstöðum í horni tóftarinnar.

Aðrar upplýsingar

Í úttektum Þingeyraklausturs frá 1858 og 1861 segir annars vegar að hesthús sé fram af fjárhúsinu og hinsvegar vestan við fjárhúsin (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1. Vakursstaðir 1858, 51. 1861 ónúmerað).

Vakursstaðir-4

Hlutverk: Öskuhaugur

Tegund: Hóll

Hættumat

Hóllinn er í hættu vegna nálægðar við bæjarlæk en þegar brýtur úr brúnum bæjarlækjargilsins.

Staðhættir

Á vesturbakka bæjarlækjarins er hóll að líkindum öskuhóll bæjarins.

Lýsing

Hann er um 1,5m á hæð og grasi gróinn.

Vakursstaðir-5

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Innan við 20m austan við bæjartóftina (nr. 1.) er fjárhústóft. Hún liggur beint suður af veginum sem liggur fram Hallárdal.

Lýsing

Tóftin er 16x18m að utanmáli, vestast hefur verið fjárhús með garða og hafa dyr á því snúið til vesturs, hlaða eða heytóft hefur verið til norðurs. Ekki er hægt að greina garða í húsunum austan við og þar eru aðeins einar dyr greinanlegar sem snúið hafa til suðurs. Veggir eru grasi grónir en sér í grjóthleðslur. Þeir eru 20-60sm háir og 2m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti frá 1920 er fjárhús austan við bæ. Í fasteignamati frá 1916-18 er eftirfarandi lýsing: „Bæjarhús og peningshús lítil og mjög óstæðileg torfhús. Peningshúsin rúma: 2 kýr, 50-60 sauðfjár og 4 hross.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Vakursstaðir nr. 270. <http://jarðavefur.skjalasafn.is/>. Skoðaður þann 21.11.12.). Í elstu úttekt Þingeyrarklausturs frá 1776 segir að fjárhús rúmi 12 sauði en í öllum síðari úttektum segir 24-25 fjár og að fjárhúsið sé „Fjárhús út undan bæ á túninu.“ (Úttektir Þingeyrarklausturs fyrir Vakurstaði eru til frá árunum 1776 nr., ; 1784 nr., 2; 1808 nr. 3; 1834 nr. 115; 1843 nr. 13; 1844, nr. 24; 1846 nr. 28; 1847, nr. 33; 1851, 36; 1858, 51. 1861 ónúmerað.) Sú staðsetning passar ágætlega við tóft nr. 5 en mögulega getur líka verið um tóft nr. 3 að ræða þó það sé heldur ólíklegra.

Vakursstaðir-6

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 liggur hreimreiðin ofan (norðan) bæjarins (nr. 1) og fjárhúsanna (nr. 5).

Lýsing

Þegar túnakortið er lagt ofan á hnitsetta loftmynd sést að heimreiðin hefur legið þar sem akvegurinn fram Hallárdal liggur í dag. Hún er því horfin undir veg.

Vakursstaðir-7

Hlutverk: Óþekkt, hesthús?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í túni, tæplega 10m suður af fjárhústóft nr. 5 og rúmlega 30m suðaustur af bæjartóftinni (nr. 1) er tóft.

Lýsing

Tóftin er 4x6m að utanmáli og snýr ANA/VSV og hafa dyr snúið mót vestri. Tóftin virðist gömul, veggir eru jarðsokknir, þýfðir og algrónir grasi. Þeir eru 1m á breidd og allt að 30sm á hæð en nánast horfnir til norðurs.

Aðrar upplýsingar

Í úttektum Þingeyrarklausturs frá 1858 og 1861 segir annars vegar að hesthús sé fram af fjárhúsinu og hinsvegar vestan við fjárhúsin (ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyrarklausturs-umboð VI/1. Vakursstaðir 1858, 51. 1861 ónúmerað).

Vakursstaðir-8

Sérheiti: Álagabrekka

Hlutverk: Álagablettur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Álagabrekka, hana mátti ekki slá [aðeins nýta til beitar].“ (Ö-Vakursstaðir-1; 1).

Lýsing

Suður og suðvestur af túninu eru grasi grónar brekkur sem samkvæmt örnefnaskrá nefnast Álagabrekkur. Punktur var tekinn samkvæmt lýsingu í örnefnaskrá.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Þorsteinn Guðlaugsson missti góðhest, Stefán Jónsson snemmbæra kú. Báðum varð tjónið tilfinnanlegt. Hvort tveggja slys.“ (Ö-Vakursstaðir-1; 1).

Vakursstaðir-9

Hlutverk: Túngarður


Tegund: Garðlag

Staðhættir

Túngarður liggur utan um túnið að austan, norðan og að hluta að vestan. Vegurinn sem liggur fram hallárdal sker túngarðinn á austurhlið hans.

Lýsing

Garðurinn er tæplega 350m langur, allt að 1m á hæð og 2m á breidd. Hann er að mestu gróinn en sums staðar sér í grjóthleðslur. Annað garðlag, líklega einnig túngarður, liggur vestan við túnið en virðist eldra.



Vakursstaðir-10

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í suðausturhorni túnsins, við suðurenda túngarðsins og rúmlega 110m suðaustur frá bæjartóftinni (nr. 1) er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr NNV/SSA, 4x7m að utanmáli. Veggir eru grasi grónir, um 30sm háir að utan en aðeins um 10sm að innan. Hún virðist tvískipt og gætu dyr

hafa verið á báðum skammhliðum. Við norðvesturhorn tóftarinnar er um 20sm djúp dæld 2x4m að utanmáli.

Vakursstaðir-11

Hlutverk: Óþekkt, Stekkur?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Samhliða túngarðinum austan við túnið, að utanverðu, er tóft. Hún er um 110m suðaustur af bæjartóftinni (nr. 1).

Lýsing

Tóftin er tvískipt, 5x12m að utanmáli og snýr norðaustur/suðvestur. Veggir eru hrundir og hluti af suðausturvegg er nánast horfinn og er aðeins um 5sm hár. Veggir eru nánast algrónir en sér í grjót á nokkrum stöðum. Þeir eru 10-100sm háir og um 1m á breidd.

Vakursstaðir-12

Hlutverk: Óþekkt, kvíar?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Samhliða túngarðinum austan við túnið, að utanverðu, er tóft. Hún er um 115m ASA af bæjartóftinni (nr. 1).

Lýsing

Tóftin snýr nokkurn veginn norður/suður, 5x15m að utanmáli. Hún gæti verið eitt aflangt hólfi eða skipt í 2-3 hólfi en erfitt er að átta sig á innveggjum vegna þess hve þeir eru hrundir. Veggir eru grónir, 20-60sm háir og um 1m á breidd. Hlið eða dyr virðast hafa verið á miðjum austur langvegg og annað við suðvesturhorn tóftar.

Vakursstaðir-13

Hlutverk: Óþekkt, rétt?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Utan við túngarðinn austanverðan er tóft, um 110m austur af bæjartóftinni (nr. 1).

Lýsing

Tóftin er 5x6m að utanmáli og hefur hlið verið á henni við suðausturhorn tóftarinnar og snúið til austurs. Veggir eru algrónir og smá þýfðir, þeir eru 30-100sm háir, hæstir við túngarðinn sem er vesturveggur tóftar.


Vakursstaðir-14

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Utan við túngarðinn austanverðan er tóft, rúmlega 90m austur af bæjartóftinni er tóft.



Lýsing

Tóftin er 6x15m að utanmáli og liggur samsíða túngarðinum eða frá norðri til suðurs og er túngarðurinn jafnframt austur langveggur tóftar. Veggir eru jarðsokknir 10-40sm háir, hæstir við túngarðinn. Tóftin virðist a.m.k. skiptast í tvö hólf og hefur verið innangengt á milli. Hún er algróin en sér í stein í austurlangvegg. Dyr hafa að líkindum snúið til vesturs.

Vakursstaðir-15

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Staðhættir


Túnið liggur í spíss, á milli tveggja lækjarfarvega, til norðurs og nyrst í því eru tóftir hesthúss. Tóftin er rúmlega 100m NNA af bæjartóftinni (nr. 1).

Lýsing

Tóftin snýr NNA/SSV og er 15x16m að utanmáli. Fyrir miðju eru garðahús en ein kró er austurs og lítið hólf er til vesturs. Þrennar dyr snúa til suðurs en einar til vesturs. Hlaða eða heytóft hefur verið til norðurs og innangengt í hana. Tóftin er grasi gróin en sér í grjóthleðslur í veggjum, einkum í garða. Veggir eru nokkuð hrundir, um 2m á breidd og 20-120sm háir. Tóftin til vesturs er nokkuð minni og gæti mögulega verið eldri. Húsin virðast vera byggð á eldri minjum.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti frá 1920 er tóftin merkt sem hesthús.



Vakursstaðir-16

Hlutverk: Óþekkt, rétt?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á lækjarbakka austan við norðurenda túngarðsins og rúmlega 10m norðaustur af hesthústóft nr. 15 er tóft.

Lýsing

Tóftin er 3x5m að utanmáli og gætu dyr eða hlið hafa verið á vesturhlið eða við suðausturhorn. Veggir eru nokkuð hrundir, 20-30sm háir, að hluta komnir í þúfur og um 1m á breidd.

Hættumat

Minjunum getur stafað hættu vegna landbrots en tóftin liggur skammt frá lækjarbakka.

Vakursstaðir-17**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft, þúst**Staðhættir**

Á lækjarbakka austan við norðurenda túngarðsins og rúmlega 10m austur af hesthústóft nr. 15 er tóft.

Lýsing

Tóftin liggur upp við túngarðinn sem jafnframt er a.m.k. að hluta vesturveggur hennar. Hún snýr norður/suður og er suðurhluti með tiltölulega greinilegum veggjum en norðurhlutinn er fremur gróin þúst. Minjarnar eru um 50sm háar og veggir um 1m. Algróið og þýft.

Vakursstaðir-18**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft?**Staðhættir**

Vestarlega fyrir miðju túni virðist vera tóft eða veggjalög en hugsanlega er um náttúrulegt fyrirbæri að ræða.

Lýsing

Veggir eru grasi grónir og þýfðir og er þýft innan veggja og utan þeirra. Þeir eru 20-40sm háir og um 1m á breidd.

Vakursstaðir-19**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft?**Staðhættir**

Utan túns, norðan við túngarðinn, tæplega 30m norður af hesthústóft nr. 15 er tóft.

Lýsing

Tóftin liggur ANA/VSV og er 5x7m að utanmáli. Dyr hafa við verið suður horn tóftar. Veggir eru algrónir, allt að 30sm háir, jarðsokknir og um 1m á breidd. Þeir eru nokkuð reglulegir en óljósir til suðvesturs.

Vakursstaðir-20**Hlutverk:** Óþekkt, náttúrulegt**Tegund:** Garðlag**Staðhættir**

Utan túns, norðan við túngarðinn, rúmlega 30m norður af hesthústóft nr. 15 er garðlag sem virðist manngert en gæti einnig verið náttúruleg myndun.

Lýsing

Garðlagið liggur frá austri til vesturs og er 25m langt, um 2m á breidd og 10-50sm hátt. Það liggur frá læk í austri og að mýri í vestri. Norðurbrún er nokkurn veginn slétt en suðurbrún allt að 50sm há. Ekki er hægt að segja til um hvort mannvirki sé að ræða nema með frekari rannsókn.

Vakursstaðir-21

Hlutverk: Óþekkt, náttúrulegt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Utan túns, sunnan við meint garðlag nr. 20 er annað mögulegt garðlag sem einnig gæti verið náttúruleg myndun.

Lýsing

Meint garðlag liggur í boga frá norðri til suðurs og er alveg opið til vesturs. Það er myndað af þúfum sem að afmarka sléttan flöt en að öðru leyti er umhverfið að mestu þýft. Hæð er allt að 30sm og breidd um 1m.

Vakursstaðir-22

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat

Minjunum stafar hættu vegna landbrots af völdum bæjarlækjar en hún liggur fram á brún lækjarins að vestan.

Staðhættir

Smá blettur af túninu nær vestur fyrir bæjarlækinn og á þeim hluta, um 7m vestan bæjartóftarinnar (nr. 1) er tóft.

Lýsing

Tóftin er nánast hringlaga um 5m í þvermál og hafa dyr snúið til suðausturs. Veggir eru algrónir grasi, svolítið hrundir, 10-40sm háir og um 1m á breidd.



Mynd 1. Fremst á myndinni er skurður nr. 23. Horft er til suðvesturs og sést í tóft nr. 22 fyrir miðri mynd.

Vakursstaðir-23

Hlutverk: Óþekkt, fráveita

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Túnið nær vestur fyrir bæjarlækinn og á þeim hluta er tóft nr. 22 og norðan hennar niðurgröftur.

Lýsing

Skurðurinn er rúmlega 20m langur og 30-40sm djúpur. Greinilega mann-gerður en hlutverk óvíst.

Vakursstaðir-24

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Hluti af túninu nær vestur fyrir bæjarlækinn og á þeim hluta er tóft eða tóftarbrot innan við 10m í vestur frá bæjartóftinni (nr. 1).

Lýsing

Tóftin er 3x4m að utanmáli og snýr norðaustur/suðvestur. Hlutar veggja eru greinilegir en aðrir hlutar mjög lágir eða alveg horfnir. Veggir eru grasi grónir og eilítið þýfðir, um 30sm háir og 1m á breidd.

Vakursstaðir-25

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Hluti af túninu nær vestur fyrir bæjarlækinn og á þeim hluta er tóft, um 30m suðvestur af bæjartóftinni (nr. 1).

Lýsing

Tóftin er um 5x5m að utanmáli. Veggir eru grasi grónir, jarðsokknir og rofnir til norðvesturs en þar gætu einnig hugsanlega hafa verið dyr. Þeir eru að hluta komnir í þúfur 10-40sm háir og um 1m á breidd. Rúmlega 7m langt grasi gróid garðlag liggur til suðausturs frá tóftinni.



Vakursstaðir-26

Hlutverk: Túngarður?

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Vestan við bæjarstæðið á Vakursstöðum suður undir svonefndri Bæjarskriðu (sjá örnefnaskrá Vakursstaða eftir Jón Ól. Benónýsson, 1) eru tóftir sem virka töluvert eldri en tóftirnar á bæjarstæðinu. Garðlag er við þær sem hugsanlega er eldri túngarður og mögulegt er að túnið hafi á einhverjum tíma náð lengra en það gerði í byrjun 20. aldar (samkvæmt túnakorti frá 1920).

Lýsing

Garðlagið er tæplega 100m á lengd og liggur í sveig úr norðaustri til vesturs, svo suðurs og suðausturs. Hann er algróinn og þýfður, 20-70sm hár og um 2m á breidd þar sem greinilegt er að hrunið hefur úr honum. Gróinn og sléttur aflíðandi bakki er framan við túngarðinn á kafla og ofan við hann er

um 25m² niðurgrafið svæði (nr. 31) þar sem gæti hafa verið tekið efni í garðinn. Garðlagið liggur sitthvoru megin við veginn sem liggur fram Hallárdal.

Vakursstaðir-27

Hlutverk: Rétt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Vestan túns og vestan bæjarlækjar, er garðlag og nokkrar tóftir sem virðast eldri en tóftirnar á bæjarstæðinu á Vakursstöðum.

Lýsing

Garðlagið, líklega rétt, er 10x15m að utanmáli og snýr norðvestur/suðaustur. Hlið hefur verið við suðurhorn. Það hefur mögulega verið tvískipt en veggur virðist vera fyrir miðju réttarinnar. Veggir eru algrónir, að nokkru þýfðir og um 20-50sm að utanmáli. Þeir eru að nokkru hrundir og þar eru þeir breiðastir um 2m.

Vakursstaðir-28

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestan við túnið, vestan bæjarlækjar, er garðlag og nokkrar tóftir sem virðast eldri en tóftirnar á bæjarstæðinu á Vakursstöðum. Norðvestan við rétt nr. 27 er tóft.

Lýsing

Tóftin er 5x6m að utanmáli og liggur á milli vegghluta garðlags nr. 26. Hún snýr norðaustur/suðvestur með dyr mót austri. Hún er algróin, dálítið niðurgráfin og eru veggir að nokkru hrundir og komnir í þúfur. Þeir eru um 1m á breidd, 20-70sm háir, lægstir mót suðaustri og erfitt er að átta sig á breidd dyra.

Vakursstaðir-29

Hlutverk: Óþekkt, híbýli?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestan við túnið, vestan bæjarlækjar, er garðlag og nokkrar tóftir sem virðast eldri en tóftirnar á bæjarstæðinu á Vakursstöðum. Norðaustan við rétt nr. 27 er tóft.

Lýsing

Tóftin er 2-3 skipt um 8x8m að utanmáli. Veggir eru algrónir og þýfðir, 20-60sm háir og um 1m á breidd. Hlutverk er óþekkt en mögulega er þetta lítil bæjartóft þó um slíkt verði ekki fullyrt nema með frekari rannsókn.

Vakursstaðir-30

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestan við túnið, vestan bæjarlækjar, er garðlag og nokkrar tóftir sem virðast eldri en tóftirnar á bæjarstæðinu á Vakursstöðum. Norðan við rétt nr. 27 er tóft.

Lýsing

Tóftin liggur norðvestur/suðaustur, 3x4m að utanmáli. Veggir eru 10-40sm háir og um 1m á breidd. Þeir eru nánast horfnir til suðausturs og mjög lágir til suðvesturs. Veggir eru þýfðir, algrónir og tóftin hefur mögulega með tvískipt með dyrum til beggja enda. Norðan við tóftina eru óljós veggjalög.

Vakursstaðir-31

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft, niðurgröftur

Staðhættir

Um 30m NNA af rétt nr. 27 virðist vera mannvirki en erfitt er að átta sig á hvort það sé tóft eða niðurgröftur með brúnum sem gætu hafa myndast af uppmokstri.

Lýsing

Tóftin/niðurgröfturinn er 3x6m að utanmáli og snýr norðvestur/suðaustur og virðist opin til suðausturs. Veggir eru um 40sm breiðir og um 30sm háir, algrónir og þýfðir. Norðaustan við tóftina er 35m² niðurgrafið svæði þar sem gæti hafa verið tekið efni í tóftina, túngarðinn eða aðrar tóftir á svæðinu.

Vakursstaðir-32

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í grasi og lyngi gróinni fjallsbrekku rúmlega 200m vestur af túninu á Vakursstöðum eru tvennar tóftir.

Lýsing

Tóftin snýr austur/vestur og er um 3x3m á kant, dyr eða hlið hefur snúið til suðurs. Veggir eru algrónir og reglulegir að lögun. Þeir eru heillegir, 40-50sm háir og um 1m á breidd.

Vakursstaðir-33

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft, þúst

Staðhættir

Í grasi og lyngi gróinni fjallsbrekku rúmlega 200m vestur af túninu á Vakursstöðum eru tvennar tóftir.

Lýsing

Innan við 10m norðvestur af tóft nr. 32 er önnur tóft eða þúst sem snýr norðaustur/suðvestur, 5x8m að utanmáli. Vesturhluti tóftar er vel greinilegur en veggir nokkuð hrundir. Austurhlutinn er ógreinilegri og má frekar skilgreina sem stóra þúst. Suðurhluti er einnig ógreinilegur og virðist mjög hrunninn. Hæð er 30-40sm og breidd veggja tæpir 2m.



Vakursstaðir-34

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla, náttúrulegt

Staðhættir

Efst á aflöngum, lítt grónum mel sem er austan við austurjaðar skriðu er hleðsla sem virðist manngerð en gæti verið náttúrulegt fyrirbæri.

Lýsing

Hleðslan er ferhyrnd steinalögn sem er um 2m á kant. Grjóti virðist vera raðað nokkurn veginn í ferhyrning og fyllt inn í með grjóti. Tveir stærri steinar eru við sinn hvorn enda hleðslunnar.



Mynd 2. Horft er til suðausturs fram Hallárdal og má sjá Nóngilsskriðu í baksýn. Hleðsla nr. 34 er fyrir miðri mynd.

Vakursstaðir-35

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í grónu dragi sem liggur á milli skriðu að vestan og aflangs melhóls að austan er garðlag á lágum hól, tæplega 600m norðaustur af bæjarstæðinu á Vakursstöðum.

Lýsing

Garðlagið er um 7x8m að utanmáli, gróíð, þýft og virðist gamalt. Það er um 10-30sm hátt og innan við 1m á breidd. Það stendur á greinilegum hól sem sker sig nokkuð úr umhverfi og mögulegt að undir garðlaginu leynist eldri minjar.



Vakursstaðir-36

Hlutverk: Stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í grónu dragi sem liggur á milli skriðu að vestan og aflangs melhóls að austan er tóft, hún er um 530m norðaustur af bæjarstæðinu á Vakursstöðum.

Lýsing

Tóftin liggur norður/suður, 6x8m að utanmáli. Rétt er til suðurs og kró til norðurs og á milli þeirra er garðlag sem



liggur til vesturs og hefur að líkindum verið til að auðvelda innrekstur. Við króna gætu verið tvö hólf til viðbótar en einnig er líklegt að þau hafi myndast við hrun úr vegg. Veggir eru 20-50sm háir og tæplega 2m á breidd. Þeir eru algrónir, þýfðir og nokkuð hrundir.

Vakursstaðir-37

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft


Staðhættir

Á grasi grónum áreyrum norðan Hallár, tæplega 950m austur frá bæjarstæðinu á Vakursstöðum er tóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, 4x9m að utanmáli og snýr nokkurn veginn austur/vestur.

Útlit tóftar minnir helst á stekk, með rétt til austurs og kró til vesturs og innangenget á milli. Hlið hefur verið og snúið til austurs. Veggir eru grasi grónir, um 40sm háir og um 1m á breidd.



Vakursstaðir-38

Hlutverk: Smalakofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Efst á Hrútaskriðu rúmlega 1,1km ANA af bæjarstæðinu á Vakursstöðum er grjóthlaðin kofatóft.

Lýsing

Hún er tæplega 1x1,5m að utanmáli. Veggir eru hrundir, um 20sm háir og 50sm breiðir.



Mynd 3. Kofatóft efst á Hrútaskriðu. Horft er til norðausturs.

Vakursstaðir-39

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Austur af Hrutaskriðu, rúmlega 1,2km ANA af bæjarstæðinu á Vakursstöðum er mógröf.

Lýsing

Mógröfin er rúmlega 2500m að stærð og um 70sm djúp.



Mynd 4. Mógrafirnar fyrir miðri mynd. Horft er til norðurs og sér í mynni Seljadals til hægri.

Vakursstaðir-40

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Austur við merki Vakursstaða og Sæunnarstaða, neðan eða sunnan við mynni Seljadals og tæplega 1,7km norðaustur af Vakursstöðum er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norðaustur/suðvestur, 3x7-10m að utanmáli. Hún er algróin en veggir ógreinilegir, þýfðir og erfitt að greina lögun nákvæmlega. Veggir eru hæstir um 30sm en sums staðar eru þeir mjög lágir og sums staðar horfnir, breidd er um 1m.



Vakursstaðir-41

Hlutverk: Smalakofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Ofarlega í Seljadal er tunga sem skiptir dalnum. Framarlega á þessari tungu er grjóthlaðin tóft, mjög sennilega smalakofi.

Lýsing

Tóftin snýr nokkurn veginn norður/suður, 2x3m að utanmáli og hafa dyr snúið mót suðri. Veggir eru hrundir, um 20sm háir og 40sm breiðir.

Vakursstaðir-42

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Á nyrðri árbakka Hallár, tæpa 700m austur af bæjartóftunum eru mógrafir.

Lýsing

Mógrafirnar eru tvær og liggja hlið við hlið á árbakkanum, samtals um 240m². Þær eru um 100sm djúpar og grasi grónar.

Vakursstaðir-43

Sérheiti: Álfagróf

Hlutverk: Álagablettur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Álfagróf er á merkjum Vakursstaða og Vindhælis um 450m vestur af Vakursstaðabæjartóftum.

Lýsing

Álfagróf var skráð af loftmynd eftir lýsingu úr örnefnaskrá og lýsingu heimildamanns Magnús Guðmannssonar bónda Vindhæli (Munnl. heimild. 22.01.14).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Vestan túnsins er stór skriða, sem heitir Bæjarskriða, og nær hún upp að fjallsrótum. Þar er hætt við snjóflóðum. Ofan úr fjallinu vestan skriðunnar er gildrag, sem heitir Djúpagil. Þar skammt vestur af er vallendismór, talsvert stór, sem heitir Álfagróf (þar má aldrei slá)“ (Ö-Vakursstaðir-2; 1).

Vakursstaðir-44

Hlutverk: Sel

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Austur af Hrútafjalli er Seljadalur. Eftir honum liggja merkin milli Vakursstaða og Sæunnarstaða, allgróinn. Seljasetur.“ (Ö-Vakursstaðir-1; 1). Síðar segir: „Seljadalur. Þar voru sel.“ (Ö-Vakursstaðir-1, 1).

Lýsing

Engar seltóftir fundust á Seljadal við skráningu sumarið 2012 og heimildamaður Magnús Guðmannsson vissi ekki til þess að þar væru seltóftir. Á skriðu framan við gilið eru tóftir nr. 55-59 þar sem heimildir eru um býli. Mögulega hefur verið haft þarna í seli og dalurinn dregið nafn sitt af því.

Vakursstaðir-45

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í úttekt Þingeyrarklausturs frá 1834 segir: „Kálgarður fylgir jörðunni sem þó þarf aðgjörð.“ (Ö-Vakursstaðir-1, 1).

Lýsing

Matjurtagarður fannst ekki við skráningu.

Sæunnarstaðir-söguágrip

Sæunnarstaðir koma fyrst fyrir í Auðunarmáldaga frá 1318 þar sem kemur fram að jörðin skyldi greiða tíund til Spákonufellskirkju og að heimilismenn eigi leg í kirkjugarði þar.¹⁶ Næst er hennar getið í Holtastaðabréfi frá 1529 þegar Jón Arason biskup á Hólum gefur Ara Jónssyni jörðina með 6 kúgildum.¹⁷ Jörðin er á skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls eftir andlát Jóns Arasonar biskups.¹⁸ Á lista yfir jarðir Hólastóls sem seldar höfðu verið í tíð Jóns Arasonar biskups frá 1552 er jörðin metin á 30 hundruð.¹⁹

Árið 1703 voru sjö skráðir til heimilis að Sæunnarstöðum en á 19. öld voru að öllu jöfnu nokkuð margir til heimilis, flestir árið 1870 en þá voru skráðir 21 til heimilis. Stundum var þar tvíbýli.²⁰

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki (hndr)	Landskuld (hndr)	Kúgildi
Sæunnarstaðir	1686 ²¹	Hólastóll	23,8	1,2	5,5
Sæunnarstaðir	1696 ²²	Hólastóll	24	1,2	4,5
Sæunnarstaðir	1708 ²³	Hólastóll	20	1,2	5
Sæunnarstaðir	1847 ²⁴	Bændaeign	20	0,8	3
Sæunnarstaðir	1861 ²⁵	-	26,3	-	-

Í jarðabók frá 1708 segir: „Engjar ljær ábúandi og tekur toll fyrir, stundum meiri, stundum minni, sjaldan meiri en xxx álnir, oftast minna. [...] Túninu spilla lækir tveir, sem renna úr brattlendi og bera grjót og sand á völlinn til stórskaða, sem eykst árlega. Hætt er bæ og úthýsum fyrir þessum lækjum í vatnavöxtum og leysingum á vetur, þegar snjó leggur að húsum, og hefur orðið stundum naumlega bjargað úr þessum háska.“²⁶ Jörðin átti skipstöðu í Vindhælislandi á móti engjateigi sem Vindhæli átti í Sæunnarstaðalandi.²⁷ Hafursstaðir og Bláland áttu einnig engjateig í Sæunnarstaðalandi og eru allir teigarnir þrír á milli Nóngils og Haukaskriðu.²⁸

Í jarðamati frá 1916-1918 er jörðin tvískipt, helmingurinn í eigu Vindhælishrepps (Kristmundargjöf) en hinn helmingurinn var í eigu ábúanda Árna Hallgrímssonar.²⁹ Jörðin

¹⁶ Íslenskt Fornbréfasafn II, 470.

¹⁷ Íslenskt Fornbréfasafn IX, 490.

¹⁸ Íslenskt Fornbréfasafn XI, 868.

¹⁹ Íslenskt Fornbréfasafn XII, 462.

²⁰ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is/>. Skoðaður þann 18. janúar 2012.

²¹ Björn Lárusson, 241.

²² Björn Lárusson, 241.

²³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 448.

²⁴ Jarðatal á Íslandi, 245.

²⁵ Ný jarðabók, 90.

²⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 448.

²⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 448.

²⁸ Sýslu- og sóknalýsingar I, 145.

²⁹ Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://jardavefur.skjalasafn.is/>. Skoðaður þann 18.01.12.

var í ábúð til 1944 og voru síðustu ábúendur Guðmundur, Guðmann og Páll Magnússynir ásamt foreldrum þeirra þeim Magnúsi Steingrímssyni og Guðrúnu Einarsdóttur.³⁰

Skriða

Hjáleigan Skriða er skráð í manntöl árin 1855 og 1860 og ábúendur annars vegar 5 og síðar 4 (Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is>. Skoðaður þann 08.02.13). Skriða var vestur við merki Sæunnarstaða og Vakursstaða og þar eru töluverðar minjar (sjá nr. 55-61).

Haukastaðir


Í sýslu – og sóknalýsingum er sagt að sögn sé um að býli hafi verið undir Haukaskarði sem heitið hafi Haukastaðir en síðar er sagt að Haukastaðir undir Haukaskarði sé talið eyðijörð.³¹ Í eyðibýla þætti í Húnaþingi III segir að þekkt séu þrjú nöfn á kotum; Haukaskriða, Haukatóftir og Skriða.³²

³⁰ Húnaþing III, 284; Úr greinasafni Morgunblaðsins 29.11.2000. <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/574563/>. Skoðað þann 15.02.2013.

³¹ Sýslu- og sóknalýsingar I, 145; 153.

³² Húnaþing III, 285.

Fornleifaskráning



Sæunnarstaðir-1

Sérheiti:

Sæunnarstaðir (Efri?)

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Staðhættir

Bæjartóftin er ofarlega í túni, í aflíðandi brekku austan bæjarlækjar.

Lýsing

Bæjarstæðið er rúmlega 20x30m að utanmáli og liggja bæjarhús norðvestur/suðaustur. Tóftin er grasi gróin en það sér í grjóti í veggjum þar sem þeir hafa rofnað. Nokkur húsanna eru mjög greinileg, einkum til norðvesturs, en önnur ógreinilegri og jafnvel að hluta horfin. Veggir eru komnir í þúfur, þeir eru allt að 1m á hæð og um 3m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Tvíbýli var á Sæunnarstöðum þegar túnakort var gert árið 1920 en þar er aðeins merktur einn bær með fjósi. Um hús á hálfri

jörðinni segir að baðstofa sé nýleg og fram af henni sé hús með timburstafni og hlið en annars úr torfi og með torfpaki, gólf er steipt og loft úr timbri og er þessu húsi skipt í eldavélahús og gang. Auk þessa er geymsla ópiljuð, búr og eldhús, gömul og léleg torfhús. Um þann hluta sem tilheyrir íbúum Vindhælishrepps segir: Bæjarhús og peningshús lítil og afar léleg torfhús, flest óstæðileg. (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands Sæunnarstaðir nr. 268 og 269).

Sæunnarstaðir-2

Hlutverk: Fjós

Tegund: Tóft

Staðhættir

Bæjartóftin er ofarlega í túni, í aflíðandi brekku austan bæjarlækjar.



Lýsing

Bæjarstæðið er rúmlega 20x30m að utanmáli og liggja bæjarhús norð-vestur/suðaustur. Tóftin er grasi gróin en það sér í grjóti í veggjum þar sem þeir hafa rofnað. Nokkur

húsanna eru mjög greinileg, einkum til norðvesturs, en önnur ógreinilegri og jafnvel að hluta horfin. Veggir eru komnir í þúfur, þeir eru allt að 1m á hæð og um 3m á breidd. Óvíst er hvar fjósið stóð í bæjarþyrpingunni og má því gera ráð fyrir allt að 15m skekkju á hnitum.

Aðrar upplýsingar

Tvíbýli var á Sæunnarstöðum þegar túnakort var gert árið 1920 en þar er aðeins merktur einn bær með fjósi.



Sæunnarstaðir-3

Hlutverk: Fjárhús, hesthús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 20m suðvestur af bæjartóftinni (nr. 1) er tóft sem á túnakorti er merkt sem hesthús.

Lýsing

Tóftin er 9x14m að utanmáli, hún snýr norður/suður, tvær krær og innangengt í hlöðu eða heytóft. Tvennar dyr hafa snúið til suðurs. Tóftin er grasi gróin en

sér í grjóthleðslur í veggjum og í garða. Við suðurenda garðans er steipt fjárbað. Veggir eru 30-80sm háir, að nokkru hrundir og um 2m á breidd. Á túnakorti frá 1920 er húsið merkt sem hesthús en hefur líklega seinna verið breytt í fjárhús.

Sæunnarstaðir-4

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Sunnan við bæjartóftina (nr. 1) eru matjurtagarðar.

Lýsing

Garðurinn er tvískiptur, í heildina 15x40m að utanmáli. Veggir eru grasi grónir allt að 50sm háir og 1m á breidd. Þeir eru rofnir á köflum og suðurveggir hafa sigið undan brekkunni.

Aðrar upplýsingar

Matjurtagarðurinn er sýndur á túnakorti frá 1920 en mögulegt er að hann hafi verið stækkaður til vesturs eftir það því að garðurinn nær að fjárhústóftinni en á kortinu er bil á milli þeirra.

Sæunnarstaðir-5

Hlutverk: Gryfja


Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Suðaustan við bæjartóftina (nr. 1) er niðurgröftur mjög sennilega heygryfja.

Lýsing

Gryfjan er um 2,5m að þvermáli og 60-120sm djúp. Hún er grasi gróin en grjót liggur í botni hennar og virðist sennilegt að hún hafi verið hlaðin úr grjóti. Það er þýfður kantur utan með brúninni um 30sm hár.



Sæunnarstaðir-6

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan við bæjartóftina (nr. 1) er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður og hafa dyr snúið til suðurs. Erfitt er að greina veggjalög nákvæmlega en hún virðist tvískipt, 6x10m að utanmáli. Veggir eru 20-50sm háir og um 1,5m á breidd. Þeir eru algrónir grasi og þýfðir. Á túnakorti

frá 1920 er einhverskonar bygging á þessum stað en ómerkt. Tóftin stendur á smá hól eða upphækkun sem bent gæti til að hún hefði verið reist á eldri minjum.

Sæunnarstaðir-7

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan við bæjartóftina er tóft nr. 6 og austan hennar er enn önnur tóft.

Lýsing

Tóftin er 5x14m að utanmáli og snýr norðvestur/suðaustur. Hún er algróin grasi, 2-3 skipt en veggir til suðausturs gætu verið myndaðir af hruni úr veggjum. Dyr virðast hafa snúið til suðvesturs og mögulega aðrar til suðausturs.

Sæunnarstaðir-8

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Gata

Staðhættir


Á túnakorti frá 1920 má sjá að heimreiðin lá í gegnum bæjarhlaðið frá austri til vesturs.

Lýsing

Gatan er á köflum upphlaðin og er þar um 50sm há og 1,5m á breidd. Hún er í heild um 200m löng mis greinileg og hverfur á köflum.

Aðrar upplýsingar

Heimreiðin er merkt á túnakorti frá 1920.



Sæunnarstaðir-9

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 20m ofan (norðan) við bæjartóftina (nr. 1) er tóft sem liggur austanvert á lækjarbakka.

Lýsing

Tóftin er 8x13m að utanmáli, og snýr norður/suður. Hún er tvískipt, grasi gróin og veggir að nokkru komnir í þúfur. Þeir eru 20-60sm háir og um 1,5m á breidd. Dyr virðast hafa verið á suðurvegg og líklega hafa verið fleiri sem ekki sjást lengur.

Hættumat

Tóftin er í mikilli hættu vegna nálægðar við vatnsfall og er hluti hennar þegar rofinn af völdum lækjar sem rennur vestan við hana.

Sæunnarstaðir-10

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Norðaustan við tóft nr. 9 og tæplega 30m norður (upp) af bæjartóftinni (nr. 1) er tóft.

Lýsing

Tóftin er þrískipt, 5x11m að utanmáli og snýr NNA/SSV. Veggir eru algrónir grasi, hrundir og þýfðir. Þeir eru 20-100sm háir og tæplega 2m á breidd. Tvennar dyr snúa til vesturs og þær þriðju mót suðri.



Sæunnarstaðir-11

Hlutverk: Óþekkt, stekkur

Tegund: Tóft, náttúrulegt

Staðhættir

Í túnjaðrinum, rétt rúmlega 70m NNA af bæjartóftinni nr. 1 er hugsanlega tóft.

Lýsing

Þetta virðist vera tvískipt tóft en mögulega er um náttúrulegt fyrirbrigði að ræða. Meintir veggir eru 20-60sm háir og um 1,5m á breidd og virðast þeir hafa sigið undan brekkunni. Tóftin

minnir á stekk, með kró til vesturs en rétt til austurs og liggur króin heldur hærra. Veggir eru að nokkru komnir í þúfur, algrónir grasi og fremur votlent er í kring.

Sæunnarstaðir-12

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Mótóft, heystæði

Staðhættir

Rétt vestan við merki Sæunnarstaða og Bergsstaða, austast á gróinni skriðu er tóft.

Lýsing

Hún er regluleg að lögun og snýr norðaustur/suðvestur, 3x4m að utanmáli. Veggir eru lægri til suðausturs og þar gætu mögulega hafa verið dyr. Nokkuð er hrúnið er veggjum sem eru algrónir og hlaupnir í þúfur, 10-30sm háir og um 1m á breidd.



Sæunnarstaðir-13

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestan lækjar, um 75m suðvestur af bæjartóftunum (nr. 1), á mörkum graslendis að austan og mýrar að vestan, er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr NNV/SSA og er um 4m á kant að utanmáli. Veggir eru algrónir og þýfðir, 20-30sm háir og 1m á breidd.

Sæunnarstaðir-14

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í túninu, um 45m suðvestur af bæjartóftunum (nr. 1) og tæplega 20m suður af tóft nr. 3 er önnur tóft.

Lýsing

Tóftin snýr austur/vestur, 4x5m að utanmáli og hafa dyr mögulega verið til suðurs. Veggir eru komnir í stórar þúfur, grasi grónir, 20-40sm að utanmáli og um 1m á breidd.

Sæunnarstaðir-15

Hlutverk: Óþekkt, öskuhóll?


Tegund: Hóll

Staðhættir

Í túninu, tæplega 70m suður af bæjartóftinni (nr. 1) er hóll.

Lýsing

Hóllinn er um 70sm hár, grasi gróinn og 3x4m að utanmáli.



Sæunnarstaðir-16

Sérheiti: Sæunnarstaðir (Neðri?)

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Staðhættir


Í túninu, tæplega 80m suðvestur af bæjartóftinni (nr. 1) er önnur tóft.

Lýsing

Tóftin stendur á lágum hól sem bendir til að mögulega hafi verið byggt á eldri minjum, 14x14m að utanmáli. Veggir eru illgreinanlegir, þýfðir, algrónir grasi, um 30sm háir og um 1m á breidd. Tóftin skiptist í að minnsta kosti 5 hólf og líklegt að framdyr hafi snúið til suður.

Aðrar upplýsingar

Sæunnarstaðir voru lengi tvíbýli og var lengur búið í bæ þeim sem stóð neðar í túninu eða þar til að jörðin fór í eyði (Munnl. heimild. Magnús Guðmannsson 22.01.14).



Sæunnaðstaðir-17

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á austurbakka lækjarins sem rennur vestan við túnið á Sæunnaðstöðum er fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin snýr norðaustur/suðvestur og er 6x20m að utanmáli. Hlaða eða heytóft hefur verið til norðausturs. Tóftin er grasi gróin en garði er grjóthlaðinn.

Veggir eru aðeins þýfðir, að nokkru hrundir og að hluta horfnir, þeir eru 10-40sm háir og 1,5m á breidd. Kindagata liggur eftir öðrum langvegg tóftar.

Aðrar upplýsingar

Húsin eru merkt á túnakorti frá 1920.

Sæunnaðstaðir-18

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Túngarður er á köflum í kringum túnið að sunnan, vestan og austan.

Lýsing

Garðlagið er á kafla vestan við túnið, stuttur bútur er við bæjarlækinn vestan við fjárhústóft nr. 3, annar heldur lengri liggur frá fjárhústóft nr. 17 til suðvesturs. Lengsti hlutinn er sunnan við túnið þar sem það liggur frá ASA til VNV. Síðan liggur það á kafla austast í túninu sunnan við fjárhústóft nr. 27. Garðurinn er grasi gróinn en sér í grjóthleðslur á köflum, um 30-50sm hár þar sem hann er hæstur og 1,5m á breidd. Greinilegt er þegar loftmynd er lögð yfir hnitaða loftmynd að túnið hefur á einhverjum til verið stækkað til austurs því að garðlag (nr. 75) liggur frá norðri til suðurs rétt austan við mitt túnið og hefur að líkindum legið í boga ofan við bæinn.

Sæunnaðstaðir-19

Hlutverk: Fjárhús


Tegund: Tóft

Staðhættir

Á austurbakka bæjarlækjarins sem rennur vestan við túnið á Sæunnaðstöðin er fjárhústóft nr. 17 og austan við hana er önnur fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður með dyr með tvennar dyr mót suðri. Garði er að minnsta kosti í vestara húsinu og hlaða eða heytóft er til norðurs. Veggir eru algrónir grasi, þýfðir, 20-40sm háir og rúmlega 1m á breidd. Tóftin liggur í mýri eða blautum jarðvegi og vaxa fífur í tóftinni.



Sæunnarstaðir-20

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í túninu um 120m suður af bæjartóftinni (nr. 1) er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norðaustursuðvestur, 5x7m að utanmáli og hafa dyr mögulega snúið til suðvesturs. Veggir eru algrónir grasi og komnir í stórar þúfur, þeir eru 30-40sm háir og um 1m á breidd.

Sæunnarstaðir-21

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í túninu um 125m SSA af bæjartóftinni (nr. 1) er tóft.

Lýsing

Tóftin stendur á hól sem er um 13x25m að utanmáli sem bendir til að hún sé byggð á eldri minjum. Hún snýr austur/vestur og hafa dyr snúið til austurs. Veggir eru grónir grasi, að nokkru þýfðir, 30-60sm háir og um 1,5m á breidd. Tóftin er tvískipt, að líkindum gripahús og hefur heytóft eða hlaða verið til vesturs.

Sæunnarstaðir-22

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í túninu um 90m suðaustur af bæjartóftinni nr. 1 er tóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, garðahús með hlöðu eða heytóft til norðurs. Hún snýr norður/suður og hafa dyr snúið mót suðri. Veggir eru hrundir, rofnir og á köflum nánast horfnir, 20-50sm háir og 1,5m á breidd. Þeir eru þýfðir, grasi grónir en sér í torf og grjóti. Við skammvegg til suðurs virðist vera lítið hól sem er þó líklega myndað af hrúni úr veggjum.

Sæunnarstaðir-23

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll, þúst

Staðhættir

Í túninu, rúmlega 110m suðaustur af bæjartóftinni (nr. 1) er þúst eða lítill hól.

Lýsing

Hóllinn er grasi gróinn, 8x10m að utanmáli og um 120sm hár. Þúfur eru í kringum hólinn sem er sléttur og engin veggjalög sjást á honum en hann virðist þó vera manngerður.

Sæunnarstaðir-24

Hlutverk: Fjárhús, kofar, rétt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í túninu, 110m suðaustur af bæjartóftinni (nr. 1) er tóft.

Lýsing

Tóftin er 17x20m að utanmáli og snýr norður/suður. Líklega hafa verið þarna fjárhús með heytóft eða hlöðu og hugsanlega fleiri hús sambyggð en einnig er möguleiki að þau hús séu eldri en fjárhústóftin sjálf. Veggir eru 20-60sm háir og rúmlega 2m á breidd. Þeir eru að nokkru þýfðir og þýft er í tóftinni sem er algróin.

Sæunnarstaðir-25

Hlutverk: Fjárhús, stekkur, óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 120m suðaustur af bæjartóftinni (nr. 1) er tóft.

Lýsing

Tóftin er 5x13m að utanmáli og snýr norður/suður. Hún er tvískipt og innangengt er á milli hólfa en dyr eða hlið hafa snúið til vesturs. Túngarður liggur að tóftinni að norðan og frá henni til suðurs. Veggir eru þýfðir og grasi grónir, 20-40sm háir og um 1,5m á breidd. Smá hóll er undir tóftinni sem hugsanlega er byggð á eldri minjum.

Sæunnarstaðir-26

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Hættumat: Tóftin er í hættu vegna landbrots en hún liggur fremst á lækjarbakka.

Staðhættir

Lækur rennur meðfram túninu á Sæunnarstöðum að sunnan og nefnist Bæjarlækur og á vesturbakka hans eru tóftir. Ein þeirra er rúmlega 180m SSA af bæjartóftinni (nr. 1).

Lýsing


Tóftin er um 5m á kant að ummáli og hafa dyr snúið til suðurs. Hún er algróin en veggir eru mis vel farnir og sumir mjög lágir, 10-30sm háir og 1m á breidd.

Sæunnarstaðir-27

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Tóftin er í hættu vegna landbrots en hún liggur fremst á lækjarbakka.



Staðhættir

Á vesturbakka Bæjarlækjar eru tóftir. Ein þeirra er um 150m ASA af bæjartóftinni (nr. 1) og hefur heimreiðin legið sunnan við hana. Hún er syðst af fjórum tóftum sem liggja í röð með austurhlið túnsins.

Lýsing

Tóftin er 7x19m að utanmáli og snýr norður/suður. Heytóft eða hlaða hefur verið til norðurs en garðahús með tveimur króm til suðurs og hafa dyr verið syðst á hvorum langvegg, önnur mót vestri en hin austri. Veggir eru að mestu grasi grónir en sér í grjót bæði í veggjum og garða og í torfhleðslu á einum stað. Þeir standa misvel, eru 20-80sm háir og um 2m á breidd. Veggir í heytóft eru nánast horfnir á kafla, innangengt hefur verið í tóftina af garða.

Aðrar upplýsingar

Tóftin er á túnakorti frá 1920.

Sæunnarstaðir-28

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Tóftin er í hættu vegna landbrots en hún liggur fremst á lækjarbakka.

Staðhættir

Á vesturbakka Bæjarlækjar eru tóftir. Ein þeirra er um 150m ASA af bæjartóftinni (nr. 1) og hefur heimreiðin legið sunnan við hana. Hún er önnur syðst af fjórum tóftum sem liggja í röð meðfram austurhlið túnsins.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður, 15x23m að utanmáli og hafa þrennar dyr verið og snúið til suðurs. Tvískipt heytóft eða hlaða hefur verið til norðurs en tvær krær með garða til suðurs og lítil kró austan við fjárhúsin. Tóftin er grasi gróin en sér í grjóthleðslur sem eru að hluta hrundar, bæði í veggjum og garða. Veggir eru að hluta þýfðir, 20-110sm háir og um 2m á breidd.

Sæunnarstaðir-29

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á vesturbakka Bæjarlækjar eru tóftir. Ein þeirra er rúmlega 130m ASA af bæjartóftinni (nr. 1). Hún er önnur nyrst af fjórum tóftum sem liggja í röð meðfram austurhlið túnsins.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður og er rúmlega 6x20m að utanmáli. Veggir eru grasi grónir en þó sér í grjóthleðslur á nokkrum stöðum. Hún er tvískipt og eru norðurendi heillegri en suðurenda sem er á köflum nánast horfinn. Veggir eru 20-110sm og tæplega 2m á breidd. Timbur og hænsnanet liggur í tóftinni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Vestur undan bænum er hóll, sem heitir Skemmuhóll, vestur af honum Vesturbæjargrund, fyrir austan bæinn rennur lækur, sem Bæjarlækur heitir, fellur hann um gil norðaustur af bænum, sem heitir Kvíagil (...).“ (Ö-Sæunnarstaðir-1, 1). Mögulegt er að tóftir nr. 29 eða 30 hafi verið kvíar og nafn gilsins sé dregið af því.

Sæunnarstaðir-30

Hlutverk: Óþekkt, kvíar?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á vesturbakka Bæjarlækjar eru tóftir. Ein þeirra er tæplega 140m norðaustur af bæjartóftinni (nr. 1). Hún er nyrst af fjórum tóftum sem liggja í röð með austurhlið túnsins.

Lýsing

Tóftin er tæplega 5x17m að utanmáli og liggur norður/suður. Dyr hafa verið til suðurs og norðarlega á austur langvegg. Tóftin virðist 3-skipt, algróin grasi og mosa. Veggir eru smá þýfðir og nokkuð hrundir, 20-70sm háir og um 1,5m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Vestur undan bænum er hóll, sem heitir Skemmuhóll, vestur af honum Vesturbæjargrund, fyrir austan bæinn rennur lækur, sem Bæjarlækur heitir, fellur hann um gil norðaustur af bænum, sem heitir Kvíagil (...).“ (Ö-Sæunnarstaðir-1, 1). Mögulegt er að tóftir nr. 29 eða 30 hafi verið kvíar og nafn gilsins sé dregið af því.

Sæunnarstaðir-31

Hlutverk: Mylla


Tegund: Tóft


Staðhættir

Á lækjarbakka tæplega 170m norðaustur af bæjartóftinni (nr. 1) er myllutóft.

Lýsing

Tóftin snýr austur/vestur 3x4m að utanmáli. Veggir eru 20-70sm háir og 1m á breidd. Þeir eru grasi grónir og smá þýfðir. Vatni hefur verið veitt með rás úr læknum frá norðri.





Sæunnarstaðir-32

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag


Hættumat: Minjarnar eru í hættu vegna nálægðar við læk.

Staðhættir

Í gróinni brekku sem liggur norður og upp af læknum sem rennur austan við túnið á Sæunnarstöðum er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er 9x12m að utanmáli og snýr mót suðri. Það liggur norður/suður en enginn veggur er til suðurs. Það er algróið grasi, 20-40sm hátt og um 1m á breidd.



Sæunnarstaðir-33

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 120m austur af bæjartóftinni (nr. 1) er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður og er 12x15m að utanmáli. Hún er þrískipt og minnir í útliti helst á gripahús með heytóft eða hlöðu til norðurs. Tvennar dyr eru til suðurs og einnig virðast hafa verið til vesturs. Tóftin er grasi gróin en sér í grjóti í veggjum sem eru víða hrundir og einnig rofnir á nokkrum stöðum. Þeir eru 20-80sm háir og rúmlega 2m á breidd.

Sæunnarstaðir-34

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Þúst

Staðhættir

Tæplega 120m austur af bæjartóftinni (nr. 1) er tóft nr. 33 og norðan við hana er þúst.

Lýsing

Þústin er 4x6m að utanmáli grasi gróin og sker sig nokkuð úr umhverfi. Engin veggjalög eru greinileg en nokkrar þúfur eru á henni.



Sæunnarstaðir-35

Sérheiti: Kollugerði?

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 300m suðvestur af bæjarstæðinu er tóft.

Lýsing


Tóftin snýr austur/vestur og hafa dyr eða hlið a.m.k. snúið til austurs. Veggir eru þýfðir og algrónir, 20-40sm háir.

Tóftin er 8x9m að utanmáli og virðist

skiptast í 3-4 hól en engar dyr eða hlið eru greinanleg inni í henni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Nokkuð langt fyrir vestan bæ er hóll, sem heitir Kollugerði (et.) Ekki veit Ingibjörg af hverju hóllinn ber þetta nafn, en ef til vill hefur þar einhvern tíma verið hjáleiga fá Sæunnarstöðum.“ (Ö-Sæunnarstaðir-2, 2). Í örnefnaskrá segir: „Tjarnarholt er holtaklasi lítill nokkru ofar. Smiðjugil gengur niður fjallið ofan Tjarnarholts. Stekkjarskál er austan þess, alldjúp skál. Neðan hennar er Stekkjarlaut með Stekkjarrúst. Austan hennar er Kollugerði.“ (Ö-Sæunnarstaðir-3, 1).



Sæunnarstaðir-36

Hlutverk: Heytóft, óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 350m suðvestur af bæjarstæðinu, um 4m neðan vegarins sem liggur fram Hallárdal er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr austur/vestur og er 3x7m að utanmáli. Veggir eru algrónir, 30sm háir og rúmlega 1m á breidd. Þeir eru jarðsokknir og og tóftin virðist gömul.

Sæunnarstaðir-37

Hlutverk: Óþekkt, smalavarða


Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Um 480m suðvestur af bæjarstæðinu er grjóthleðsla.

Lýsing

Grjóthleðslan virðist manngerð en hún er mynduð af nokkrum steinum sem er raðað saman, um 10sm há.



Sæunnaðstaðir-38

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í Stekkjarlaut um 650m VSV af bæjarstæðinu á Sæunnaðstöðum er fjöldi tófta og flestar þeirra að líkindum stekkjartóftir.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður og er 8x15m að utanmáli. Hún er tvískipt, kró til norðurs og innangengt hefur verið í réttina sem er til suðurs. Hlið hefur verið á réttinni til austurs við suðvesturhorn stekkjarsins. Syðri skammveggur nær út fyrir austari langvegg og hefur það að líkindum verið gert til að auðvelda innrekstur. Veggir eru 30-50sm háir og tæpir 2m á breidd. Þeir eru að nokkru þýfðir og algrónir en maður finnur fyrir grjóti í veggjum undir gróðrinum.

Aðrar upplýsingar

Í ornefnaskrá segir: „Vestan við túnið er stór vallendisbolli, sem heitir Stekkjarlaut, þar norðurvestur af Stekkjartunga, þar vestan við Stekkjarlækur (...).“ (Ö-Sæunnaðstaðir-1, 1). Í annarri ornefnaskrá segir: „Ofan við Tjarnarholtin eru tvær skriður. Heitir önnur Náttmálaskriða, en sú innri og nær bæ heitir Stekkjarskriða. Stekkur var í lág neðst í skriðunni.“ (Ö-Sæunnaðstaðir-2, 1).

Sæunnaðstaðir-39

Hlutverk: Stekkur


Tegund: Tóft


Staðhættir

Í Stekkjarlaut um 650m VSV af bæjarstæðinu á Sæunnaðstöðum er fjöldi tófta og flestar þeirra að líkindum stekkjartóftir.

Lýsing

Tóftin snýr norðaustur/suðvestur og er 8x10m að utanmáli. Réttin er til norðausturs og hefur hlið verið á henni til austurs en króin er til suðvesturs með hlið til suðurs. Veggir eru 30-60sm háir og um 1,5m á breidd, þeir eru algrónir, þýfðir og að nokkru hrundir.





Sæunnarstaðir-40

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í Stekkjarlaut um 650m VSV af bæjarstæðinu á Sæunnarstöðum er fjöldi tófta og sumar þeirra greinilegar stekkjartóftir.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður og er 12x15m að utanmáli. Kró er til norðurs og innangengt í réttina sem er til suðurs en

hlið hefur verið á henni til vesturs eða suðvestur. Veggir eru grónir en sér í grjót á einum stað. Veggir eru 30-60sm háir og tæplega 2m á breidd. Króin liggur um 40sm hærra en réttin.

Sæunnarstaðir-41

Hlutverk: Óþekkt, rétt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í Stekkjarlaut um 650m VSV af bæjarstæðinu á Sæunnarstöðum er fjöldi tófta og sumar þeirra greinilegar stekkjartóftir.

Lýsing

Tóftin snýr austur/vestur og er 6x8m að utanmáli. Veggir eru þýfðir og algrónir, hrundir, 20-40sm háir og tæplega 2m á breidd. Hlið eða dyr eru ekki greinanlegar.



Sæunnarstaðir-42

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í Stekkjarlaut um 650m VSV af bæjarstæðinu á Sæunnarstöðum er fjöldi tófta og sumar þeirra greinilegar stekkjartóftir.

Lýsing

Tóftin snýr norðvestur/suðaustur, 5x9m að utanmáli. Líklega er um stekkjartóft að ræða og er þá króin til norðvesturs og

réttin til suðausturs og hefur verið innangengt á milli. Króin stendur um 20-30sm hærra en réttin og virðist hafa verið hlið á henni til suðurs en á réttinni til suðausturs. Veggir eru 20-60sm háir og rúmlega 1m á breidd. Veggir eru algrónir grasi og mosa og þýfðir. Útbrúnir þeirra eru hærri en innbrúnirnar. Ógreinilegt framhald er á vestur langvegg og gæti hann hafa verið tæplega 3m lengri.

Sæunnarstaðir-43

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í Stekkjarlaut um 650m VSV af bæjarstæðinu á Sæunnarstöðum er fjöldi tófta og sumar þeirra greinilegar stekkjartóftir.

Lýsing

Tóftin snýr NNV/SSA, 5x11m að utanmáli. Veggir eru algrónir og hlaupnir í þúfur. Þeir eru 20-40sm háir og tæplega 2m á breidd. Erfitt var að greina dyr eða hlið en það virðist hafa verið útgangur að minnsta kosti til suðurs. Tóftin er að líkindum tvískipt en þó er möguleiki að nyrðra hólfið skiptist í tvennt en erfitt var að skera úr um það vegna þúfna og hruns úr veggjum. Efni í tóftina hefur að líkindum verið tekið að hluta til austan við tóftina þar sem er 6x7m niðurgrafið svæði.

Sæunnarstaðir-44

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í Stekkjarlaut um 650m VSV af bæjarstæðinu á Sæunnarstöðum er fjöldi tófta og sumar þeirra greinilegar stekkjartóftir.

Lýsing

Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og er 4x5m að utanmáli. Hlið eða dyr hafa verið og snúið til suðausturs. Veggir eru þýfðir, algrónir og jarðsokknir, um 20sm háir og rúmlega 1m á breidd.



Sæunnarstaðir-45

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í Stekkjarlaut um 650m VSV af bæjarstæðinu á Sæunnarstöðum er fjöldi tófta og sumar þeirra greinilegar stekkjartóftir.

Lýsing

Tóftin er um 6x6m að utanmáli, dyr eru ekki greinanlegar. Veggir eru jarðsokknir, um 20sm háir og um 1m á

breidd. Þeir eru þýfðir, illgreinanlegir og á köflum nánast alveg horfnir.

Sæunnarstaðir-46

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft, þúst

Staðhættir

Í Stekkjarlaut um 650m VSV af bæjarstæðinu á Sæunnarstöðum er fjöldi tófta og sumar þeirra greinilegar stekkjartóftir.

Lýsing

Efst í Stekkjarlaut er tóft eða þúst, algróinn ferningur, tæplega 2x2m að utanmáli og um 10-50sm hátt.

Sæunnarstaðir-47

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft, náttúrulegt

Staðhættir

Í Stekkjarlaut um 650m VSV af bæjarstæðinu á Sæunnarstöðum er fjöldi tófta og sumar þeirra greinilegar stekkjartóftir.

Lýsing

Í aflíðandi halla ofan við Stekkjarlaut eru grasi og mosa grónar þúfur sem gætu verið veggir eða veggjaleifar en einnig gæti verið um náttúrulegt fyrirbæri að ræða. Meintir veggir eru 20-30sm háir og um 1m á breidd.



Sæunnarstaðir-48

Hlutverk: Óþekkt, varða

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á lítt grónum mel í fjallsbrekkunni rúmlega 1,2km vestur af Sæunnarstöðum er grjóthleðsla eða hrúga.

Lýsing

Töluvert af grjóti hefur verið safnað saman í hrúgu sem er um 2x2,5m að utanmáli og um 30sm á hæð.



Mynd 5. Horft er til suðausturs og sér í Haukagil í baksýn.

Sæunnarstaðir-49**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Garðlag**Staðhættir**

Neðst eða syðst í grónum hvammi austan við Seljadalslæk er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er hlaðið í vinkel upp við brekku og afmarkar þar 7x7m svæði. Það er lyngi gróið, 20-40sm hátt og rúmlega 1m á breidd.

Sæunnarstaðir-50**Hlutverk:** Mógröf**Tegund:** Niðurgröftur**Staðhættir**

Neðst eða syðst í grónum hvammi austan við Seljadalslæk er niðurgröftur.

Lýsing

Niðurgröfturinn er um 280m² og um 50sm djúpur.

Sæunnarstaðir-51**Hlutverk:** Mótóft**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Innan við 10m norður af mógröftum nr. 50 er mótóft.

Lýsing

Gróin tóft sem er tæplega 3m í þvermál og um 30-50sm há.

Sæunnarstaðir-52**Hlutverk:** Mógröf**Tegund:** Niðurgröftur**Staðhættir**


Um 220m austur af Seljadalslæk og 40m upp eða norður af veginum sem liggur að Sæunnarstöðum er mógröf.

Lýsing

Niðurgröfturinn er tæplega 700m að flatarmáli og um 50sm djúpur. Þarna hefur að líkindum verið tekinn mór.


Sæunnarstaðir-53**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Hleðsla**Staðhættir**

Á lítt grónum mel sem er upp af veginum sem liggur fram Hallárdal, um 1,5km VSV af Sæunnarstöðum er hleðsla.



Lýsing

Hleðslan er um 1m í þvermál, nokkur grjót sem hefur verið raðað saman. Hún er um 20sm há.



Sæunnarstaðir-54

Hlutverk: Óþekkt, stekkur og rétt?

Tegund: Tóft


Staðhættir

Á hól, um 50m neðan vegarins sem liggur fram Hallárdal og um 680m VSV af Sæunnarstöðum er tóft.

Lýsing

Tóftin er 8x11m að utanmáli og liggur austur/vestur. Dyr eða hlið hafa verið tvö og snúið til austurs. Nyrðra hólfið er tvískipt og innangengt á milli en eitt

hólf er til suðurs. Tóftin er algróin grasi og ljónslöpp. Veggir eru þýfðir og nokkuð hrundir, 20-50sm háir og um 1,5m á breidd. Vestara hólfið að norðan stendur 20-30sm hærra en hin hólfin og minnir helst á lambakró í stekk. Nokkur upphækkun er undir tóftinni og líklegt að hún sé byggð á eldri minjum.



Sæunnarstaðir-55

Sérheiti: Skriða

Hlutverk: Híbýli, fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir


Á svonefndri Tóftarskriðu sem er austan við merki milli Vakursstaða og Sæunnarstaða eru tóftir.

Lýsing

Tóftin snýr austur/vestur og er 23x26m að utanmáli. Til austurs eru tvístæð fjárhús með heytóft en til vesturs er tóft sem gæti verið híbýlatóft og hún skiptist í að minnsta kosti 5 hólf. Dyrnar á fjárhúsunum hafa verið tvennar og snúið annarsvegar til suðurs en hinsvegar til vesturs. Tvennar dyr eru á vestari helming tóftar, annars vegar til suðurs og hinsvegar til vesturs. Dyr á þeim hluta tóftar eru illgreinanlegar en líkast til hafa bæjardyr verið mót vestri ef um híbýlatóft er að ræða. Veggir eru 20-60sm háir og um 2m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Beint á móti Nóngilsskriðu, hinum megin Hallár, eru Tóftarskriður. Í þeim eru miklar tóttir á einum stað, ef til vill hefur þar einhvern tíma verið býli.“ (Ö-Sæunnarstaðir-2, 2). Í annarri örnefnaskrá segir um landamerki Sæunnarstaða: „(...) þaðan ræður Seljadalslækur, sem rennur um Tóftarskriður í Hallá.“ (Ö-Sæunnarstaðir-1, 1).



Sæunnarstaðir-56

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á svonefndri Tóftarskriðu sem er austan við merkin milli Vakursstaða og Sæunnarstaða eru tóftir.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður og er 8x12m að utanmáli. Til austurs hafa verið hús með tveimur króm, garða og heytóft til norðurs. Til vesturs er ein kró og heytóft til norðurs. Dyr hafa verið og snúið til austurs annarsvegar og vesturs hinsvegar. Veggir eru 20-60sm háir og rúmlega 1m á breidd. Þeir eru grasi og mosa grónir og þýfðir.

Sæunnarstaðir-57

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Sunnarlega á Tóftarskriðu er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr ANA/VSV og hafa dyr verið til VSV. Hún er 4x5m að utanmáli og er mjög regluleg að lögun. Veggir eru stæðilegir, 30-80sm háir og rúmlega 1m á breidd. Tóftin er algróin grasi og mosa.



Sæunnarstaðir-58

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Tæplega 10m norður af tóft nr. 55 er niðurgröftur.

Lýsing

Niðurgröfturinn er 1x2m að utanmáli, um 40sm djúpur og grasi gróinn.



Sæunnarstaðir-59

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 20m NNV af meintri bæjartóft nr. 53 er önnur tóft.

Lýsing

Tóftin stendur á nokkurri upphækkun og hefur hugsanlega verið byggð á eldri minjum. Hún er 5x5m að utanmáli og algróin. Veggir eru hrundir og þýfðir, 20-30sm háir og um 1,5m á breidd.

Sæunnarstaðir-60

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Gata

Staðhættir

Gata liggur til austurs frá tóftum á Tóftarskriðu, líklega heimreið.

Lýsing

Gatan liggur til austurs og síðan til norðausturs og er rúmlega 200m á lengd þar til hún hverfur. Mögulega hefur framhald götunnar verið þar sem akvegurinn fram dalinn er í dag.

Sæunnarstaðir-61

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Gata

Staðhættir

Gata liggur til austurs frá tóftum á Tóftarskriðu, líklega heimreið (nr. 60) og önnur gata liggur til norðausturs frá fjárhúsunum og upp að veginum sem liggur fram Hallárdalinn.

Lýsing

Gatan liggur til austurs og síðan til norðausturs og er rúmlega 200m á lengd þar til hún hverfur. Mögulega hefur framhald götunnar verið þar sem akvegurinn fram dalinn er í dag.

Sæunnarstaðir-62

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst


Hættumat: Minjarnar gætu verið í hættu vegna landbrots en þær liggja fram á árbakka Hallár.

Staðhættir

Á syðri árbakka Hallár gegnt staðnum þar sem að Seljadalslækur rennur í ána er þúst.

Lýsing

Þústin er grasi og mosa gróin og sker sig úr umhverfi og virðist vera manngerð. Hún er um 30sm há og 2x2,5m að utanmáli.



Sæunnarstaðir-63

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag


Hættumat: Minjarnar gætu verið í hættu vegna landbrots en þær liggja fram á árbakka Hallár.

Staðhættir

Á syðri árbakka Hallár gegnt staðnum þar sem að Seljadalslækur rennur í ána er þúst nr. 62 og 10m vestan við hana er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er rúmlega 3m á lengd og rúmlega 1m á breidd, 30sm hátt. Það liggur frá árbakkanum úr norðri til suðurs.



Sæunnarstaðir-64

Hlutverk: Óþekkt, beitarhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fremst á smá hæð sem er suður eða upp af Hallá og um 1100m suðvestur frá Sæunnarstöðum er tóft.

Lýsing

Tóftin sem er tvískipt, liggur norður/suður með dyr eða hlið til vesturs. Veggir eru grónir og að nokkru komnir í þúfur, það sér í grjót á nokkrum stöðum. Þeir eru 20-50sm háir, hærri til norðurs, og rúmlega 1m á breidd. Tóftin er á smá upphækkun og virðist byggð á eldri minjum.

Sæunnarstaðir-65

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Neðst í gróinni skriðu, sunnan Hallár, um 1,3km suðvestur af Sæunnarstöðum er tóft.

Lýsing

Tóftin er 3x5m að utanmáli og liggur NNA/SSV. Veggir eru algrónir, hlaupnir í þúfur og frekar illa farnir og því erfitt að greina nákvæma lögun. Þeir eru 20-30sm háir og um 1m á breidd.



Sæunnarstaðir-66

Hlutverk: Óþekkt, beitarhús, heytóft


Tegund: Tóft

Staðhættir

Utanvert í gróinni skriðu, sunnan Hallár, rúmlega 1,3km suðvestur af Sæunnarstöðum er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr nokkurn veginn austur/vestur og hafa dyr verið á norðaustur horni. Veggir eru algrónir og hlaupnir í þúfur, 20-50sm háir og um 1,5m á breidd.



Sæunnarstaðir-67

Hlutverk: Óþekkt, rétt


Tegund: Tóft


Staðhættir

Í aflíðandi brekku, í vesturjaðri gróinnar skriðu, rúmlega 1100m suðvestur af Sæunnarstöðum er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norðaustur/suðvestur og er 4x8m að utanmáli. Veggir eru algrónir, 30sm háir og mest rúmlega 1m á breidd. Norðausturendi tóftar er illa farinn en þó algróinn. Gróður á tóftinni er grænni en umhverfi hennar og sést hún því greinilega.





Sæunnarstaðir-68

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á lækjarbakka, vestan Haukagils, um 900m suðaustur af Sæunnarstöðum er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður, 5x8m að utanmáli og hafa dyr snúið til norðurs. Hún er algróin lyngi, mjög þýfð og hefur samlagast umhverfi sínu. Veggir

eru jarðsokknir, 20-60sm háir og rúmlega 1m á breidd.

Sæunnarstaðir-69

Hlutverk: Óþekkt, stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Við fjallsrætur vestan Haukagils, rúmlega 900m suðaustur af Sæunnarstöðum er tóft.

Lýsing

Tóftin er 7x9m að utanmáli og snýr austur/vestur. Austara hólfið er nokkuð minna og liggur um 30sm hærra en hitt, hugsanlega kró í stekk. Sé þetta stekkjartóft er réttin vestan við og eru hlið á báðum hölfum til norðurs. Veggir eru 10-30sm háir og rúmlega 1m á breidd.



Sæunnarstaðir-70

Sérheiti: Haukastaðir

Hlutverk: Sel, híbýli?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Ofarlega á Haukagilsskriðu, rúmlega 1km suðaustur frá Sæunnarstöðum er tóft.


Lýsing

Tóftin skiptist í fjögur hól, liggur norðaustur-/suðvestur og er 8x16m að utanmáli. Suðurhluti tóftar er fremur ógreinilegur og dyr líka en hlið hefur verið til norðvesturs á því sem virðist vera kvíar, aflangt hól sem er norðvesturhluti tóftar. Veggir eru að hluta komnir í þúfur, 20-60sm háir og mest 3m á breidd. Þeir eru algrónir, grasi, mosa og lyngi.

Aðrar upplýsingar

Í sýslu og sóknalýsingum segir: „[...] en Haukabungur eru gagnvart Sæunnarstöðum ofan undan Haukaskarði (Það dregur eflaust nafn af haukum, því að þar verpa haukar og smyrlar í klettunum fram með Haukaskarðslæknum, en þó er sögn um, að þar hafi býli verið og heitið Haukastaðir.).“ (Sýslu- og sóknalýsingar 1,

145). Í sýslu og sóknalýsingum segir: „Bláland dregur líklega nafn af bláleitum skriðum upp undan í Hörfelli. Það stendur fyrir ofan Kjöl, hér um bil í sömu röð og Kambakot og Sléttárdalssel eða litlu ofar, allskammt frá Hallárdalsá, og er það hinn eini bær í sunnanverðum Hallárdal (Hauksstaðir undir Haukaskarði í Sæunnarstaða landi sunnan ár er talið eyðijörð.).“ (Sýslu- og sóknalýsingar 1, 153). Í eyðibýlatali í Húnaþingi III segir: „Haukaskarð nefnist skarðið, er liggur suður úr Hallárdal til Brunnárdals, á milli Sæunnarstaða og Bergsstaða. Undan skarði þessu, eða gagnvart áður nefndum bæjum, eru þekkt a.m.k. þrjú nöfn á kotum, en ekkert þeirra mun hafa haldist í byggð til lengdar, og ekki nema eitt í einu. Er reyndar ekki ósennilegt, að í rauninni sé um sama kotið að ræða, er gengið hafi undir mismunandi nöfnum, og benda nöfnin sjálf heldur í þá átt: Haukaskriða, gegnt Bergsstöðum, Haukatóftir og Skriða, sunnan Sæunnarstaða. Á Skriðu mun hafa verið búið um skeið á síðustu öld, og taldist hún þá afbýli frá Sæunnarstöðum.“ (Húnaþing III, 285). Þarna gætir misskilnings hjá höfundi því að býlið Skriða mun hafa verið vestast í landi Sæunnarstöðum, við merkin við Vakursstaði og þar eru tóftir býlis (nr. 55-61).



Sæunnarstaðir-71

Hlutverk: Óþekkt, útihús


Tegund: Tóft

Staðhættir

Ofarlega á Haukagilsskriðu, tæplega 1km suðaustur frá Sæunnarstöðum er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norðaustur/suðvestur og er 7x17m að utanmáli. Hún er þrískipt, stórt hólf fyrir miðju en minni til endanna og í þeim eru veggir lægri. Mögulegt er að um einhvers konar gripahús sé að ræða og hólfín til endanna séu heytóftir. Veggir eru grasi grónir en sér í hrun úr vegggleðslum við inngang. Þeir eru 20-100sm háir og tæplega 2m á breidd.



Sæunnarstaðir-72

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austarlega á Haukagilsskriðu, tæplega 1km suðaustur frá Sæunnarstöðum er tóft.

Lýsing

Tóftin er 5x10m að utanmáli og snýr norður/suður. Veggir eru allir hlaupnir í þúfur svo erfitt er að greina lögun tóftar en eitt hólfi virðist a.m.k. vera til norðurs og gæti verið að dyr hefðu snúið til sömu áttar. Veggir eru um 30sm háir.

Sæunnarstaðir-73

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft, náttúrulegt

Staðhættir

Á jaðri Haukagilsskriðu, austan gilsins er mögulega tóft.

Lýsing

Meint tóft liggur upp undir brekku í stefnuna norðvestur/suðaustur. Hún er um 5m á kant að utanmáli, algróin og veggir hlaupnir í þúfur. Þeir eru 20-50sm háir og um 1m á breidd. Engar dyr eru greinanlegar og mögulega er um náttúrulegt fyrirbæri að ræða.



Sæunnarstaðir-74

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Niðurgroftur er í Sæunnarstaðaengi um 240m suður af veginum fram Hallárdal þar sem hann liggur í gegnum Stekkjarlaut.

Lýsing

Niðurgrofturinn var skráður af loftmynd þar sem hann sést mjög greinilega og er um 150m².

Sæunnarstaðir-76**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Tjarnarholt (flt.) eru milli engja og fjalls. Eftir þeim lá vegur.“ (Ö-Sæunnarstaðir-2, 1).

Lýsing

Vegurinn fram Hallárdal liggur eftir Tjarnarholtinu og líklega á sama eða svipuðum stað og reiðleiðin hefur áður gert.

Sæunnarstaðir-77**Hlutverk:** Eyktarmark**Tegund:** Náttúruminjar**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Fyrst verður byrjað hjá Nóngili fyrir sunnan Hallá, sem skipti landinu. Nóngil er eyktarmark frá Sæunnarstöðum.“ (Ö-Sæunnarstaðir-2, 1).

Lýsing

Nóngil er á merkjum Blálands og Sæunnarstaða og er skráð með báðum jörðum (sjá Bláland nr. 34). Punktur var tekinn af loftmynd eftir lýsingu í örnefnaskrá.

Sæunnarstaðir-78**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Gata**Staðhættir**

Gata liggur úr Engjadal út Hallárdal að sunnanverðu og liggur ofan við Bláland og beygir þar til suðurs.

Lýsing

Gatan er vel greinileg á köflum og var hún að hluta skráð á vettvangi en að hluta af loftmynd þar sem hún sést víðast hvar greinilega. Gatan er greinileg í landi Þverár, Sæunnarstaða, Blálands og Kjalarlands.

Sæunnarstaðir-79**Sérheiti:** Náttmálaflói**Hlutverk:** Eyktarmark**Tegund:** Náttúruminjar**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Náttmálaflói eyktarmark.“ (Ö-Sæunnarstaðir-2, 1).

Lýsing

Punktur var tekinn af loftmynd eftir lýsingu í örnefnaskrá.

Sæunnarstaðir-80

Hlutverk: Skemma

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Vestur undan bænum er hóll, sem heitir Skemmuhóll (...).“ (Ö-Sæunnarstaðir-1, 1).

Lýsing

Margar tóftir eru á og við bæjarhólinn og óvíst hvort einhver þeirra hafi verið skemman sem hóllinn dregur nafn af.

Bergsstaðir-söguágrip



Mynd 6. Bæjarhóllinn er grænn og sker sig úr umhverfi sínu. Horft er út Hallárdal til vesturs.

Í máldaga frá 1318 kemur fram að bændur á Bergsstöðum guldu tíund til Spákonufellskirkju og þar áttu þeir leg í kirkjugarði.³³

Ábúð

Árið 1703 eru fimm skráðir til heimilis að Bergsstöðum, ekkja ásamt fjórum börnum sínum.³⁴ Í jarðabók frá 1708 er jörðin sögð í eyði og hafa svo verið í tvö ár. Þar segir jafnframt: „Aftur má hjer byggja ef fólk til fengist.“³⁵

Í jarðabók frá 1708 segir að landi milli Bergsstaða og Sæunnarstaða sé óskipt nema túni og engjum og var því af sumum talið að Bergsstaðir hafi áður tilheyrt Sæunnarstöðum.³⁶

³³ Íslenskt Fornbréfasafn II, 470.

³⁴ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is/>. Skoðaður þann 17. janúar 2012.

³⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 447-8.

³⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 447.

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki (hndr)	Landskuld (hndr)	Kúgildi
Bergsstaðir	1686 ³⁷	Hólastóll	10	0,6	3
Bergsstaðir	1696 ³⁸	Hólastóll	10	0,6	4
Bergsstaðir	1708 ³⁹	Hólastóll	10	0,6	4
Bergsstaðir	1847 ⁴⁰	Bændaeign	10	-	1
Bergsstaðir	1861 ⁴¹	-	5,9	-	-

³⁷ Björn Lárusson, 240.


³⁸ Björn Lárusson, 240.

³⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, 447.

⁴⁰ *Jarðatal á Íslandi*, 245.

⁴¹ *Ný jarðabók*, 90.

Fornleifaskráning



Bergstaðir-1

Hlutverk:

Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Staðhættir

Bæjarhóllinn er vestast í túninu og efst á honum bæjartóftin sem á túnakorti er skráð sem bær og ýmis fénaðarhús.

Lýsing

Bæjarhóllinn er veglegur, um 40m í þvermál. Mikið af náttúrulegum hólum er í

túninu og er bæjarhóllinn í grunninn náttúrulegur. Líklegt er að lengi hafi verið byggt á sama stað og því töluverðar líkur á að eldri minjar leynist undir bæjartóftinni.

Bergstaðir-2

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Staðhættir

Bæjarhóllinn er vestast í túninu og efst á honum bæjartóftin.

Lýsing

Tóftin er 17x30m að utanmáli. Dyr snúa mót suðri og eru a.m.k. þrjár og líklega hefur bærinn skipst í 7-8 hús. Veggir eru nokkuð þýfðir og eru allt að 120sm háir og um 2m á breidd, mismikið hrundir. Tóftin er grasi gróin en grjóthleðslur sjást sumstaðar. Framan (sunnan) við bæjartóftina er bæjarhlaðið og sunnan við það sér í hleðslugrjót í rofi.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati frá 1916-18 segir: „Bæjarhús og geymsluhús lítil og mjög léleg torfhús og flest óstæðileg. Þau rúma: 3 nautgr. 60 sauðfjár og 4 hross.“ (Fasteignamat 1916-1918-undirmat; A-Húnavatnssýsla, (241) 0119r).

Bergstaðir-3

Hlutverk: Fjós

Tegund: Tóft

Staðhættir

Bæjarhóllinn er vestast í túninu og efst á honum bæjartóftin og var fjós heima við bæ.

Lýsing

Ekki er víst hvar fjósið stóð nákvæmlega í bæjarþyrpingunni og því er sama lýsing á fjósi og bæjartóft. Tóftin er 17x30m að utanmáli. Dyr snúa mót suðri og eru a.m.k. þrjár og líklega hefur bærinn skipst í 7-8 hús. Veggir eru nokkuð þýfðir og eru allt að 120sm háir og um 2m á breidd, mismikið hrundir. Tóftin er grasi gróin en grjóthleðslur sjást sumstaðar.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fjós heim við bæinn yfir 3 nautgripi.“ (Ö-Bergsstaðir-1, 1). „Bæjarhús og geymsluhús lítil og mjög léleg torfhús og flest óstæðileg. Þau rúma: 3 nautgr. 60 sauðfjár og 4 hross.“ (Fasteignamat 1916-1918-undirmat; A-Húnavatnssýsla, (241) 0119r).



Mynd 7. Horft er í suðursnið í þúst nr. sem liggur á bæjarhólnum.

Bergstaðir-4

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Bæjarhóllinn er vestast í túninu og efst á honum bæjartóftin. Sunnan við vesturenda hennar er þúst.

Lýsing

Hún er um 2x2m að utanmáli og 50-70sm há, grasi gróin. Rof er í hana til suðurs og sér þar í bein og ösku og því ljóst að um einhverja mannvist er að ræða.

Bergstaðir-5

Hlutverk: Rétt


Tegund: Garðlag


Staðhættir

Á austurbakka bæjarlækjarins, suðvestan undir bæjarhólnum er rétt.

Lýsing

Réttin er nánast ferhyrnd 11x12m að utanmáli. Veggir eru 40-100sm háir og um 2m á breidd. Þeir eru grónir nema þar sem sér í grjóthleðslur. NV-horn er rofið í burtu og veggir að nokkru hrundir en standa annars vel.





Bergstaðir-6

Hlutverk: Óþekkt, rétt, útihús?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á vesturbakka bæjarlækjarins, tæplega 20m vestur af bæjarhólnum er tóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, snýr austur/vestur, 11x12m að utanmáli. Veggir eru algrónir, að nokkru hrundir en um 130sm háir nema á parti til suðurs þar sem þeir eru aðeins um 20sm háir.

Breidd veggja er um 2m. Dyr eða hlið hefur verið á vestari tóft og snúið til suðurs en óvíst er með austari tóftina en þó virðist sem dyr/hlið gæti hafa verið til austurs út að bæjarlæknum.

Bergstaðir-7

Hlutverk: Mylla, brunnhús


Tegund: Tóft

Staðhættir

Á bakka lítills lækjar, um 20m NV af bæjarhólnum er tóft, líklega annaðhvort mylla eða brunnhús.

Lýsing

Tóftin er 3,5x4,5m að utanmáli, algróin. Veggir eru 90sm háir að utan en tóftin um 50sm djúp að innan. Frárennsli er greinilegt frá henni og vatnsstefnan í gegnum tóftina en aðrennsli er ekki greinilegt.



Bergstaðir-8

Hlutverk: Beðasléttur

Tegund: Jarðræktarsvæði

Staðhættir

Utan í bæjarhólnum til suðausturs eru beðasléttur.

Lýsing

Þær liggja NV/SA og eru 17x25m að utanmáli.

Bergstaðir-9

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Norður frá bæjartóftinni er skurður frá bæjarlæknum sem nær inn að bæjartóftinni.

Lýsing

Skurðurinn er grasi gróinn og þúfur í honum. Hann er um 20-40sm djúpur og 50sm breiður.

Aðrar upplýsingar

Úr fasteignamati: „Vatnsból gott innan bæjar.” (Fasteignamat 1916-1918-undirmat; A-Húnavatnssýsla, (241) 0119r.)

Bergstaðir-10

Hlutverk: Framræsla


Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Um 40m suður af bæjarhólnum er norðurendi skurðar sem liggur nánast suður að Hallá.

Lýsing

Skurðurinn var ekki skráður á vettvangi en hann sést vel af loftmynd. Hann er tæplega 150m að lengd.



Bergstaðir-11

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir


Um 20m suður af bæjarhólnum og tæplega 20m suðaustur af tóft nr. 5 er önnur tóft. Við hana er skilti sem á stendur Bergsstaðir.

Lýsing

Tóftin snýr NA/SV, algróin grasi og þýfð, dyr eða hlið eða hafa snúið til NA.

Veggir eru um 30sm háir og um 1m á

breidd. Tóftin minna frekar á heystæði en húsatóft en um hlutverk verður ekkert fullyrt nema með frekari rannsókn.



Bergstaðir-12

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á grónum lágum hól um 50m SA af bæjarhólnum er illgreinanleg tóft.

Lýsing

Tóftin er algróin og mjög óljós en er líklega um 4x10m að utanmáli og snýr NV/SA. Veggir eru algrónir grasi og mosa, þýfðir og um 20sm háir og um 1m á breidd. Tóftin er hugsanlega tvískipt en veggir eru illgreinanlegir og erfitt að greina útlit tóftar.

Aðrar upplýsingar

Hóllinn er mögulega sá sem nefndur er Litli-Einbúi í örnefnaskrá, sunnan hans er Stóri-Einbúi (Ö-Bergsstaðir-2, 1).

Bergstaðir-13

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir


Á grónum hól um 70m SA af bæjarhólnum, er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er algróið, veggir þýfðir og að miklu leyti hrundir, 20-50sm háir og um 1m á breidd. Þeir eru þýfðir og erfitt að greina hlið en bil er á milli þúfna á þremur stöðum þar sem gætu hafa verið hlið, til norðurs, suðurs og austurs. Lítil tóft virðist vera innan garðlagsins sem hefur verið um 15m að þvermáli.

Aðrar upplýsingar

Mögulega sá hóll sem nefndur er Stóri-Einbúi í örnefnaskrá (Ö-Bergsstaðir-2, 1).



Bergstaðir-14

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á grónum hól um 70m SA af bæjarhólnum, er garðlag (nr. 13) og innan þess tóft.

Lýsing

Tóftin snýr nokkurn veginn austur/vestur og hafa dyr snúið til vesturs og mögulega er hlið á garðlaginu (nr. 13) til sömu áttar. Veggir eru 20-40sm háir og 1m á breidd, þeir eru algrónir og þýfðir og mögulegt að meint tóft sé náttúrulegt fyrirbæri.

Aðrar upplýsingar

Mögulega sá hóll sem nefndur er Stóri-Einbúi í örnefnaskrá (Ö-Bergsstaðir-2, 1).

Bergstaðir-15

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft


Staðhættir

Á Vestari-Bæjarhól, í brekku tæplega 30m norður af bæjartóftinni (nr. 2), vestan bæjarlækjar er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður, 4-7x4m að utanmáli. Hún virðist tvískipt en nyrðri hlutinn er óljós og ekki hægt að fullyrða hvort um vegg sé að ræða. Veggir eru annars algrónir, komnir í þúfur, 20-30sm háir og um 1m á breidd.





Bergstaðir-16

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan við bæjarlækinn, við túngarðinn, tæplega 20m norður af bæjartóftinni (nr. 2) er tóft.

Lýsing

Tóftin virðist tvískipt og er 8x9m að utanmáli. Dyr virðast hafa verið á vestara hólfinu til norðurs og aðrar á austara hólfinu til suðurs. Veggir eru

þýfðir og algrónir grasi, 20-50sm háir og um 2m á breidd. Þúfur eru utan við tóftina sem gætu verið leifar veggja. Gata liggur að tóftinni úr austri.

Bergstaðir-17

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Garðlag

Staðhættir

Fremst á Austari-Bæjarhól, um 45m norðaustur af bæjartóftinni (nr. 2) er garðlag.

Lýsing

Garðlagið liggur í boga frá norðri til suðurs með sveig til vesturs. Annaðhvort hefur það verið opið til austurs eða þá að austurveggur er horfinn. Það er grasi gróið, 20-30sm hátt og um metri á breidd.



Bergstaðir-18

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á Austari-Bæjarhól, rúmlega 60m NA af bæjarhólnum er tóft.

Lýsing

Tóftin liggur austur/vestur og er um 4x10m að utanmáli. Veggir eru nokkuð hrundir og komnir í þúfur, 30-100sm háir og um 1m á breidd. Sunnan við tóftina er rúmlega 2m langur veggur sem stendur stakur en tilheyrir að líkindum tóftinni.

Bergstaðir-19**Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Á hól, um 75m austur af bæjartóftinni (nr. 2) er tóft.

Lýsing

Tóftin liggur NNA/SSV, 6x17m að utanmáli. Hún er tvískipt, líklega fjárhús með garða til SSV og heytóft (eða hlaða) til NNA. Tóftin er grasi gróin en sér í grjóthleðslur í veggjum og torf þar sem þeir eru rofnir. Veggir heytóftarinnar eru grónir en hinir rofnari, 20-60sm háir og um 2m á breidd. Veggir eru nokkuð hrundir.

Bergstaðir-20**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Á hól, um 75m austur af bæjartóftinni (nr. 2) er fjárhústóft (nr. 19) og önnur tóft suðvestan við hana.

Lýsing

Tóftin er 4x5m að utanmáli og gætu dyr hafa verið dyr norðaustur. Veggir eru algrónir og sokknir, um 30sm háir og rúmlega 1m á breidd. Tóftin virðist vera hringlaga en veggir eru nokkuð misgreinilegir og því erfitt að átta sig nákvæmlega á útliti tóftar og mögulegt er að hún sé nokkru stærri en getið er hér að framan.

Bergstaðir-21**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst**Staðhættir**


Á hól, um 75m austur af bæjartóftinni (nr. 2) er fjárhústóft (nr. 19) og norðvestan við hana er þúst.

Lýsing

Þústin er í túni 3x6m að utanmáli. Engin veggjalög eru greinileg en mögulegt er að þústin sé leifar einhverskonar mannvirkis eða mannvistar af einhverju tagi.

Bergstaðir-22**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Hóll**Staðhættir**

Á hól, um 75m austur af bæjartóftinni (nr. 2) er fjárhústóft (nr. 19) og 20m norðvestan við hana er smá hóll.



Lýsing

Hóllinn er 5x7m að utanmáli, sléttur að ofan og sker sig nokkuð úr umhverfi. Engin veggjalög sjást á hólnum en útlit hans bendir til að um mannvistarleifar sé að ræða og hugsanlega hefur staðið þarna eitthvert mannvirki.

Bergstaðir-23

Hlutverk: Fjárhús



Tegund: Tóft

Staðhættir

Á hól, um 110m austur af bæjartóftinni (nr. 2) og 35m suðaustur af fjárhústóft nr. 19 er önnur tóft, líklega fjárhús.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður og er 6x19m að utanmáli, að líkindum fjárhús með garða til suðurs en heytóft til norðurs og innangengt í hana. Veggir eru grasi og mosa grónir en sér í grjót í veggjum og garða. Þeir eru nokkuð hrundir í heytóftinni en eru almennt um 30-50sm háir og um 2m á breidd. Tvennar dyr eru, aðrar mót vestri en hinar til suðurs. Gata liggur að tóftinni úr báðum áttum.



Bergstaðir-24

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Framarlega á hólrana, rúmlega 130m ASA af bæjarhólnum og tæplega 20m suðaustur af fjárhústóft nr. 23 er önnur tóft, minni.

Lýsing

Tóftin er 4x7m að utanmáli og liggur nánast austur/vestur. Veggir eru lágir eða um 10sm á hæð og um 1m á breidd.

Þeir eru að nokkru þýfðir, nánast algrónir grasi en sér í grjót í vegg. Tóftin virðist tvískipt en erfitt er að greina dyr á henni en þó gæti mótað fyrir dyrum til suðurs. Útmörk eru ógreinileg og gæti tóftin verið heldur stærri en uppmæling hennar segir til um.

Bergstaðir-25

Hlutverk: Stekkur, rétt

Tegund: Garðlag

Staðhættir


Rúmlega 150m ASA af bæjarhólnum og um 13m austur af tóft nr. 24 er tóft, hugsanlega stekkjartóft. Norðaustan við austur enda tóftarinnar rennur lækur og er það að líkindum sá sem í örnefnaskrá (sjá örnefnaskrá Bergstaðir-2, 2) er nefndur Stekkjarlækur.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, 6x12m að utanmáli og snýr austur/vestur. Tvennar dyr eða hlið hafa verið, annars vegar til austurs á stærra hólfi (rétt?) en til vesturs á minna hólfi (kró?), mögulega hefur verið innangengt á milli hólfa. Veggir eru 30-80sm á hæð og um 2m á breidd, þeir eru nánast algrónir en sér í grjót við hlið mót austri. Þeir standa ágætlega en eru hrundir á köflum og smá þýfðir.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir „Austan við Breiðar norðan túns er allstór gildrag, sem Bæjargil heitir. Austan þess er langur melur, sem Langimelur heitir. Austan hans er Stekkjargil. Norður af því er Stekkjartunga. Eftir giljunum renna Bæjarlækur og Stekkjarlækur.“ (Ö-Bergsstaðir-2, 2).



Bergstaðir-26

Hlutverk: Hesthús, fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 110m ANA af bæjar-tóftinni er holl (mögulega sá sem nefndur er hesthúshóll í örnefnaskrá) og á honum tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norðursuður, 8x12m að utanmáli. Hún er þrískipt, lítið hólf

við SV-horn en stærri kró til austurs og heytóft að líkindum til norðurs. Engin garði er í tóftinni. Veggir eru 30-100sm háir og um 2m á breidd, svolítið hrundir og komnir í þúfur. Það sér í grjóthleðslur í veggjum en tóftin er að öðru leyti grasi gróin.

Bergstaðir-27

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 100m NA af bæjartóftinni og tæplega 10m NV af tóft nr. 26 er önnur tóft.

Lýsing

Hún liggur NA/SV, 7x10m að utanmáli, þrí- eða fjórskipt. Að minnsta kosti tvennar dyr eru og snúa til SV og mögulega þær þriðju sem snúa til NA. Veggir eru jarðsokknir, 20-60sm háir og um 1m á breidd. Þeir eru algrónir grasi og mosa og örlítið þýfðir.

Bergstaðir-28

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft, náttúrulegt

Staðhættir

Í grónu dragi um 25m norðvestur af tóft nr. 26 virðist vera tóft eða garðlag, einhvers konar aðhald sem þó gæti verið náttúrumyndun.

Lýsing

Meint garðlag er 3x12m að utanmáli, tvö hólf sem afmörkuð eru af útveggjum og einn veggur er á milli. Tóftin liggur sunnan undir brekku sem gegnir hlutverki norðurveggjar. Veggir eru um 50sm háir og um 1m á breidd, grasi grónir.



Bergstaðir-29

Hlutverk: Óþekkt, kofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 25m SA af tóft nr. 26 er lítil tóft.

Lýsing

Tóftin er 1,5x2m að utanmáli, opin til austurs þar sem gætu hafa verið dyr. Hún er algróin en veggir líklega hlaðnir úr grjóti, þeir eru 10-40sm háir og tæpur 1m á breidd. Þúfur eru inni í tóftinni og veggir smápýfðir.

Bergstaðir-30

Hlutverk: Óþekkt, kofi


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í grasi grónu gili, líklega því sem nefnt er í örnefnaskrá Stekkjargil (sjá Ö-Bergsstaðir-2, 2), vestan lækjarins sem eftir því rennur (Stekkjarlæk), 40m austur af tóft nr. 26 er lítil tóft.

Lýsing

Tóftin er 2x4m að utanmáli, grasi gróin en sér í grjót í veggjum. Veggir eru um 40sm háir að utan en aðeins um 10sm að innan og um 1m á breidd.



Bergstaðir-31

Hlutverk: Óþekkt, stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir

Á grasi grónum bala í austanverðu Bæjargili (sem liggur norðan við bæinn), austur undir Langamel, tæplega 190m NNA af bæjartóftinni (nr. 2) er tóft.

Lýsing

Hún er 5x10m að utanmáli, tvískipt og virðist garðlag liggja til norðurs frá tóftinni sem gæti hafa verið til þess að auðvelda innrekstur. Útlit tóftar minnir á stekk og hefur þá réttin að líkindum verið til norðvesturs en króin til suðausturs. Hlið hefur verið á hvorutveggja, annars vegar til suðvesturs en hin til norðausturs. Veggir eru grasi grónir.



Mynd 8. Steinninn fyrri miðri mynd. Horft er til SA heim að bæ.

Bergstaðir-32

Hlutverk: Huldufólksbústaður

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í bæjargilinu vestanverðu um 70m NV af bæjartóftinni (nr. 2) er stór steinn um 80sm á hæð.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Út og upp í túnjaðrinum er stór steinn, er átti að hafa verið bústaður álfa. Drag er á milli túnsins og melsins; er steinn í því; má ekki slá það; átti af því að hljóta illt.“ (Ö-Bergsstaðir-1, 1).

Bergstaðir-33

Hlutverk: Óþekkt, útihús?


Tegund: Tóft

Staðhættir

Á grónu holti, vestan túns, rúmlega 140m vestur (VSV) af bæjartóftinni er tóft.

Lýsing

Tóftin er þrískipt, snýr norður/suður 6x12m að utanmáli, að líkindum gripahús með heytóft til norðurs. Dyr eru til suðurs og innangengt á milli syðri hólfa en dyr á heytóft snúa til austurs. Veggir eru 30-60sm háir og um 2m á breidd, að hluta þýfðir, algrónir en grjót er inni í tóftinni.



Bergstaðir-34

Hlutverk: Mógröf


Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Í aflíðandi brekku, rúma 110m VNV af bæjartóftunum (nr. 2) eru mógrafir.

Lýsing

Mógrafirnar eru um 1m djúpar og ná yfir 600m² svæði.



Bergstaðir-35

Hlutverk: Mótóft


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í aflíðandi brekku, rúma 110m VNV af bæjartóftunum (nr. 2) eru mógrafir og á mel rúmlega 20m SA af þeim er mótóft.

Lýsing

Tóftin er 2x4m að utanmáli og snýr NNA/SSV. Veggir eru algrónir, grasi, mosa og lyngi, 30sm háir og 40-50sm breiðir.



Bergstaðir-36

Sérheiti: Grænatóft/Goðatóft

Hlutverk: Óþekkt, rétt, heystæði, fjárborg

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á hól, sem er umlukin mýri, er tóft sem nefnd er Grænatóft/Goðatóft og liggur á merkjum milli Bergstaða og Sæunnarstaða.

Lýsing

Tóftin er nokkurn veginn hringlaga, 9m að þvermáli og stendur á nokkuð umfangsmiklum hól, mögulega eldri minjum. Veggir eru 30-90sm háir og tæplega 2m á breidd. Þeir eru þýfðir, algrónir grasi og mosa og einnig eru þúfur inni í tóftinni.

Aðrar upplýsingar

Í landamerkjaskrá Bergsstaða segir: „Að vestan, á milli Bergsstaða og Sæunnarstaða, ræður merkjum bein lína frá Hallárdalsá, vestanvert við Grænutóft, eftir torfvörðum á Breiðinni til brúnar, um krókinn á Egilsstekkjarlæk, [...]“. (Landamerkjabók A-Hún (1890), skjal nr. 160). Í örnefnaskrá eru tóftirnar nefndar Goðatóftir (Ö-Bergsstaðir-2, 1).

Bergstaðir-37

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Skammt austan við merki milli Sæunnarstaða og Bergsstaða um 125m NV af tóft nr. 36 (Grænatóft/Goðatóft) eru mógrafir.

Lýsing

Mógrafirnar voru skráðar af loftmynd. Þær ná yfir um 770m² svæði.



Mynd 9. Mógrafir nr. 38 fyrir miðri mynd. Horft er til suðausturs í átt að Haukaskarði.

Bergstaðir-38

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Við landamerki milli Sæunnarstaða og Bergsstaða á gilbrún austan Ranaskálalækjar eru mógrafir og við þær mótóftir. Þær eru 670m NV af bæjarstæðinu.

Lýsing

Grafirnar eru um 570m² og um 120sm djúpar.

Bergstaðir-39**Hlutverk:** Mótóft**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Um 70m SV af mógröfum nr. 38 er tóft, líklega mótóft.

Lýsing

Tóftin er 2x5m að utanmáli og snýr næstum norður/suður, opin við SA-horn. Veggir eru 30-40sm háir, algrónir en grjót er við tóftina.

Bergstaðir-40**Hlutverk:** Mótóft**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Um 30m SV af mógröfum nr. 38 er mótóft.

Lýsing

Tóftin er um 3x3m að utanmáli og er opin til suðurs. Veggir eru 20-40sm háir og innan við 1m á breidd. Þeir eru algrónir og þýfðir.

Bergstaðir-41**Hlutverk:** Mótóft**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Tæplega 20m norðvestur af mógröf nr. 38 er mótóft.

Lýsing


Tóftin er 2,5m að utanmáli. Veggir eru illa farnir, rofnir, 20sm háir og 50sm breiðir. Þeir eru algrónir og þýfðir.

Bergstaðir-42**Hlutverk:** Mótóft**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Um 25m norðvestur af mógröfum nr. 38 er mótóft.

Lýsing

Tóftin er 2,5x3,5m að utanmáli, opin til NA. Veggir eru 20-30sm háir og rúmlega 50sm breiðir. Tóftin er algróin en steinar sjást í veggjum.

Bergstaðir-43**Hlutverk:** Mógröf**Tegund:** Niðurgroftur

Staðhættir

Við landamerki milli Sæunnarstaða og Bergstaða á gilbrún austan Ranaskálalækjar er mógröf, 730m NV af bæjarstæðinu.

Lýsing

Mógröfin er 180m² og 30-70sm að dýpt.



Mynd 10. Horft er til suðurs yfir mógrafirnar í átt að Haukagili.

Bergstaðir-44

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Við landamerki milli Sæunnarstaða og Bergsstaða á gilbrún austan Ranaskálalækjar, 830m NV af bæjarstæðinu er mógröf.

Lýsing

Hún er um 600m² að flatarmáli og um 1m að dýpt.

Bergstaðir-45

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 15m vestur af mógröf nr. 44 er mótóft.

Lýsing

Hún snýr norður/suður, 2,5x3m að utarmáli, opin til suðurs. Veggir eru grasi grónir 10-30sm háir, tæplega 1m á breidd.

Bergstaðir-46

Sérheiti: Vörðumelur

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Á háum mel um 450m NV af bæjarstæðinu er varða.

Lýsing

Engin hlaðin varða var á Vörðumel en 60sm hár steinn er efst á melnum. Gróið er upp að honum og eitthvað er af litlu grjóti við hann og stærra grjót neðan við.



Mynd 11. Steinn á Vörðumel. Horft er til ASA.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir „Vestan túnsins eru melhólar, sem venjulega voru kölluð Holt. Vestan þeirra að merkjum eru víðáttumiklar breiðar, sem heita Breiðar. Norður af þeim liggur brekknabelti, sem nefnast Brúnir. Á þeim er hár melhóll með vörðu á, sem Vörðumelur heitir.“ (Ö-Bergsstaðir-2, 2).



Mynd 12. Mógrafir á brúnunum ofan við bæinn. Horft er til ASA.

Bergstaðir-48

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Þúst

Staðhættir

Í fjallinu ofan við bæinn, um 850m NNA af bæjarstæðinu er mógröf nr. 47 og 30m suðvestan hennar er þúst.

Lýsing

Þústin er um 2x5m að utanmáli og 10sm há. Hún er á melkolli þar sem er þurrt og líklegt er að þarna hafi verið þurrkaður og/eða geymdur mór.



Mynd 13. Varðan fyrir miðri mynd en í baksýn sér í fossana í ánni. Horft er til NNA.

Bergstaðir-47

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í fjallinu ofan við bæinn, um 850m NNA af bæjarstæðinu er mógröf.

Lýsing

Grafirnar eru um 340m² að flatarmáli og um 1m á dýpt.

Bergstaðir-49

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Á austurbrún Stóralækjargils, efst, þar sem tveir fossar falla í beygju á ánni er varða.

Lýsing

Varðan er um 1x0,7m að grunnmáli og um 30sm há.



Mynd 14. Varðan fremst á brekkubrún og neðan við er gróíð gil. Horft er til SA.



Mynd 15. Smá varða fermst á brekkunni ofan Bergstaða. Horft er til SA.



Mynd 16. Varðan fyrir miðri mynd. Horft er til SA og í baksýn sést í bæjarstæðið á Þverá.

Bergstaðir-50

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Fremst á brekkubrún um 900m ofan eða norðaustan bæjar er varða. Hún liggur um 90m ANA af vörðu nr. 49.

Lýsing

Varðan er 50sm há, 80x120sm að grunnmáli, hlaðin úr nokkuð stóru grjóti en hleðslan er ekki vönduð.

Bergstaðir-51

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Fremst á brekkubrún tæplega 1km norðaustan bæjar er varða.

Lýsing

Hún er ekki upphlaðin heldur er nokkrum steinum raðað saman og sem smá vörðu. Hún er 75x75sm að grunnmáli og um 20sm að hæð.

Bergstaðir-52

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Fremst á brekkubrún tæplega 1,2km norðaustan bæjar er varða.

Lýsing

Varðan 30sm há og 1x0,8m að grunnmáli.



Mynd 17. Varða á melhól. Horft er til suðurs í átt að Hallá.

Bergstaðir-53

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Varða

Staðhættir

Á lágum melkolli, tæpa 800m austur af bæjarstæðinu og rúma 130m norðan Hallár er varða.

Lýsing

Varðan er lítil, ekki upphlaðin heldur eru nokkrir steinar sett saman. Hún er 60x60sm að grunnmáli og um 20 há.



Bergstaðir-54

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft


Staðhættir

Á lækjarbakka, neðst í gili (Mógili?) um 530m austur (ANA) af bæjarhólnum er tóft.

Lýsing

Tóftin er 5x9m að utanmáli og snýr norðaustur/suðvestur. Veggir eru algrónir, að hluta illa farnir og hrundir og norðvestur veggur er nánast horfinn. Þeir

eru 10-30sm háir og 1m á breidd. Tóftin er hugsanlega tvískipt en lítið hólf virðist vera til norðausturs sem er þó hugsanlega myndað af hruni úr vegg.



Bergstaðir-55

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á lækjarbakka um 530m austur af bæjarstæðinu er stekkjartóft. Umhverfis tóftina er bæði gras- og mýrlendi.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, 6x7m að utanmáli og er rétt til vesturs en kró til austurs. Hlið hefur verið á réttinni til norðurs en á norðaustur horni króarinnar. Veggir eru

algrónir grasi, 30-40sm háir og um 1m á breidd, þeir eru að nokkru komnir í þúfur. Tóftin virðist að hluta niðurgrafin.



Mynd 18. Horft er til SA yfir meinta hey- eða mótóft.

Bergstaðir-56

Hlutverk: Óþekkt, heytóft, mótóft

Tegund: Þúst

Staðhættir

Á lækjarbakka, rúmlega 540m austur af bæjarhólnum er þúst. Hún stendur á þurru stórhýfðum rinda.

Lýsing

Þústin er 5x6m að utanmáli, nánast hringlaga, og um 30-70sm há, algróin grasi og mosa. Hún virðist manngerð og útlit minnir helst á hey- eða mótóft.

Bergstaðir-57

Hlutverk: Stekkur



Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 450m austur af bæjarstæðinu er stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður og er 8x13m að utanmáli. Rétt er til vesturs en kró til austurs og hlið á þeim báðum við SA-horn. Veggir eru grasi og mosa grónir, svolítið hrundir og að hluta þýfðir, 30-50sm háir og um 1m á breidd. Framan eða sunnan við tóftina er smá niðurgroftur þar sem virðist hafa verið tekið a.m.k. hluti af efninu í tóftina.



Bergstaðir-58

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 450m austur af bæjarstæðinu er stekkjartóft sjá nr. 57 og 30m sunnan hennar eru tvær stekkjartóftir.

Lýsing

Austari tóftin er um 5,5x6m að utanmáli. Innangengt hefur verið milli króar sem er til norðvesturs og réttar til suðausturs og hlið hefur verið á stekknunum til

austurs. Veggir eru algrónir og þýfðir, 30-60sm háir og rúmur 1m á breidd. Króin stendur um 30sm hærra en réttin.

Bergstaðir-59

Hlutverk: Stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 450m austur af bæjarstæðinu er stekkjartóft nr. 57 og 30m sunnan hennar eru tvær stekkjartóftir.

Lýsing

Vestari tóftin liggur norðaustur/suðvestur, 5x9m að utanmáli. Króin er til suðvesturs og hefur verið hlið út úr henni til vesturs og innangengt í rétt en hlið réttarinnar hefur hefur snúið til austurs. Veggir eru hrundir, þýfðir og algrónir grasi og mosa. Þeir eru 20-50sm háir og um 2m á breidd. Tóftin fellur nokkuð vel að umhverfi sínu.



Bergstaðir-60

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 300m austur af bæjarhólnum er stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin snýr austur/vestur, 6x14m að utanmáli. Króin er til austurs og stendur um 30-40sm hærra en réttin, innangengt er á milli. Réttin er tvískipt og hefur hlið verið á henni til suðurs. Veggir eru 30-

100sm háir og um 2m á breidd. Þeir eru algrónir en sér í grjóti inni í tóftinni. Veggir eru nokkuð hrundir.

Bergstaðir-61

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag, náttúrulegt?

Staðhættir

Um 300m austur af bæjarhólnum er stekkjartóft nr. 60 og beint vestur af henni er mögulega garðlag.

Lýsing

Garðlag virðist liggja út frá grasbrekku vestan stekkjartóftarinnar. Óvíst er samt hvort það er manngert eða hvort um náttúrulegt fyrirbæri er að ræða. Meint garðlag er 90sm hátt og tæplega 1m á breidd. Það er nokkuð hrúnið, gróið grasi og mosa.

Bergstaðir-62

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Á engjunum milli bæjar og Hallár eru tvær mógrafir, sú vestari um 140m SA af bæjarhólnum.

Lýsing

Mógröfin er um 260m², hún var skráð af loftmynd.

Bergstaðir-63

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Á engjunum milli bæjar og Hallár eru tvær mógrafir, sú vestari sú austari rúmlega 300m suðaustur af bænum.

Lýsing

Mógröfin er rúmlega 130m², hún var skráð af loftmynd.



Mynd 19. Horft er yfir mógröfina til suðaustur og sér í Hallá á bakvið.

Bergstaðir-64

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Skammt frá merkjum Bergstaða og Þverár, líklega Bergstaðamegin er mógröf.

Lýsing

Mógröfin er tæplega 600m² að flatarmáli og tæpur metri að dýpt.

Bergstaðir-65

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Skammt frá merkjum Bergstaða og Þverár, líklega Bergstaðamegin er mógröf.

Lýsing

Mógröfin er tæpir 60m² að flatarmáli og um 70sm djúp.



Mynd 20. Horft til norðurs yfir mógröfina (nr. 65).

Bergstaðir-66**Hlutverk:** Óþekkt, rétt?**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Í aflíðandi halla á norðurbakka Hallár, um 870m austur af bæjarhólnum á Bergstöðum er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður og virðist a.m.k. vera þrískipt með þrennar dyr, tvær mót vestri og einar til suðurs. Veggir eru algrónir og að nokkru komnir í þúfur og einnig er þýft inni tóftinni. Þeir eru 30-50sm háir og um 1m á breidd. Mikill gróður er á tóftinni og erfitt að greina lögun nákvæmlega.

**Bergstaðir-67****Hlutverk:** Mógröf**Tegund:** Niðurgroftur**Staðhættir**

Um 570m austur af bæjarhól Bergstaða er mógröf.

Lýsing

Mógröfin er tæplega 500m² og um 1m á dýpt.

Bergstaðir-68**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Slétt svæði**Staðhættir**

Um 80m austur af bæjarhólnum, nokkurn vegin miðja vegur milli fjárhústófta nr. 19 og 23 er slétt flöt. Engin veggjalög sjást eða önnur merki um byggingu en svæðið virðist vera sléttað. Hlutverk er óvíst en þarna gæti hafa staðið eitthvert mannvirki.

Bergstaðir-69**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Gata**Staðhættir**

Gata liggur þvert yfir túnið á Bergstöðum frekar ofarlega og heldur áfram austur og er greinileg nokkurn veginn austur að merkjum við Þverá. Hún sést einnig til vesturs frá bænum og er þá einnig greinileg nokkurn veginn að merkjum við Sæunnarstaði. Gatan liggur ofan við bæjarstaðið og eru talsverðir grafningar meðfram henni innan túnsins.

Bergstaðir-70

Hlutverk: Leið, heimreið

Tegund: Gata

Staðhættir

Gata liggur ofan við bæjarstæðið (nr. 69) og önnur gata, heimreið, liggur framan við bæinn og hefur legið bæði til austurs og vesturs frá bænum og sameinast hún fyrrnefndri götu vestan við bæinn.

Þverá-söguágrip

Elsta heimild um Þverá er í jarðakaupabréfi fyrir jörðina Finnsstaði frá árinu 1387 en þar er sagt að hjónin Þorgils Ólafsson og Þorgerður Grímsdóttir hafi selt Þórði Þórðarsyni presti jörðina Þverá í Hallárdal.⁴² Í Vísitafli Jóns Vilhjálmssonar Hólabiskups um Húnavatns- og Hegranesþing sem gerð var árið 1432 segir að tíund hafi ekki verið greidd til kirkjunnar á Spákonufelli í mörg ár.⁴³

Ábúð

Að jafnaði hafa nokkuð margir verið til heimilis að Þverá og stundum tvíbýli. Fæstir eru skráðir til heimilis árin 1835 og 1840 eða 10 heimilismenn en fjölmennast árið 1860 en þá eru taldir 19 til heimilis.⁴⁴ Jörðin fór í eyði árið 1938.⁴⁵

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki (hndr)	Landskuld (hndr)	Kúgildi
Þverá	1686 ⁴⁶	-	10	0,4	3
Þverá	1696 ⁴⁷	-	10	0,6	3
Þverá	1708 ⁴⁸	Bændaeign	10	0,6	3
Þverá	1847 ⁴⁹	Bændaeign	10	0,6	2
Þverá	1861 ⁵⁰	-	13	-	-

Í jarðabók frá 1708 segir: „Túninu grandar Þverá með landbroti og grjótsáburði, so og grefur bæjarlækurinn sundur völlinn, so þar verða eftir dý og flagleysur. Engjunum grandar leirskriður, sem hlaupa úr brattlendi og snjór, sem liggur oftlega á enginu framyfir mitt sumar, skemmir rótina og hindrar grasvöxtinn. Vetrarhart er mjög, so það ber stundum til, að ábúandi rekur sauðfje sitt til annarra bæja, þar fjarlæggt í sveitinni, og bjargar því þar meðan jarðlaust er heima.“

Vaglinir

Um Vaglin segir í jarðabók frá 1708 „Vaglin, forn eyðijörð hefur í auðn verið í næstu xviii ár. Eigandinn kóngl. Majestat, og er þessi ein af þeim jörðum, sem liggja undir Reynistaðarklaustur. Landskuld vita menn ógjörla hvað mikið verið hefur, þykjast þó heyrta hafa hún hafi áður verið xxx álnir. Leigukúgildi veit enginn nálægur að undirretta hvað mörg verið hafi. Kvaðir öngvar. Fóðrast kunni xx ær. Engin von er til að hjer kunni aftur að byggjast, því hús eru niðri öll og tóftir niður fallnar til grunna, tún ekkert eður túnstæði, slægjur öngvar, sumrhagi nægur en vetrarhart úr máta. Þetta land hefur enginn brúkað í

⁴² Íslenzkt Fornbréfasafn, III, 390.

⁴³ Íslenzkt Fornbréfasafn, IV, 514.

⁴⁴ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is/>. Skoðaður þann 17. janúar 2012.

⁴⁵ Ö-Þverá2, 1.

⁴⁶ Björn Lárusson, 240.

⁴⁷ Björn Lárusson, 240.

⁴⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 446.

⁴⁹ Jarðatal á Íslandi, 245.

⁵⁰ Ný jarðabók, 90.

margt ár til neinna gagnsemda.“⁵¹ Af ofansögðu er ljóst að jörðin hefur farið í eyði einhvern tímann á 17. öld en Vaglaland tilheyrir nú Þverá og í sóknarlýsingu frá 1873 segir: „Sagt er, að Vaglar ættu Lönguhlíð alla og Kvíslar, og væru takmörk þar Smjörskál og Ákabeinsgils, en eigi er ég kunnugur á þeim slóðum, og eigi þekki ég takmörk Vagla og Skínanda (Illhugastaða) á Engjadal.“⁵² Í örnefnaskrá segir: „Frá Smalakofamel að Ákagili heitir Vaglaland. Þar vestur af heitir Sauðadalur.“⁵³

⁵¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, 446.

⁵² *Sýslu og Sóknarlýsingar I*, 141.

⁵³ Ö-Þverá, 1-2.

Fornleifaskráning



Mynd 21. Hópur fólks fyrir framan íbúðarhúsið á Þverá sem reist var 1847. Ljósmynd birt með leyfi Héraðsskjalasafns A-Hún.

fjós, þá Vatnsranghali, þá hlaða, þá hesthús.“ (Ö-Þverá-1, 3). Í annarri skrá segir: „Þverá fór í auðn 1938. Seinasti bóndi þar hét Björn Jóhannsson, flutti á Skagaströnd. Timburhúsið var rífið um veturinn 1940 og viðirnir seldir. Áður var búið að rífa bæ og peningshús. 1941 sást engin spýta, túnið loðið, ekki slegið, ógirt, fullt af skepnum. Eigandi jarðarinnar er Ólafur Björnsson, Árbakka [var eigandi þegar örnefnaskrá var skrifuð]. Stærð timburhússins var 9x6 metrar, kjallari, 1 hæð og loft.“ (Ö-Þverá-2, 1).

Þverá-1

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Hleðsla

Staðhættir


Gamla bæjarstæðið er gróið og liggur á gömlum árbakka, um 40-90m austan Þverár. Nokkrar tóftir eru á bæjarstæðinu sem er grasi gróið og töluverður gróður þegar skráð var sumarið 2012.

Lýsing

Samkvæmt örnefnaskrá var íbúðarhúsið sem byggt var úr timbri rífið um 1940 og sér ekkert eftir nema gróið svæði austan við tóftir hestaréttar. Svæðið er um 6x9m að utanmáli og mótar fyrir kanti að austan og sunnan líklega leifum kjallara eða húsgrunns.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá er bænum svo lýst: „Vestast stóð mjólkurskemma, rétt fyrir austan hana Baldvinsskemma. Í austari húsaröðinni var vestast Stóraskemma, þá hrossarétt og þá íbúðarhús. Í næstu húsallengju var vestast búr, þá eldhús, þá



Þverá-2

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Gamla bæjarstæðið er gróið og liggur á gömlum árbakka, um 40-90m austan Þverár. Nokkrar tóftir eru á bæjarstæðinu sem er grasi gróið og töluverður gróður þegar skráð var sumarið 2012.

Lýsing

Í örnefnaskrá segir „Vestast stóð mjólkurskemma, rétt fyrir austan hana Baldvinsskemma. Í austari húsaröðinni var vestast Stóraskemma, þá hrossarétt og þá íbúðarhús. Í næstu húsalengju var vestast búr, þá eldhús, þá fjós, þá Vatnsranghali, þá hlaða, þá hesthús.“ (Ö-Þverá-1, 3). Norðan við þar sem virðist vera húsgrunnur timburhússins (sjá nr. 1) er hleðsla sem gæti verið veggjaleifar búrsins og eldhússins sem getið er um í örnefnaskránni og getur hafa tilheyrt torfbæ sem hefur verið fyrirrennari timburhússins. Hleðslan er um 50sm há, grasi gróin og þýfð og 1,5m þar sem hún er breiðust. Þarna er mikill gróður og því erfitt að átta sig nákvæmlega á lögun þeirra húsa sem þarna hafa verið.

Þverá-3

Hlutverk: Hestarétt


Tegund: Garðlag

Staðhættir og lýsing

Vestast á bæjarstæðinu er rétt, veggir eru grasi grónir en rofnir á nokkrum stöðum og þar sér í grjóthleðslur. Veggir eru 20-50sm háir og um 1m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá er bænum svo lýst: „Vestast stóð mjólkurskemma, rétt fyrir austan hana Baldvinsskemma. Í austari húsaröðinni var vestast Stóraskemma, þá hrossarétt og þá íbúðarhús. Í næstu húsalengju var vestast búr, þá eldhús, þá fjós, þá Vatnsranghali, þá hlaða, þá hesthús.“ (Ö-Þverá-1, 3).



Þverá-4

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Nyrsta tóftin á bæjarhólnum er aflöng og liggur beint suður af farvegi bæjarlækjarins.

Lýsing

Tóftin er 4x9m að utanmáli og snýr norðursuður með dyr mót norðri. Veggir eru 30-60sm háir og um 1m á breidd, þeir eru grjóthlaðnir,

grónir og að nokkru þýfðir. Rás eða renna virðist liggja inn í tóftina að norðan úr vatnsfarvegi sem þar liggur og hefur vatni að líkindum verið veitt beint inn í húsin. Miðað við lýsingu í örnefnaskrá virðist þarna hafa verið hesthús.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá er bænum svo lýst: „Vestast stóð mjólkurskemma, rétt fyrir austan hana Baldvinsskemma. Í austari húsaröðinni var vestast Stóraskemma, þá hrossarétt og þá íbúðarhús. Í næstu húsalengju var vestast búr, þá eldhús, þá fjós, þá Vatnsranghali, þá hlaða, þá hesthús.“ (Ö-Þverá-1, 3).

Þverá-5

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Tóft

Staðhættir

Nyrsta tóftin á bæjarhólnum (nr. 4) er aflöng og liggur beint suður af farvegi bæjarlækjarins. Önnur tóft stærri er sunnan hennar.

Lýsing

Tóftin er 7x13m að utanmáli og snýr norður/suður. Engar dyr eru greinanlegar, veggir eru þýfðir og fremur ógreinilegir að innan en grjóthlaðnir að utan um 30-40sm háir og 1m á breidd. Þarna hefur að líkindum verið hlaðan sem nefnd er í örnefnaskránni (sjá hér að neðan).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá er bænum svo lýst: „Vestast stóð mjólkurskemma, rétt fyrir austan hana Baldvinsskemma. Í austari húsaröðinni var vestast Stóraskemma, þá hrossarétt og þá

íbúðarhús. Í næstu húsalengju var vestast búr, þá eldhús, þá fjós, þá Vatnsranghali, þá hlaða, þá hesthús.“ (Ö-Þverá-1, 3).

Þverá-6

Sérheiti: Vatnsranghali

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá segir frá Vatnsranghala og virðist sem bæjarlæknum hafi verið veitt vestur fyrir nyrstu húsin á bæjarþyrpingunni og í gegnum fyrrnefndan ranghala þaðan sem hann liggur til austurs og beygir svo til suðurs og rennur til Hallár. Vatni virðist hafa verið veitt inn í hestarétt nr. 3 og hesthústóft nr. 4 og síðan á milli hlöðu nr. 5 og fjóstóftar nr. 7. Hugsanlega hefur því einnig verið veitt í eldhúsið að minnsta kosti liggur ranghalinn beint norður af bænum. Hann er um 60sm djúpur og á að giska 30-50sm breiður, grasi gróinn.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá er bænum svo lýst: „Vestast stóð mjólkurskemma, rétt fyrir austan hana Baldvinsskemma. Í austari húsaröðinni var vestast Stóraskemma, þá hrossarétt og þá íbúðarhús. Í næstu húsalengju var vestast búr, þá eldhús, þá fjós, þá Vatnsranghali, þá hlaða, þá hesthús.“ (Ö-Þverá-1, 3). Í Fasteignamati 1916-1918 segir „Vatnsból gott innanbæjar.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://jardavefur.skjalasafn.is/>. Skoðaður þann 09.09.12)

Þverá-7

Hlutverk: Fjós

Tegund: Tóft

Staðhættir

Beint austur bæjartóftinni (nr. 1-2) er önnur tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður og hafa dyr að minnsta kosti verið til norðurs í átt að vatnsranghalanum nr. 6. Hún er 5x7m að utanmáli, gróin grasi en sér í grjóthleðslur sem sumstaðar eru hrundar. Veggir eru 20-50sm háir og rúmlega 1m á breidd, þeir eru að hluta hlaupnir í þúfur og þúfur eru í tóftinni. Miðað við lýsingu í örnefnaskrá sem sjá má hér að neðan er líklegast að um sé að ræða fjóstóftina.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá er bænum svo lýst: „Vestast stóð mjólkurskemma, rétt fyrir austan hana Baldvinsskemma. Í austari húsaröðinni var vestast Stóraskemma, þá hrossarétt og þá íbúðarhús. Í næstu húsalengju var vestast búr, þá eldhús, þá fjós, þá Vatnsranghali, þá hlaða, þá hesthús.“ (Ö-Þverá-1, 3).

Þverá-8

Hlutverk: Skemma?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Sunnan við tóft nr. 3 (hestarétt) er tóft.

Lýsing

Tóftin er fremur ógreinileg, mögulega tvískipt, veggir á köflum illa farnir, um 50sm háir og 1,5m á breidd. Tóftin er grasi gróin og sér ekki í grjóti í veggjum sem eru að hluta þýfðir. Hún er 8x5-10m að utanmáli og dyr gætu hafa verið til vesturs. Þegar túnakort frá 1920 er lagt yfir hnitsetta loftmynd lendir tóftin á þeim stað þar sem merkt er skemma á túnakortinu. Því er vel líklegt að þarna hafi verið skemma og í örnefnaskrá er getið um þrjár skemmur, þ.e. mjólkurskemmu, Baldvinsskemmu og Stóraskemmu (Ö-Þverá-1, 3). Ekki er hægt að fullyrða um hvaða skemma þetta er.

Þverá-9

Hlutverk: Smiðja?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Rúmlega 10m suðvestur af bæjartóftaþyrpingunni er stök tóft.

Lýsing

Tóftin snýr austur/vestur, 7x8m að utanmáli og hafa dyr snúið mót austri. Veggir eru illa farnir, algrónir grasi og hlaupnir í þúfur og er erfitt að greina lögun tóftar nákvæmlega. Þeir eru 20-30sm háir og rúmlega 1m á breidd. Þegar túnakort frá 1920 er lagt yfir hnitsetta loftmynd þá lendir skemma sem merkt er á kortið á þessa tóft. Ekki er ósennilegt að þarna hafi verið skemma enda stendur tóftin stök og aðeins fjarri bæ.

Þverá-10

Hlutverk: Óþekkt, skemma?

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Tóftin er rofin m.a. vegna ágangs búfjár.

Staðhættir

Fram á brekkubrún, tæplega 10m vestur af bæjarþyrpingunni er tóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, snýr norður/suður, 4x9m að utanmáli. Suðurhluti tóftar liggur lægra en norðurhlutinn. Engar dyr eru greinanlegar á syðra hólfinu en á því nyrðra hafa dyr snúið til vesturs. Veggir eru grasi grónir um 70sm háir og 1m á breidd, að nokkru þýfðir. Nyrsti hluti tóftar er illa farinn m.a. vegna ágangs búfjár og eru veggir rofnir og nánast horfnir til norðurs og norðvesturs. Mögulega hefur þarna verið skemma eða skemmur þær sem nefndar eru í örnefnaskrá.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá er bænum svo lýst: „Vestast stóð mjólkurskemmu, rétt fyrir austan hana Baldvinsskemmu. Í austari húsaröðinni var vestast Stóraskemma, þá hrossarétt og þá íbúðarhús. Í næstu húsalengju var vestast búr, þá eldhús, þá fjós, þá Vatnsranghali, þá hlaða, þá hesthús.“ (Ö-Þverá-1, 3).

Þverá-11

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Gata

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 má sjá að heimreiðin lá til vesturs frá bæjarstæðinu í átt til Þverár.

Lýsing

Heimreiðin er greinileg á rúmlega 50m löngum kafla, um 1m á breidd og 30sm djúp, grasi gróin. Hún liggur niður frá bæjarstæðinu, fyrst til suðvesturs og síðan til vesturs en hverfur þegar nær dregur Þverá.

Þverá-12

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á lágum hól suðvestur undir bæjarstæðinu, sunnan við heimreiðina er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður, 4x5m að utanmáli. Veggir eru um 30sm háir og rúmlega 1m á breidd. Þeir eru þýfðir og grasi grónir, engar dyr eru greinanlegar. Hóllinn sem tóftin er á er þýfður og hugsanlega leynast þar fleiri mannvirki.

Þverá-13

Hlutverk: Leið


Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er merktur stígur til suðurs frá heimreiðinni og í átt til Hallár.

Lýsing

Stígurinn sást ekki við vettvangsskráningu mögulega vegna mikils gróðurs sem var á þeim tíma sem skráð var. Líklegt er að stígurinn hafi verið gönguleiðin að fjárhúsunum sem voru sunnan Hallár. Hnit voru tekin af af túnakorti sem lagt hafði verið yfir hnitsetta loftmynd.



Þverá-14

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á austurbakka Þverár rúmlega 110m í norður af bæjarstæðinu er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr nokkurn veginn norður/suður 7-10x21m að utanmáli. Hún skiptist í fimm hólfi og snúa þrjú þeirra dyrum til vesturs en eitt hólfið er við austurhlið og snúa dyr þar til austurs. Tóftin er grasi gróin en sér í grjóthleðslur í veggjum á nokkrum stöðum. Veggir eru 30-80sm háir og 2m á breidd. Gróin þúst er við tóftina að sunnan.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti frá 1920 sem lagt er yfir hnitsetta loftmynd er merkt hesthús þar sem tóftin er. Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Peningshús torfbyggð og allstæðileg og rúma 7 nautgr. 160 sauðfjár og 14 hross.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://jardavefur.skjalasafn.is/>. Skoðaður þann 09.09.12).

Þverá-15

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á austurbakka Þverár um 80m norður af bæjarstæðinu er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður, líklega fjárhús með garða og hlöðu til norðurs. Innangengt hefur verið í hlöðuna. Tóftin er 8x11m að utanmáli, veggir um 40sm háir og um 1m á breidd. Þeir eru grasi grónir en sér þó í stein.

Þverá-16

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 50m NNA af bæjarþyrpingunni er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður, 4x6m að utanmáli og snúa hafa dyr snúið til suðurs. Veggir eru algrónir grasi, 20-70sm háir og um 1m á breidd.

Þverá-17

Hlutverk: Óþekkt, túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir


Tæplega 50m NNA af bæjarstæðinu er tóft nr. 16 og norðan við hana garðlag.

Lýsing

Garðlagið liggur frá austri til vesturs og er um 25m langt. U.þ.b. helmingur þess liggur niður brekku. Það er 20-70sm hátt, um 1m á breidd og grasi gróið.

Aðrar upplýsingar

Þegar túnakort frá 1920 er lagt yfir hnitsetta loftmynd lendir garðlagið við túnjaðarinn og því er möguleiki að um sé að ræða leifar túngarðs eða garðlag undan túngirðingu.



Dverá-18

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft


Staðhættir

Tæplega 80m NNA af bæjarstæðinu er tóft.

Lýsing

Hún er 5x5m að utanmáli og snýr VNV/ASA og hafa dyr snúið til vesturs. Veggir eru algrónir grasi og að nokkru komnir í þúfur. Þeir eru um 1m á breidd og 30-50sm háir, hærri að utan og virðist

sem tóftin geti verið byggð ofan í eldri minjar.



Dverá-19

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 90m NNA af bæjarstæðinu er tóft, rétt norðan gamla túnsins.

Lýsing

Tóftin er 4x7m að utanmáli og snýr norðaustur/suðvestur. Opið er til beggja enda og mögulegt að tvennar dyr hafi verið á tóftinni. Hún er algróin, þýfð og farin að samlagast umhverfi sínu. Veggir eru 30-60sm háir og um 2m á breidd.

Dverá-20

Hlutverk: Óþekkt, stekkur


Tegund: Tóft


Staðhættir

Fram á brekkubrún, um 90m norðaustur af bæjarstæðinu er tóft.

Lýsing

Tóftin er 4x9m að utanmáli og snýr austur/vestur. Hún er tvískipt en hluta suður langveggjar virðist vanta. Gengt hefur verið í austara hólfið úr vestri. Veggir eru algrónir grasi, fremur lágir eða 10-30sm og 1m á breidd.





Þverá-21

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í norðausturhluta túnsins, tæplega 160m norðaustur af bæjarstæðinu er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður að líkindum fjárhús með garða og hlöðu eða heytóft til norðurs. Hún er 6x18m að utanmáli, veggir 20-30sm háir og 1m á

breidd. Tóftin er algróin grasi og eru þúfur á veggjum og í garða. Dyr eru ekki greinanlegar. Lítið hólfið virðist vera við vesturvegg tóftar.

Þverá-22

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 180m norðaustur af bæjarstæðinu, rétt utan túnsins er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður og hafa dyr verið á suðvesturhorni hennar. Hún er 5x7m að utanmáli, veggir algrónir, þýfðir og þúfur eru einnig inni tóftinni. Veggir eru 30-50sm háir og um 1m á breidd.

Þverá-23

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í norðausturhluta túnsins, rétt tæpa 200m norðaustur af bæjarstæðinu er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður, 5x22m að utanmáli. Hún er þrískipt, tvö hólfi til norðurs og innangenget á milli og dyr hafa snúið mót vestri. Til suðurs er hólfið sem ekki eru greinanlegar dyr á. Veggir eru grasi grónir og þýfðir, 10-50sm háir og 1m á breidd. Vestan við norðurenda tóftar er mögulega fjórða hólfið sem snýr austur/vestur. Það er þó frekar ógreinilegt og gæti verið náttúrulega myndun.

Þverá-24

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í norðausturhorni túnsins, rúmlega 220m norðaustur af bæjarstæðinu er tóft.

Lýsing

Tóftin er fjórskipt, snýr austur/vestur og er 6x25m að utanmáli. Veggir eru algrónir, fremur lágir eða 10-30sm og 2m á breidd. Til austurs virðist vera fjárhús með garða og austan þess heytóft eða hlaða. Dyr eru á fjárhústóftinni sem snúa til suðurs. Tvö hólfr eru vestan við, annað með dyrum mót vestri og á hinu hafa dyr að líkindum snúið til suðurs en þær sjást illa.



Mynd 22. Horft til austurs eftir skurðinum norðan og ofan við túnið.

Íslands. <http://jardavefur.skjalasafn.is/>. Skoðaður þann 09.09.12).

Þverá-25

Hlutverk: Framræsla

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Norðan við túnið er skurður sem liggur eftir fjallsbrekkunni frá vestri til austurs og beygir svo til suðurs við enda túnsins.

Lýsing

Hann er um 1m á dýpt og 2m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Að nokkru girt með vörsluskurði.”

(Jardavefur Þjóðskjalasafns

Þverá-26

Hlutverk: Beðasléttur

Tegund: Jarðræktarsvæði

Staðhættir og lýsing

Efst í túninu eru beðasléttur, sléttað svæði sem er tæplega 40m á kant. Slétturarnar eru þrjár, rúmlega 10m breiðar hver.

Þverá-27

Hlutverk: Framræsla

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Sunnan og neðan við túnið eru framræsluskurðir.

Lýsing

Skurðirnir liggja bæði frá vestri til austurs og norðri til suðurs og eru um 50sm djúpir og 1m á breidd. Þeir eru hér skráðir sem ein heild.

Þverá-28

Hlutverk: Óþekkt, áveita

Tegund: Garðlag


Hættumat: Minjunum getur stafað hætta af landbroti en þær liggja að árbakka Þverár.

Staðhættir

Tæplega 150m suðvestur af bæjarstæðinu, á norðurbakka Hallár er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er alls 15m langt en er rofið á einum stað. Það er 50-70sm hátt og tæplega 1m á breidd og liggur frá austri til vesturs. Það er grasi gróið og sér hvergi í grjóti. Brún eða bakki sem virðist náttúrulegur heldur til vesturs frá garðlaginu í átt til Þverár.



Mynd 23. Horft er eftir skurðinum til suðurs.

Þverá-29

Hlutverk: Óþekkt, kvíar?

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta. Þverá hefur þegar rofið í burtu hluta af veggjum.

Staðhættir


Á norðurbakka Þverár um 160m suðaustur af bæjarstæðinu eru garðlög.

Lýsing

Garðlögin eru tvö og liggja samhliða frá norðri til suðurs. Vestara garðlagið er 7m langt og það austara er 8,5m. Hæð er um 70sm og breidd um 1m. Þau eru gróin en sér í grjóti þar sem áin hefur rofið vegg. Hlutverk er óvísst en í örnefnaskrá eru slétturarnar kallaðar Kvíasléttur og mögulega hafa þarna verið kvíar.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Í tungunni milli Þverár og Hallár heitir Dagsláttur. Austur af henni meðfram Hallá heita Kvíasléttur.“ (Ö-Þverá 1, 3).



hrundir, um 1,5m á breidd.

Pverá-30

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í þýfðu mólendi rúmlega 160m ASA af bæjarstæðinu á Pverá er tóft.

Lýsing

Tóftin liggur norðvestur/suðaustur og hafa dyr snúið til norðausturs. Hún er 4x5m að utanmáli og gæti verið um náttúrulegt fyrirbæri að ræða. Veggir eru 30-50sm háir, algrónir og töluvert



mögulega hefur verið hlið á krónni til austurs. Veggir eru dálítið hrundir, þýfðir og algrónir grasi og mosa. Króin stendur 20-30sm hærra en réttin.

Pverá-31

Hlutverk: Stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í gróinni laut norðan Hallár, um 460m norðaustur af bæjarstæðinu á Pverá er tóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og snýr austur/vestur, 5,5x9m að utanmáli. Kró hefur verið til austurs en rétt til vesturs og innangengt á milli. Hlið hefur til suðurs á réttinni og



lyngi og virðist tóftin vera nokkuð gömul.

Pverá-32

Hlutverk: Heystæði

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á gróðurlitlum mel um 780m ANA af bæjarstæðinu á Vöglum er tóft. Ofan við melinn eru mýrar.

Lýsing

Tóftin er 3,5x5,5m að utanmáli, veggir um 20sm háir og rúmlega 1m á breidd. Þeir eru þýfðir og grónir grasi, mosa og



Mynd 24. Grjóthlaðið brú eða ræsi liggur yfir lítinn læk sem rennur í Hallá.

Þverá-33

Hlutverk: Hleðsla

Tegund: Brú, ræsi

Staðhættir

Rúmlega 1 km ANA af bæjarstæðinu á Þverá er grjóthlaðin brú eða ræsi.

Lýsing

Brúin/ræsið liggur yfir lítinn læk sem rennur í Þverá. Hún er hlaðin úr hellulaga grjóti og er um 1m á breidd.

Þverá-34

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 1,6km austur af bæjarstæðinu á Þverá er tóft. Hún er um 80m vestur af stekkjartóft nr. 50, hinumegin Hallár, þ.e. norðan hennar.

Lýsing

Tóftin er 4x8m að utanmáli og snýr norðvestur/suðaustur. Tvennar dyr eða hlið gætu verið á tóftinni, annars vegar við norðaustur-horn og hins vegar vestarlega á suður langvegg. Tóftin er grasi gróin og aðeins þýfð.



Þverá-35

Hlutverk: Óþekkt, heytóft?

Tegund: Þúst

Staðhættir

Fram á brekkubrún, tæplega 1,9km austur af bæjarstæðinu á Þverá, norðan Hallár, er þúst.

Lýsing

Þústin snýr VNV/ASA og er 5x8m að utanmáli. Hún er algróin, veggir 30-50sm háir og um 1m á breidd.

Þverá-36

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Á hólkoli um 1,7km ANA af bæjarstæðinu á Þverá er varða.

Lýsing

Varðan er um 70sm há þar sem hún er hæst og um 1,5m í þvermál. Hólkollurinn sem varðan stendur á er að hluta mosa vaxin.



Mynd 25. Varða á hólkoli horft er út Hallárdal til VSV.

Þverá-37

Hlutverk: Fjárhús


Tegund: Tóft

Staðhættir

Túnið á Þverá liggur bæði norðan og sunnan Hallár og eru tvennar fjárhústóftir sunnan árinnar. Báðar tóftirnar liggja fram á brekkubrún.

Lýsing

Austari tóftin er 13x17m að utanmáli og snýr nokkurn veginn austurvestur, tvístæð fjárhús með gördum og hlöðu eða heytóft til austurs. Dyr hafa snúið til vesturs og innangengt hefur verið í hlöðuna sem virðist mögulega vera tvískipt. Veggir eru grasi grónir en grjóthlaðnir og sér í hleðslur bæði úr grjóti og torfi þar sem veggir eru rofnir. Steypt fjárbað er í garðanum í syðra húsinu. Veggir eru 30-70sm háir og um 2m á breidd.



Þverá-38

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft


Staðhættir

Túnið á Þverá liggur bæði norðan og sunnan Hallár og eru tvennar fjárhústóftir sunnan árinna sem báðar liggja fram á brekkubrún.

Lýsing

Vestari tóftin skiptist í fjögur hús öll með gördum og hlöðu til austurs. Hún er 17x24m að utanmáli, snýr norður/suður og hafa dyr snúið til vesturs, innangengt í hlöðu. Veggir eru grasi grónir en sér í grjóthleðslur í veggjum og gördum í tveimur nyrðri tóftunum en þær syðri eru grónari og liggja lægra í landinu, mögulega eldri en hinar eða hafa jafnvel fallið fyrir úr

notkun. Norðaustur-horn tóftar er rofið í burtu og veggir rofnir á nokkrum stöðum og sér þar í torfhleðslur. Veggir eru 20-110sm háir og um 2m á breidd.



Pverá-39

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft


Staðhættir

Tæplega 40m SSV af fjárhústóft nr. 38 er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norðvestur/suðaustur, 3x6m að utanmáli. Dyr hafa verið á langhlið mót suðvestri og mögulega hafa aðrar verið á norðvesturhorni tóftar. Hún er algróin grasi, veggir þýfðir og einnig er

þýft innan veggja.



Pverá-40

Hlutverk: Stekkur, rétt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Rúmlega 220m suður af fjárhústóft nr. 38 er tóft, líklega rétt eða stór stekkur.

Lýsing

Tóftin er 12x13m að utanmáli og skiptist í 3 hól. Hlið hafa snúið til suðvesturs en tóftin snýr norðvestur/suðaustur. Veggir eru algrónir, 20-50sm háir og um 1m á

breidd. Umhverfis eru mýrar og mólendi.

Pverá-41

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Efst á gróðursnaðum mel, austan við Ákabeinsgil um 330m suðaustur af bæjarstæðinu á Pverá er varða.

Lýsing

Varðan er lág, aðeins eins steinaröð, um 20sm á hæð og um 1x0,75m að utanmáli.



Mynd 26. Horft er til norðvesturs í átt að bæjarstæðinu á Pverá.



Mynd 27. Horft er til austurs fram Hallárdal í átt að tóftum býlisins Vagla.

Þverá-42

Hlutverk: Óþekkt, smalavarða?

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á lynggrónum melkolli, rúmlega 200m vestur af bæjarstæðinu á Vöglum er grjóthruga fremur en hleðsla en virðist samt manngert.

Lýsing

Hleðslan er um 10sm há, 1x2m að utanmáli.

Þverá-43

Sérheiti: Vagfir

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Staðhættir


Á sunnanverðum Hallárdal á melhólum upp af Hallá og um 900m austur af bæjarstæðinu á Þverá eru tóftir býlisins Vagla. Bæjarstæðið er þýft og mikill gróður er á því og því möguleiki að að einhverjar minjar hafi ekki fundist við vettvangsskráningu.

Lýsing

Bæjartóftin er 14x16m að utanmáli. Hún virðist skiptast í fimm hús auk gangs en tóftin er þýft og erfitt er að greina nákvæma lögun. Dyr eru aðeins greinanlegar á einum stað til SV. Veggir eru 20-80sm háir og um 2m á breidd. Þeir eru að mestu grónir þó en sér í grjót- og torfhleðslur í rofi. Gangur virðist um 6m langur og út frá honum virðast vera þrjú hús, jafnvel fjögur.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá er eftirfarandi lýsing: „Vestan undir Smalakofamel er eyðibýlið Vagfir. Frá Smalakofamel að Ákagili heitir Vaglaland.” (Ö, 1-2).



Dverá-44

Sérheiti: Vaglir

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norðan við bæjartóftina (nr. 43) á Vöglum er önnur tóft minni.

Lýsing

Tóftin virðist tvískipt en veggir eru lágir, hæstir um 20sm og komnir í þúfur og því erfitt að greina nákvæma lögun tóftar. Óvíst er hvar dyr hafa verið en mögulega hafa þær snúið til vesturs. Breidd veggja er um 1m, tóftin snýr NNV/SSA og er um 4x7m að utanmáli.

Dverá-45

Sérheiti: Vaglir

Hlutverk: Óþekkt, fjárhús?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 15m norðvestan við bæjartóftina (nr. 43) á Vöglum er tóft sem mögulega gæti verið fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin er tví- eða þrískipt, 5x14m að utanmáli og snýr NA/SV. Hún er algróin, veggir þýfðir og nokkuð hrundir, þeir eru um 20sm háir og um 1m á breidd. Hólfíð við SV-enda tóftar liggur um 30-40sm hærra en hinir hlutar tóftar og gæti mögulega verið heytóft.

Dverá-46

Sérheiti: Vaglir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á aflöngum hól sem liggur norður/suður austast á bæjarstæðinu á Vöglum, tæplega 30m suðaustan af bæjartóftinni (nr. 43) er tóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt eða þrískipt og liggur norður/suður, 7x9m að utanmáli. Hún er algróin, veggir þýfðir og farnir að samlagast umhverfi sínu. Við norðaustur-horn virðist vera þriðja hólfíð en það stendur heldur lægra og veggir eru lægri og gæti því verið um að ræða hluta eldri tóftar. Veggir eru 20-40sm háir og um 1m á breidd.

Dverá-47

Sérheiti: Vaglir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á aflöngum hól sem liggur norður/suður austast á bæjarstæðinu á Vöglum, rúma 30m austur af bæjartóftinni (nr. 43) er önnur tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður 2x4m að utanmáli. Veggir eru algrónir og svolítið þýfðir, 20-40sm háir og um 1m á breidd. Dyr hafa mögulega snúið annaðhvort til norðurs eða suðurs.

Þverá-48

Sérheiti: Vaglir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Dæld

Staðhættir

Norðaustur af bæjartóftinni (nr. 43) á Vöglum er dæld eða afmarkað svæði.

Lýsing

Svæðið sem er í raun dæld, um 12x13m að ummáli, afmarkast af náttúrulegum kanti til norðurs og austurs og er dældin um 60sm há. Ekki er greinilegt hvort um mannvirki sé að ræða en þó virðist svo vera, hlutverk er óvísst.

Þverá-49

Sérheiti: Smalakofamelur

Hlutverk: Smalakofi

Tegund: Tóft

Staðhættir


Smalakofamelur er um 1,7km austur af bæjarstæðinu á Þverá, rúma 70m suður og upp af Hallá. Efst á melnum er kofatóft.

Lýsing

Tóftin er grjóthlaðin, 2x1,5m að utanmáli. Þykkar skófir eru á steinunum og umhverfis eru mosa- og lyngbreiður. Hleðslan er hrúnin en lögun tóftar greinileg og veggir um 20sm háir.



Mynd 28. Kofatóft efst á Smalakofamel, horft er til austurs.



Þverá-50

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á grónu nesi við Hallá, rúmlega 140m NNV af Smalakofamel og 1,6km austur af bæjarstæðinu á Þverá, er tóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, 9x4m að utanmáli og snýr norður/suður. Útlit minnir helst á stekk og hefur þá réttin verið til suðurs en króin, sem stendur heldur hærra en réttin, er til norðurs. Hlið hefur verið á réttinni til suðurs. Veggir eru algrónir, 30-60sm háir og 1m á breidd.

Þverá-51

Hlutverk: Óþekkt, heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 2,2km austur af bæjarstæðinu á Þverá, við upptök Hallár, þar sem Víðilækur og Engjalækur mætast er tóft og mögulega garðlag.

Lýsing

Tóftin er tæplega 5x11m að utanmáli og snýr norður/suður, dyr mögulega til norðurs. Veggir eru algrónir og þýfðir, 30-60sm að utanmáli og 1,5m á breidd. Hún liggur á árbakkanum og er vel greinileg. Vestan og norðvestan við tóftina eru mögulega tvö hólflíka sem liggja líka norður/suður. Þau eru ekki jafn greinileg og tóftin sjálf og gætu verið náttúruleg myndun eða mögulega efnistaka. Utanmál er í heild 4x20m og veggir sem eru algrónir eru 30-40sm háir og 1m á breidd.

Þverá-52

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Garðlag

Staðhættir

Um 15m vestur af tóft nr. 51 eru þúfur sem mynda aflangt garðlag sem er tæplega 20m langt og rúmlega 1m á breidd og 30-70sm hátt.

Lýsing

Það er algróið grasi og mosa og eins og áður sagði þýft. Óvíst er hvort um mannvirki eða náttúrulega myndun er að ræða.



Þverá-53

Hlutverk: Óþekkt, heytóft?


Tegund: Tóft

Staðhættir

Kvísarsporður eða –tunga heitir þar sem að Engjalækur og Víðilækur koma saman en þar eru upptök Hallár (Þverá 1, 3). Sunnan við nefndan sporð, á vesturbakka Engjalækjar er tóft.

Lýsing

Tóftin er aflöng, snýr norður/suður og er 4x12m að utanmáli. Hún er grasi vaxin, veggir 30-50sm háir og 1m á breidd. Hlutverk er óþekkt en mögulega er um að ræða frekar veglegt heystæði.



Þverá-54

Hlutverk: Sel, híbýli

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á austurbakka Engjalækjar um 420m suður af lækjarmótum Engjalækjar og Víðilækjar (upptökum Hallár) eru nokkrar tóftir, líklega sel en gæti hafa verið lítið býli.

Lýsing

Stærsta tóftin liggur NA/SV, 8x17m að utanmáli. Hún virðist skiptast í sjö hólf en eitt þeirra, lengst til suðaustur gæti verið myndað af hrúni úr veggjum. Veggir eru grónir, 30-60sm háir og rúmlega 1m á breidd. Þeir eru þýfðir, nokkuð hrundir og ekki er alltaf gott að greina dyr en að minnsta kosti virðast vera dyr við norðaustur-horn og aðrar til suðausturs.

Þverá-55

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft


Staðhættir

Á austurbakka Engjalækjar um 420m suður af lækjarmótum Engjalækjar og Víðilækjar (upptökum Hallár) eru nokkrar tóftir, líklega sel. Um 4m suðvestan við tóft nr. 48 er önnur tóft, minni.

Lýsing

Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og

virðist tvískipt en vesturendi er heldur ógreinilegri en sá er snýr til austurs. Veggir eru nokkuð jarðsokknir, algrónir 30-50sm háir og um 1m á breidd.



Þverá-56**Hlutverk:** Kvíar?**Tegund:** Tóft**Hættumat**

Minjunum getur stafað hætta af nálægð við vatnsfall en tóftin liggur fram á lækjarbakka sem eitthvað grefur úr.

Staðhættir

Á austurbakka Engjalækjar um 420m suður af lækjarmótum Engjalækjar og Víðilækjar (upptökum Hallár) eru nokkrar tóftir, líklega sel. Um 20m suðaustur af tóft nr. 54 er önnur tóft, aflöng, mögulega kvíar.

Lýsing

Tóftin er ógreinilegri en tóftir nr. 54 og nr. 55. Hún snýr norðaustur/suðvestur og liggur fram á bakka Engjalækjar. Veggir eru algrónir, um 30sm háir og 1m á breidd.



Mynd 29. Tóftin liggur alveg fram á lækjarbakkanum. Horft er til norðvesturs.

lækjar er lítil tóft.

Lýsing

Hlutverk er óvíst en veggir eru grónir, þýfðir og um 30sm háir. Nákvæm teikning er ekki til af tóftinni vegna tímabundinnar bilunar á staðsetningartæki þegar vettvangsskráning fór fram.

Þverá-58**Hlutverk:** Óþekkt, heytóft**Tegund:** Tóft**Hættumat**

Minjunum getur stafað hætta af nálægð við vatnsfall en tóftin liggur fremst á lækjarbakka.

Staðhættir

Á vestanverðum Engjadal um 1,3km norður af Þverárfjallsvegi er tóft.

Lýsing

Tóftin liggur norðvestur/suðaustur og er 4x11m að utanmáli. Veggir eru 20-50sm háir og um 1m á breidd, algrónir og umhverfis tóftina er þýft mólendi.

Þverá-57**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Hættumat**

Minjunum getur stafað hætta af nálægð við vatnsfall en tóftin liggur fremst á lækjarbakka.

Staðhættir


Á austurbakka Engjalækjar um 420m suður af lækjarmótum Engjalækjar og Víðilækjar (upptökum Hallár) eru nokkrar tóftir, líklega sel. Um 70m suðaustur af seltóftunum, á lækjarbakka Engja-

Þverá-59**Hlutverk:** Óþekkt, heytóft**Tegund:** Þúst**Staðhættir**

Á vestanverðum Engjadal um 1,3km norður af Þverárfjallsvegi er tóft og mögulega annað mannvirki um 70m NNV af henni.

Lýsing

Óvíst er hvort um mannvirki sé að ræða eða náttúrulegt fyrirbrigði. Þústin er um 8x12m að utanmáli, þúfnakraðak sem virðist á kafla hafa reglulega lögun. Hún er um 30-40sm há og algróin.

**Þverá-60****Hlutverk:** Rétt**Tegund:** Garðlag**Hættumat**


Tóftin liggur á vesturbakka Þverár og gæti stafað hætta vegna landbrots af völdum hennar. „[...] en sumt af túninu í nokkurri hættu fyrir malar- og grjótburði úr Þverá.” (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://jardavefur.skjalasafn.is/>. Skoðaður þann 09.09.12).

Staðhættir


Á vesturbakka Þverár, norðvestur af bæjarstæðinu er rétt.

Lýsing

Réttin er tvískipt, 8x25m að utanmáli og liggur austur/vestur, hún er grjóthlaðin. Til austurs, nær Þverá, er rétt en til vesturs undir brekku er garðlag sem líklega er til að auðvelda innrekstur sem hefur verið inn um hlið á vesturhlið réttar. Veggir eru heillegir, 40-120sm háir og um 2m á breidd þar sem mest er hrúnið úr þeim.

**Aðrar upplýsingar**

Í Fasteignamati segir: „Auk þess: safnfor og fjárrétt úr grjóti.” (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://jardavefur.skjalasafn.is/>. Skoðaður þann 09.09.12).



Þverá-61

Hlutverk: Óþekkt, barnatóft, kofi?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fremst á brekkubrún vestur og upp af Þverá, um 100m vestur af bæjarstæðinu á Þverá er lítil tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og er 1,5x2,5m að utanmáli. Dyr hafa snúið til suðausturs. Veggir eru 30sm háir og 50sm á breidd. Þeir eru mosa grónir og að hluta horfnir.

Þverá-62

Hlutverk: Óþekkt, stekkur?


Tegund: Tóft

Staðhættir

Fremst á brekkubrún vestur og upp af Þverá, um 100m vestur af bæjarstæðinu á Þverá er tóft.

Lýsing

Tóftin liggur norðvestur/suðaustur og er 4,5x7m að utanmáli. Veggir eru um 1,5m á breidd og 20-40sm háir. Þeir eru að mestu grónir grasi og mosa en sér í grjóti í syðri hluta tóftar sem er tvískipt. Syðri hlutinn liggur heldur lægra en sá nyrðri og þar eru veggir einnig lægri. Dyr eða hlið hefur snúið til austurs.



Þverá-63

Hlutverk: Rétt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Vestan Þverár, um 280m norðvestur af bæjarstæðinu á Þverá er garðlag, líklega rétt.

Lýsing

Garðlagið snýr nokkurn veginn austur/vestur og hefur hlið verið og snúið til suðurs. Veggir eru algrónir grasi og mikill gróður er umhverfis

það, þýft er innan veggja sem eru 20-30sm háir og 1m á breidd.

Þverá-64

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat. Hætta. Minjarnar eru í hættu vegna nálægðar við læk sem að runnið hefur þétt upp við tóftina að austan.

Staðhættir

Neðst í aflíðandi mólendi, um 310m norðvestur af bæjartóftum á Þverá er tóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og liggur norður/suður. Rétt hefur verið til norðurs en króin til suðurs. Veggir eru algrónir að nokkru komnir í þúfur. Hlutar þeirra eru vel greinilegir en hlutar rofnir, að líkindum vegna lækjar sem runnið hefur þétt austan við tóftina en er þurr þegar skráð var sumarið 2012. Veggjaskipan fyrir miðri tóft er heldur ógreinileg. Veggir eru 30-70sm háir og rúmlega 1,5m á breidd.



Mynd 30. Horft yfir mógrafirnar til austurs inn Hallárdal.

Þverá-65

Hlutverk: Mógröf


Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Austan við merkin milli Bergsstaða og Þverár, 250-350m vestur af bæjarstæði Þverár eru mógrafir og mótóftir.

Lýsing

Eystri mógröfin er um 800m² að stærð og 70sm djúp.



Þverá-66

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norðvestan við mógröf nr. 65 er mótóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður/suður og er 4,5x5,5m að utanmáli. Veggir eru 30sm háir og rúmlega 1m á breidd. Tóftin er algróin og veggir þýfðir.

Þverá-67

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Austan við merkin milli Bergsstaða og Þverár, 250-350m vestur af bæjarstæði Þverár eru mógrafir og mótóftir.

Lýsing

Vestari mógröfin er um 950m² að flatarmáli og 1m á dýpt.

Þverá-68**Hlutverk:** Mótóft**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Sunnan við mógröf nr. 67 er mótóft.

Lýsing

Tóftin er 2,5x2,5m að utanmáli. Hún er algróin, veggir um 30sm á hæð og 1m á breidd.

Þverá-69**Hlutverk:** Mótóft**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Tæplega 30m suðvestur af mógröf nr. 67 er mótóft.

Lýsing

Tóftin er 2x3m að utanmáli og snýr norður/suður. Veggir eru algrónir og þýfðir, um 30sm háir og 1m á breidd.

**Mynd 31.** Horft á ská ofan á hleðsluna úr norðaustri.**Þverá-70****Hlutverk:** Óþekkt, legstaður**Tegund:** Hleðsla**Staðhættir**

Á brekkubrún norðan Hallár um 400m VSV af bæjartóftum á Þverá er hleðsla.

Lýsing

Hleðslan er 1,2x2m að utanmáli, regluleg að lögun og er steinum þétt raðað innan útbrúnar. Mosi og lyng er utan við og á hleðslunni. Nokkrir steinar eru við hliðina á hleðslunni sem mynda ekki greinilegt form. Hæð er

20sm. Hlutverk er óvíst en útlit getur bent til að um gröf úr heiðnum sið sé að ræða.

Þverá-71

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir

Gata liggur úr Engjadal út Hallárdal að sunnanverðu og liggur ofan við Bláland og beygir þar til suðurs.

Lýsing

Gatan er vel greinileg á köflum og var hún að hluta skráð á vettvangi en að hluta af loftmynd þar sem hún sést víðast hvar greinilega. Gatan er greinileg í landi Þverár, Sæunnarstaða, Blálands og Kjalarlands.



Mynd 32. Horft eftir götunni til vesturs eða út Hallárdal.

Þverá-72

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Upp með Ákabeinsgili austanverðu, um 840m suðaustur af bæjarstæðinu á Þverá (í beinni loftlínu) er hleðsla sem gæti verið leifar torfvörðu.

Lýsing

Hleðslan er um 40sm há og rúmlega 50sm í þvermál og virðist geta verið leifar vörðu sem hlaðin hefur verið úr torfi.



Mynd 33. Ákabeinsgil til vinstri á mynd. Horft er til norðvesturs.

Bláland-söguágrip

Bláland kemur fyrst fyrir á lista yfir jarðir Hólastóls sem seldar höfðu verið í tíð Jóns Arasonar biskups frá 1552 þar sögð 11,5 hundruð.⁵⁴

Árið 1703 eru fjórir skráðir til heimilis að Blálandi⁵⁵ en 1708 var hún í eyði skv. jarðabók.⁵⁶ Að jafnaði eru um 5-9 í heimili en þrír þegar fæst er árið 1870.⁵⁷ Síðasti ábúandinn á Blálandi Guðmundur Júlíusson fór þaðan árið 1933.⁵⁸

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki (hndr)	Landskuld (hndr)	Kúgildi
Bláland	1686 ⁵⁹	Þingeyrarklaustur	13,8	0,8	5
Bláland	1696 ⁶⁰	Þingeyrarklaustur	12	0,8	5
Bláland	1708 ⁶¹	Þingeyraklaustur	10	0,4	3
Bláland	1847 ⁶²	Þingeyraklaustur	12	0,4	3
Bláland	1861 ⁶³	-		-	-

Engjatak átti jörðin í Sæunnarstaðalandi sem nefndist Blálandsteigur.⁶⁴ Í sóknalýsingu Höskuldsstaðasóknar frá 18, segir að Bláland eigi engjatak neðst við Nóngil gegn beit í Borðhólaflalli.⁶⁵

⁵⁴ Íslenskt Fornbréfasafn XII, 462.

⁵⁵ Mannntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is/>. Skoðaður þann 18. janúar 2012.

⁵⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 445.

⁵⁷ Mannntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is/>. Skoðaður þann 18. janúar 2012.

⁵⁸ Húnaþing III, 285.

⁵⁹ Björn Lárusson, 241.

⁶⁰ Björn Lárusson, 241.

⁶¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 448-49.

⁶² Jarðatal á Íslandi, 245.

⁶³ Ný jarðabók, 90.

⁶⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 445. Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://jarðavefur.skjalasafn.is/>. Skoðaður þann 18.01.12.

⁶⁵ Sýslu og sóknalýsingar I, 145.

Fornleifaskráning



Mynd 34. Bæjarhóllinn á Blálandi fyrir miðri mynd. Horft er inn Hallárdal til NA.


Bláland-1

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Staðhættir og lýsing

Bæjartóftin stendur á grónum bæjarhól sem er um 25x35m að utanmáli og er nokkurn veginn fyrir miðju túni. Hann er algróinn grasi.



Bláland-2

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Staðhættir

Bæjartóftin er nokkurn veginn fyrir miðju gamla túninu og stendur hún að líkindum á eldri minjum (nr. 1).

Lýsing

Tóftin er 18x25m að utanmáli og skiptist í að minnsta kosti níu hólf. Útlínur tóftar sjást enn glögglega og flest hús en dyr eru jafnan ógreinanlegar. Grjót er í veggjum en tóftin að öðru leyti grasi gróin. Veggir eru allt að 70sm háir og 2m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í jarðamati segir: „Bæjarhús og geymsluhús byggð úr torfi og timbri, ekki gömul og vel stæðileg.“ (Fasteignamat 1916-1918. Bláland nr. 265. Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://jarðavefur.skjalasafn.is/>. Skoðaður þann 18.01.12).

Bláland-3

Hlutverk: Fjós

Tegund: Tóft

Staðhættir

Bæjartóftin er nokkurn veginn fyrir miðju gamla túninu og stendur hún að líkindum á eldri minjum (nr. 1). Fjosið var sambyggt bæjarhúsum.

Lýsing

Tóftin er 18x25m að utanmáli. Útlínur hennar sjást enn glögglega og flest hús en dyr eru jafnan ógreinanlegar. Grjót er í veggjum en tóftin að öðru leyti grasi gróin. Veggir eru allt að 70sm háir og 2m á breidd. Óvíst er hvar fjósið stóð innan bæjarins.

Aðrar upplýsingar

Í jarðamati segir: „Peningshús úr sama efni og rúma 4 nautgr., 80 sauðfjár og 6 hross.“ (Fasteignamat 1916-1918. Bláland nr. 265. Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://jardavefur.skjalasafn.is/>. Skoðaður þann 18.01.12).

Bláland-4

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Leið

Staðhættir og lýsing

Slóð liggur í túninu til vesturs frá bæjarhólnum, greinileg á um 80m kafla.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti frá 1920 er heimreið til vesturs frá bænum.

Bláland-5

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Rúmlega 20m vestur af bæjarhólnum á vesturbakka bæjarlækjarins, norðan heimreiðar er tóft sem skv. túnakorti frá 1920 hefur verið hesthús.

Lýsing

Tóftin er 7x10m að utanmáli og snýr VNV/ASA. Hún er tvískipt, líklega kró til vesturs en heytóft til austurs. Veggir eru grasi gróinir, þýfðir, en sér í grjót í veggjum sem eru töluvert hrundir, 30-70sm háir og um 3m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati frá 1916-18 segir: „Peningshús úr sama efni og rúma 4 nautgr., 80 sauðfjár og 6 hross.“ (Fasteignamat 1916-1918. Bláland nr. 265. Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://jardavefur.skjalasafn.is/>. Skoðaður þann 18.01.12).

Bláland-6

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 8m vestur af hesthústóft nr. 5 er þúfnakragi, sléttur að innan og gæti verið tóft en er mögulega náttúruleg myndun.

Lýsing

Meint tóft er 4x5m að utanmáli og virðast dyr vera til suðurs. Veggir eru þýfðir, allt að 30sm háir og 1m á breidd.

Bláland-7

Hlutverk: Mylla, brunnhús


Tegund: Tóft

Staðhættir

Yfir bæjarlæknum um 5m vestan við bæjarhólinn er tóft, líklega mylla eða brunnhús.

Lýsing

Tóftin er 3x3,5m að utanmáli og snýr austur/vestur með dyr til austurs mót bæjarhólnum. Veggir eru þýfðir, 10-60sm háir, hærri til norðurs en suðurveggur er að hluta hruninn inn í tóft. Tóftin er gróin en sér í grjót í veggjum.



Bláland-8

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í suðvestur-horni túnsins, rúmlega 40m suðvestur af bæjarhólnum er fjárhústóft. Fjárhúsin eru á túnakorti frá 1920.

Lýsing

Tóftin snýr ASA/VSV og er 6x19m að utanmáli. Veggir eru 20-50sm háir og rúmlega 1m á breidd. Þeir eru grónir en sér í grjót í veggjum og garða. Í heytóft

sést í torfhleðslu þar sem veggur er rofinn eftir ágang búfjár. Tóftin stendur á smá hól og líklegt að hún sé byggð á einhverju eldra sem mögulega stendur undan tóftinni að sunnanverðu. Dyr hafa verið til VSV og að líkindum innangengt í heytóft sem snýr til ASA. Heytóftin er verr farin en fjárhústóftin.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati frá 1916-18 segir: „Peningshús úr sama efni og rúma 4 nautgr., 80 sauðfjár og 6 hross.“ (Fasteignamat 1916-1918. Bláland nr. 265. Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://jarðavefur.skjalasafn.is/>. Skoðaður þann 18.01.12).

Bláland-9

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft, náttúrulegt

Staðhættir

Framan (suðvestan) við fjárhústóft nr. 8 er þúfnakragi, mögulega tóft.

Lýsing

Meint tóft er 4,5x6m að utanmáli og dyr eða hlið til ANA. Veggir 20-40sm háir og um 1m á breidd, grasi grónir.



Mynd 35. Horft er eftir túngarðinum til vesturs.

Bláland-10

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Túngarður er enn greinilegur í boga sunnan og austan við túnið.

Lýsing

Garðlagið er rúmlega 160sm langt, allt að 50sm hátt og um 3m á breidd. Það er víðast fallið og orðið þýft, gróið grasi og mosa.

Bláland-11

Hlutverk: Óþekkt, rétt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 60m SSA af bæjarhólnum er tóft upp við túngarðinn að utanverðu.

Lýsing

Tóftin sem er 5x6m að utanmáli, snýr samhliða túngarðinum frá vestri til austurs og hefur hlið verið við suðaustur-horn hennar. Veggir eru rofnir en algrónir, smáþýfðir, 30-60sm háir og um 1m á breidd.



Bláland-12

Hlutverk: Óþekkt, rétt?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Rúmlega 60m SA af bæjarhólnum er tóft upp við túngarðinn innanverðan.

Lýsing

Tóftin er 5x6m að utanmáli og snýr ANA/VSV og virðist vera tvískipt. Dyr eða hlið virðist hafa verið á báðum skammhliðum. Veggir eru algrónir grasi og mosa 20-40sm háir og um 1m á breidd.

Bláland-13

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Þúst

Staðhættir

Rúmlega 60m suðaustur af bæjarhólnum er tóft upp við túngarðinn innanverðan og sunnan hennar, utan túngarðs eru þúfur, þúst, sem virðist geta verið veggjaleifar.

Lýsing

Þústin er algróin grasi og mosa og 10-20sm há. Erfitt er að greina veggjalög en a.m.k. einn veggur virðist sæmilega greinilegur.



Bláland-14

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Við túngarðinn, tæplega 80m suðaustur af bæjarhólnum er fjárhústóft. Hún er um 15m norðaustur af fjárhústóft nr. 13.


Lýsing

Tóftin snýr norður/suður, 6x15m að utanmáli, fjárhús með garða til norðurs en heytóft hefur verið til suðurs. Dyr hafa verið nyrst á vestur langhlið og snúið mót vestri. Veggir eru 20-40sm háir og um 2m á breidd. Þeir eru þýfðir, að mestu grónir en sér í grjóti í garða og veggjum.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamat frá 1916-18 segir: „Peningshús úr sama efni og rúma 4 nautgr., 80 sauðfjár og 6 hross.“

(Fasteignamat 1916-1918. Bláland nr. 265. Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://jarðavefur.skjalasafn.is/>. Skoðaður þann 18.01.12).



Bláland-15

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Rúmlega 90m austur af bæjarhólnum, utan túngarðs er fjárhústóft.


Lýsing

Tóftin er í heild 15x20m að utanmáli, til vesturs virðast vera tvístæð hús og heytóft en til austurs er að líkindum rétt. Veggir eru að mestu grasi grónir en sér í einstaka grjóti, þeir eru 20-50sm háir og

2m á breidd. Dyr hafa snúið til vestur en hlið gæti hafa verið á réttinni til norðurs og suðurs.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamat frá 1916-18 segir: „Peningshús úr sama efni og rúma 4 nautgr., 80 sauðfjár og 6 hross.“ (Fasteignamat 1916-1918. Bláland nr. 265. Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://jarðavefur.skjalasafn.is/>. Skoðaður þann 18.01.12).



Bláland-16

Sérheiti: Felixarkofi

Hlutverk: Fjárhús, hesthús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 45m austur af bæjarhólnum er tóft, gripahús, mögulega það sem nefnt er Felixartóft í örnefnaskrá (sjá aðrar upplýsingar).

Lýsing

Tóftin snýr austur/vestur 8x13m að utanmáli. Hún er tvískipt, tvær krær og

garði til vesturs en mögulega heytóft til austurs, hún virðist yngri en vesturhelmingur og stendur hærra. Veggir eru 20-30sm háir og tæplega 2m á breidd. Tóftin er mögulega byggð á eldri minjum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir vestan bæinn hét Vesturhúsballi, gegnum túnið rennur Bæjarlækur, skammt austur af bænum var Felixarsléttu, á henni var kofarúst, sem hét Felixarkofi. [...] Munnmæli segja, að Felix hafi hengt sig þar. Þar þótti reimt.“ (Ö-Bláland-1, 1).



Mynd 36. Beðasléttur ná upp undir bæjarhólinn sem er til vinstri á mynd. Horft er til suðurs.

Bláland-17

Hlutverk: Beðaslétta


Tegund: Jarðræktarsvæði

Staðhættir

Í túninu beint norðan bæjarhólsins eru tvær beðasléttur sem liggur nokkurn veginn norður/suður.

Lýsing

Þær eru 14x17m að utanmáli og á milli þeirra eru um 40sm djúpar lægðir.



Bláland-18

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Norðaustan við túnið á Blálandi, tæplega 90m norðaustur af bæjarhólnum er garðlag í halla mót suðri, líklega matjurtagarður.

Lýsing

Garðurinn er 13x15m að utanmáli og liggur norðvestursuðaustur. Veggir eru 30-70sm að utanmáli og tæplega 2m á

breidd. Þeir eru nokkuð rofnir og að hluta hrundir.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati frá 1916-18 segir: „Matjurtagarður um 80 fðm² ræktaður, en gefur lítinn arð.“ (Fasteignamat 1916-1918. Bláland nr. 265. Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://jarðavefur.skjalasafn.is/>. Skoðaður þann 18.01.12).

Bláland-19

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur, tóft

Staðhættir

Tæplega 10m vestur af matjurtagarði nr. 18 er tóft og inn í henni niðurgröftur.

Lýsing

Tóftin er 1,8x2m að utanmáli, opin til suðvesturs. Suðausturveggur er lágur og illgreinanlegur en aðrir veggir reglulegir og niðurgröftur innan þeirra ferhyrndur. Veggir eru um 20-50sm háir og 1m á breidd, grasi grónir.

Bláland-20

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 80m norður af bæjarhólnum er tóft.

Lýsing

Tóftin er 3,5x5m að utanmáli og snýr norður/suður, með dyr eða hlið til suðurs. Veggir eru þýfðir, grónir grasi og mosa, allt að 30sm háir og um 1m á breidd. Tóftin samlagast nokkuð vel umhverfi sínu og virðist eldri en aðrar tóftir á bæjarstæðinu.





Mynd 37. Álfasteinar, steinn nr. 21 er nær á myndinni en steinn nr. 22 er fjær. Horft er til suðvesturs.

Álfasteinar. Heitið sýnir eðli þeirra.“ (Ö-Bláland-1, 1).

Bláland-21

Hlutverk: Huldufólksbústaður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á grónum mel sunnan eða suðaustan túns, rúmlega 100m suðaustur af bæjarhólnum eru tveir fremur stórir steinar.

Lýsing

Nyrðri steinninn er um 60sm hár og um 1,5x0,75sm að grunnmáli.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Austan túns eru tveir steinar allstórir, sem heita

Bláland-22

Hlutverk: Huldufólksbústaður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á grónum mel sunnan eða suðaustan túns, rúmlega 100m suðaustur af bæjarhólnum eru tveir fremur stórir steinar.

Lýsing

Syðri steinninn er um 30sm hár og um 70x70sm að grunnmáli.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Austan túns eru tveir steinar allstórir, sem heita Álfasteinar. Heitið sýnir eðli þeirra.“ (Ö-Bláland-1, 1).



Bláland-23

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í lyngi gróinni laut um 250m suðvestur (VSV) af túninu á Blálandi er stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin snýr nokkurn veginn norður/suður, króin til norðurs en réttin til suðurs og á henni hlið á suðaustur-horni.

Innangengt er í króna sem liggur

um 30sm hærra en réttin. Tóftin er 5x7m að utarmáli, veggir grasi og mosa grónir, 30-60sm háir og rúmlega 1m á breidd. Veggir eru þýfðir og tóftin virðist nokkuð gömul.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Vestan við túnið eru Blálandsmelar, vestan við þá er Stekkjarlaut, [...]“ (Ö-Bláland-2, 1).

Bláland-24

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í lyngi gróinni laut um 250m suðvestur (VSV) af túninu á Blálandi er stekkjartóft (nr. 23) og um 50m suðvestur af henni er önnur stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin snýr norðaustur/suðvestur, 7x8m að utanmáli. Réttin er til norðvesturs en króin til suðausturs, hlið hafa verið á hvorutveggja og snúið til NA. Tóftin er hlaðin upp undir smá brekku eða bakka sem gegnir hlutverki vesturhliðar. Veggir eru um 20-60sm háir og um 1m á breidd. Króin stendur hærra en réttin.



Mynd 38. Varða. Horft er til vesturs heim að Blálandi.

Bláland-25

Hlutverk: Óþekkt, smalavarða?

Tegund: Varða

Staðhættir

Á ógrónu holti tæplega 200m austur af bæjartóftinni (nr. 2) er lítil hleðsla eða varða.

Lýsing

Aðeins er um að ræða nokkra steina sem sett hafa verið saman og óvíst er um aldur. Varðan er um 20sm há.



Mynd 39. Horft er til VSV heim að Blálandi.

Bláland-26

Hlutverk: Óþekkt, smalavarða?

Tegund: Varða

Staðhættir

Á lítt grónu holti um 320 ANA af bæjartóftinni (nr. 2) er lítil hleðsla eða varða.

Lýsing

Nokkrum steinum hefur verið raðað saman en ekki er um eiginlega vörðu að ræða. Hleðslan er um 20sm á hæð.

Bláland-27

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Efst á ógrónu holti um 490m austur af bæjartóftinni (nr. 2) á Blálandi er varða.

Lýsing

Varðan er hlaðin úr nokkuð stórum steinum en aðeins hefur hrunið úr henni. Hún er um 1x1m að grunnmáli og um 40sm há.



Mynd 40. Horft er út Hallárdal til vesturs. Varða nr. 27

Bláland-28

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 60m austur af bæjarstæðinu á Blálandi er mógröf.

Lýsing

Mógröfin er um 300m² og um 1,5m djúp.



Mynd 41. Horft yfir mógrafirnar til suðvesturs.

Bláland-29

Hlutverk: Sel?


Tegund: Tóft

Staðhættir

Rúmlega 400m NNA af bæjarstæðinu á Blálandi, um 15m frá árbakka Hallár er tóft.

Lýsing

Tóftin er algróin og virðist gömul. Hún er 8x11m að utanmáli, snýr NNV/SSA og skiptist í að minnsta kosti fimm hólfa en mögulega fleiri þar sem að þúfur eru við norðausturhorn sem gætu verið leifar veggja. Veggir eru 20-60sm háir og rúmlega 1m á breidd. Tóftin er vel greinileg en orðin þýfð og tekin að samlagst umhverfi sínu.





Mynd 42. Varða nr. 30. Horft er til suðvesturs.

Bláland-30

Hlutverk: Óþekkt, smalavarða?

Tegund: Varða

Staðhættir

Á lyngi grónu holti um 530m norðaustur af bæjarstæðinu á Blálandi er varða.

Lýsing

Varðan er um 30sm há og rúmlega 1x1,5m að grunnmáli.



Mynd 43. Varða á lágu holti, horft er til suðvesturs heim að Blálandi.

Bláland-31

Hlutverk: Óþekkt, smalavarða?

Tegund: Varða

Staðhættir

Á lítt grónu holti um 600m norðaustur af bæjarhólnum á Blálandi er varða.

Lýsing

Varðan er um 20sm há og rúmlega 1x1m að grunnmáli.

Bláland-32

Hlutverk: Óþekkt, stekkur, beitarhús


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í mólendi vestan Nóngilsskriðu, tæplega 2km NNA af Blálandi og innan við 100m ofan við Hallá eru tvennar tóftir.

Lýsing

Nyrðri tóftin er 5x9m að utanmáli og snýr norðaustur-/suðvestur. Tóftin er tvískipt og hafa dyr verið til suðvestur og að líkindum innangengt á milli hólfa. Veggir eru algrónir og komnir í þúfur, 20-40sm háir og 1m á breidd. Hlutverk er óvíst en útlit bendir helst til að um stekk eða beitarhús geti verið að ræða.



Bláland-33

Hlutverk: Óþekkt, rétt?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í mólendi vestan Nóngilsskriðu, tæplega 2km NNA af Blálandi og innan við 100m ofan við Hallá eru tvennar tóftir.

Lýsing

Syðri tóftin er rétt rúmlega 3m suður af tóft nr. 32. Hún er algróin og veggir komnir í þúfur, þeir eru 20-30sm háir og um 1m á breidd. Engar dyr eru sjáanlegar.

Bláland-34

Sérheiti: Nóngil

Hlutverk: Eyktarmark

Tegund: Náttúruminjar

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „[...] austur af Hólahlíð er Nóngil, norðan við það Nóngilsskriða [...]“. (Ö-Bláland-2, 1).

Lýsing

Hnit voru tekin af loftmynd eftir lýsingum í örnefnaskrá og landamerkjaskrá.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Nóngil er á merkjum að austan. Þar er nón frá Sæunnarstöðum.“ (Ö-Bláland-1, 1).

Bláland-35

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir

Gata liggur úr Engjadal út Hallárdal að sunnanverðu og liggur ofan við Bláland og beygir þar til suðurs.

Lýsing

Gatan er vel greinileg á köflum og var hún að hluta skráð á vettvangi en að hluta af loftmynd þar sem hún sést víðast hvar greinilega. Gatan er greinileg í landi Þverár, Sæunnarstaða, Blálands og Kjalarlands.

Bláland-36

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í landamerkjaskrá Hafursstaða segir: „[...] þaðan eru merkin milli Blálands og Kjalarlands beint ofan fjallið, ofan í kringlóttan vörðumel, fyrir austan Kjalarlandsdökkir; [...]“ (Landamerkjaskrá Austur-Húnavatnssýslu (1889), nr. 94).

Lýsing

Engin varða fannst á merkjum Blálands og Kjalarlands við skráningu sumarið 2011.

Samantekt

Sumarið 2012 fór fram fornleifaskráning á fimm jörðum í Hallárdal í Skagabyggð. Jarðirnar eru Vakursstaðir, Sæunnaðstaðir, Bergsstaðir, Þverá og Bláland. Dalurinn hefur að líkindum byggst á fyrstu öldum Íslandsbyggðar og þar var búið fram undir miðja 20. öld, lengst á Sæunnaðstöðum sem fóru í eyði árið 1944. Tún jarðanna hafa ekki verið vélslettuð og því fjölmargar vel varðveittar minjar bæði innan túna sem utan og dalurinn í heild vel varðveitt minjaheild.

Alls voru skráðar 303 minjar upp úr heimildum og á vettvangi og voru aðeins fjórar minjar sem ekki var hægt að staðsetja með óyggjandi hætti. Óstaðsettar minjar eru því aðeins rúmlega 1% sem skýrist að líkindum að mestu af því að jarðirnar voru allar farnar í eyði fyrir miðja 20. öld og að þar hefur aldrei verið unnið með stórtækum vinnuvélum. Aðrar skýringar eru fæð heimildamanna og rýrar skriflegar heimildir.

Jörð	Fjöldi fornleifa	Staðsettar horfnar minjar	Óstaðsettar/horfnar minjar	Hlutfall horfinna/-óstaðsettra minja
Vakursstaðir	45	1	2	4 %
Sæunnaðstaðir	80	1	1	1 %
Bergsstaðir	70	3	0	0 %
Þverá (m. Vöglum)	72	1	0	0 %
Bláland	36	0	1	3 %
Samtals	303	0	4	1,3%

Minjar í landi Vakursstaða

Bæjartóftin (nr.1) með sambyggðu fjósi (nr. 2) er vestast í túninu, sunnan við heimreiðina (nr. 6). Útihúsatóft (nr. 3) er framan við bæjartóftina og sunnan bæjar er hóll sem líklegt er að sé öskuhaugur (nr. 4). Fjárhústóft (nr. 5) er austan við bæinn og eldri tóft (nr. 7) sunnan hennar. Sunnan við túnið er Álagabrekka þar sem ekki mátti slá (nr. 8). Útihúsatóftir, réttir og stekkir (nr. 11-14) eru við austurhlið túngarðsins (nr. 9) og ein (nr. 10) við túngarðsendann syðst í túni. Nyrst og efst í túni er hesthústóft (nr. 15) og utan við túngarðinn eru tóftir og garðlög (16, 17, 19-21). Vestast í túni en norðan heimreiðar er mögulega tóft (nr. 18). Gegnt bæjartóftinni, vestan bæjarlækjar eru þrennar tóftir (nr. 22, 24-25) og skurður (nr. 23). Annað garðlag (nr. 26), hugsanlega eldri túngarður er vestan við túnið og þar eru tóftir sem virðast nokkru eldri en bæjartóftirnar. Þar er rétt (nr. 27) og tóftir (nr. 28, 30 og 31) og hugsanlega híbýlatóft (nr. 29). Rúmlega 200m vestur af túninu eru tvennar tóftir, ein vel greinilega (nr. 32) en önnur ógreinilegri nr. (33). Aðrar tóftir fundust ekki vestan við túnið en austan þess er að finna fjölda minja. Austur og norðaustur af túninu er skriða og austan í henni drag og í því neðarlega stekkjartóft (nr. 36), ofar er garðlag (nr. 35) og enn ofar á lítt grónum mel í skriðujaðrinum er hleðsla (nr. 34). Ofarlega í svonefndum Seljadal er grjóthlaðinn kofatóft (nr. 41), líklega smalakofi. Neðan við mynni Seljadalssins er tóft (nr. 40) en hlutverk hennar er óvíst. Mógröf (nr. 39) er um 1,1km ANA af bæ og skammt vestan hennar á skriðu er lítil grjóthlaðin tóft (nr. 38) upp við stóran stein. Á grónum áreyrum Um 900m innan eða austan við bæ er stekkjartóft (nr. 37). Tvennar litlar mógrafir (nr. 42) eru við norðurbakka Hallár um 600m austur af túninu.

Minjar í landi Sæunnarstaða

Bæjartóftin (nr. 1) á Sæunnarstöðum er norðarlega í túni og við bæinn var áfast fjós (nr. 2). Suðvestan við bæjartóftina er hesthústóft (nr. 3) og beint suður af bænum kálgarðar (nr. 4). Gryfja, líklega heygryfja er framan við bæinn (nr. 5) og beint austur af bænum tóft (nr. 6) og önnur tóft (nr. 7), að líkindum báðar útihúsatóftir. Heimreiðin (nr. 8) hafur legið bæði til austurs og vesturs frá bænum og má greina hana í túninu, einkum austan bæjar og er op á túngarðinum þar sem líklega hefur verið hlið. Túngarður (nr. 12) er að hluta til vestan, sunnan og austan við túnið og hefur túnið augljóslega verið stækkað til norðurs fyrir 1920 þegar túnakortið var gert. Norðan við bæjartóftina eru þrennar útihúsatóftir (nr. 9-11). Fjölmargar tóftir eru í túninu suðvestan og sunnan við bæinn. Vestan við bæjarlækinn er lítil tóft (nr. 13) og sunnan við hesthústóftina er lítil tóft (nr. 14). Lítill hóll, möguleg öskuhóll (nr. 15) er um 60m suður af bænum og suðvestan við hann tóft (nr. 16). Fimm tóftir (20-22, 24-25) og einn hóll eða þúst (nr. 23) eru 90-140m suður og suðaustur af bænum. Líklega tvennar fjárhústóftir og hitt að líkindum einnig gripahús. Við túngarðinn, suðvestur af bænum eru tvennar fjárhústóftir (nr. 17 og 19). Fjárhústóftir (nr. 27 og 28) eru við túnjaðarinn austanverðan ásamt fleiri tóftum (nr. 26 og nr. 29-30). Garðlag (nr. 75) liggur til suðurs frá tóft nr. 27. Vestan við framangreindar tóftir er önnur tóft (nr. 33) og norðan hennar þúst (nr. 34) sem virðist vera manngerð. Bæjarlækur heitir lækurinn austur af bænum og fellur hann um Kvíagil. Upp með læknum ofan við útihúsatóftirnar eru myllutóft (nr. 31) og enn ofar er matjurtagarður (nr. 32). Eru þá taldar minjar í og við tún. Austan bæjar heitir Kollugerði og þar er tóft (nr. 35). Neðan við gerðið er vegur sem liggur fram Hallárdal og neðan hans tóft, mögulega heytóft (nr. 36). Um 360m vestur af túninu er grjóthleðsla (nr. 37). Rúmlega 500m vestur af túninu heitir Stekkjarlaut og þar er fjöldi tófta og að minnsta kosti fimm þeirra réttir eða stekkjartóftir (nr. 38-40 og 42-43). Hlutverk annarra tófta/þústa (nr. 41, 44-47) í lautinni er óþekkt. Á lítt grónum mel um 1,2km vestur af bænum er hleðsla, líklega varða (nr. 48). Vestan við melinn er Náttmálaflói en hann var eyktarmark frá Sæunnarstöðum. Vestan við flóann eru mógrafir og tóftir (nr. 50 og 51) og sunnan við grafirnar garðlag (nr. 49) en hlutverk þess er óþekkt. Um 1,5km VSV af bænum heitir Tóftar- (Tóttar) skriða og neðarlega á henni er nokkur fjöldi tófta (nr. 55-59) og hefur að líkindum verið búið þar í einhvern tíma. Tvennar götur liggja til norðausturs frá tóftunum (nr. 60 og 61). Austur af skriðunni eru mógrafir (nr. 52) og á lítt grónum mel austan við þær er hleðsla (nr. 53). Á hól neðan við veginn, rúmlega 1,2km VSV af túninu á Sæunnarstöðum er tóft, hugsanlega rétt og stekkur (nr. 54). Mógröf er í Sæunnarstaðaenginu um 600m suðvestur af túninu og eru þá taldar minjar norðan Hallár. Sæunnarstaðir eiga einnig töluvert land sunnan ár, frá Nóngili í vestri Merkjaskriðu í austri. Nóngil er á mörkum Sæunnarstaða og Blálands en það var eyktarmark (nr. 77) frá Sæunnarstöðum. Á bláenda Nónskriðu við Hallá er garðlag (nr. 63) og þúst við það (nr. 62). Fremst á lágrí hæð, um 1,6km norðvestur frá túninu á Sæunnarstöðum er tóft (nr. 64), mögulega af beitarhúsi. Austur undir enda skriðu, um 1,1km suðvestur af túninu á Sæunnarstöðum eru tvennar tóftir (nr. 65 og 66). Um 900m suðvestur af túninu í vesturjaðri skriðu er einnig tóft (nr. 67), hugsanlega rétt. Næstu minjar eru í brekkurótum, vestan Haukagils, um 650m suðaustur af túninu, þar eru tvennar tóftir (nr. 68 og 69). Á Haukaskriðu eru þrennar tóftir, seltóft (nr. 70) og mögulega gripahús (nr. 71 og 72). Efst við skriðujaðarinn er óljóst tóft (nr. 73). Gata (nr. 78) liggur við fjallsræturnar í Hallárdal sunnanverðum og liggur hún í gegnum land Þverár, Sæunnarstaða og Blálands.

Minjar í landi Bergsstaða

Bæjarhóllinn (nr. 1) er vestast í túninu og á honum stóðu samkvæmt túnakorti bær (nr. 2) og önnur fénaðarhús og var m.a. annars fjósið (nr. 3) áfast bænum. Óvíst er við hvaða önnur fénaðarhús er átt. Niðurgroftur (nr. 9) liggur frá bænum og út að bæjarlæknum og þar hefur að líkindum verið veitt vatni inn í bæinn. Framan við bæinn er þúst (nr. 4) en óvíst hvað þar hefur verið. Suðaustur undir bæjarhólnum eru beðasléttur. Fjölmargar tóftir eru í og við tún. Heimreiðin hefur legið ofan við bæinn og eru nokkuð djúpar traðir þar og liggja bæði til austurs og vesturs frá bænum. Suðvestur undan bæjarhólnum er rétt (nr. 5) og sunnan við hólinn tóft (nr. 9). Lækur rennur vestan við hólinn og við hann er tóft sem að líkindum er annaðhvort myllutóft eða brunnhús (nr. 7). Vestan við lækinn er tóft, líklega rétt og kannski útihús (nr. 6). Skurður (nr. 68) liggur suður frá túninu í átt að Hallá. Suðaustur af bæjarhólnum eru tveir hólar nefndir Litli- og Stóri-Einbúi og á þeim báðum eru tóftir, á Litla-Einbúa er tóft (nr. 11) og tóft og garðlag (nr. 12-13) á Stóra-Einbúa. Norðan við bæinn á svonefndum Vestari-Bæjarhól er tóft (nr. 15) og við bæjarhólinn og tröðina er önnur tóft (nr. 14). Tóft (nr. 17) og garðlag (nr. 16). Á hól austur af bæjarhólnum er fjárhústóft (nr. 18) og suðvestan hennar önnur tóft (nr. 19). Suðvestan við fjárhústóftina eru hóll (nr. 21) og þúst (nr. 20). Önnur fjárhústóft (nr. 22) er rúma 100m frá bæ og austan hennar óþekktar mannvistarleifar (nr. 69). Suðaustur af fjárhústóftinni er rétt eða stekkur (nr. 24) og önnur tóft minni (nr. 23). Á hól um 100m ANA af bæjartóftum er tóft, merkt fjárhús (nr. 25) á túnakorti og norðan hennar önnur tóft (nr. 26). Drag er ofan við hólinn þar sem virðast vera vegghleðslur (nr. 27). Tvennar tóftir (nr. 28 og 29), mögulega litlir kofar eru rúmlega 130m austur og ANA af bæjarhólnum. Vestan við Vestari-Bæjarhól er huldufólksbústaður (nr. 31).

Minjar í landi Þverár og Vagla

Íbúðarhús úr timbri (nr. 1) var reist á Þverá 1847. Við það voru eldhús og búr úr torfi (nr. 2). Vestan við íbúðarhúsið var hestarétt (nr. 3) og austan og norðaustan við húsið voru hesthús (nr. 4), hlaða (nr. 5), vatnsranghali (nr. 6) og fjós (nr. 7). Suðvestan við íbúðarhúsið var skemma (nr. 8) og smiðja (nr. 9) auk tóftar (nr. 10) sem er óvíst hvað var. Heimreiðin (nr. 11) liggur til suðvesturs og vesturs frá bænum. Sunnan hennar er tóft (nr. 12). Frá heimreiðinni til suðurs að Þverá var áður gata sem merkt er á túnakort og hefur líklega verið gatan sem lá að fjárhúsunum sem liggja sunnan ár. Þverá rennur vestan við bæjarstæðið og túnin og á austurbakka hennar eru tóftir gripahúsa (nr. 14 og 15). Bæjartóftirnar og stærsti hluti túnsins eru á bökkum ofan árinna og á brekkubruninni eru tóftir (nr. 16, 18-19), að líkindum einhverskonar útihús og garðlag (nr. 17). Tvískipt tóft (nr. 20) er í túninu um 80m norðaustur af bæjartóftunum. Fjárhústóftir (nr. 24 og 24) eru nyrst og austast í túninu og á milli þeirra tóft (nr. 23), einhverskonar gripahúsa. Norðan við þær er tóft (nr. 22). Utan um túnið að norðan, austan og sunnan er handgraffinn skurður (nr. 25) og fleiri skurðir (nr. 27) á spildunni milli túnsins og Hallár. Beðasléttur (nr. 26) eru efst í túni, um 100m norðaustur af bænum. Garðlag (nr. 28) er tungunni milli Hallár og Þverár. Syðst í túninu, við Hallá eru garðlög (nr. 29), hugsanlega kvíar og önnur tóft (nr. 30) er skammt frá Hallá, austan við syðsta hluta túnsins. Hluti túnsins var sunnan við Hallá og þar eru tvennar fjárhústóftir (nr. 37 og 38) og skammt sunnan tóftar (nr. 38) er lítil tóft (nr. 39). Eru þá taldar minjar í og við túnin. Rúmlega 200m sunnan og ofan við tóftirnar eru stekkjartóft (nr. 40). Vestan við Þverá, á árbakkanum er grjóthlaðin rétt (nr. 60) og á gömlum árbakka ofan hennar eru tvennar tóftir,

